

MEÐAL ANNARRA ORÐA

Um aðferðafræði og vinnubrögð við ritun ævisögu Halldórs Laxness

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Halldór 1902-1932.

Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness. Almenna bókafélagið. Reykjavík 2003.

Fyrri hluti

„Meginverkefnið var að reyna að nálgast Halldór, fylgja honum eftir á lífsleiðinni,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson um bók sína *Halldór 1902-1932. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness* í greinargerð sem hann lagði fram á blaðamannafundi 8. janúar 2004.¹ Bókin kom út í lok nóvember 2003 sem fyrsta bindi af þremur og hafði þegar vakið mikla umræðu. Strax í byrjun desember var hún tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, ein af fimm bókum í flokki fræðiritra og bóka almenns efnis,² en slík tilnefning er ein mesta viðurkenning sem íslensku fræðiriti getur hlotnast, jafnvel þótt það hljóti ekki sjálf verðlaunin. Bókin fékk fljótlega mjög góða dóma hjá ritdómara *Morgunblaðsins* sem taldi hana brautryðjandaverk þar sem ævisögu Halldórs Laxness hefði lengi verið beðið, og ætti höfundur hrós skilið fyrir „ágæt vinnubrögð“ og „aðferð sem ekki verður gagnrýnd“.³ Skömmu síðar kom hins vegar fram alvarleg

1 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Greinargerð frá Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni lögð fram á blaðamannafundi 8. janúar 2004,“ *Morgunblaðið* 9. janúar 2004, bls. 28, dálkur 2.

2 Greinargerðinni fylgdi frétt af blaðamannafundinum, „Ég gerði ekkert óheildarlegt, framdi engan ritstuld,“ *Morgunblaðið* 9. janúar 2004, bls. 27.

3 Í þriggja manna úthlutunarnefnd voru Ólafur Þ. Harðarson, Salvör Nordal og Snorri Már Skúlason.

3 Björn Þór Vilhjálmsson, „Skáldatími,“ *Morgunblaðið* 16. desember 2003, B, bls. 3. Sjá einnig „Reykjavíkurbréf,“ *Morgunblaðið* 21. desember 2003, bls. 44-45, en þar eru langir kaflar úr ritdómnum teknir orðrétt upp.

gagnrýni á fræðileg vinnubrögð höfundar þar sem einkum var bent á notkun hans á rannsóknum og textum annarra án þess að heimilda væri nægilega eða rétt getið. Einnig var bent á staðreyndavillur, rangar ályktanir og lélegan frágang.⁴ Það var til að svara þessari gagnrýni að Hannes boðaði til ofangreinds blaðamannafundar og lagði fram sitt varnarskjal. Þar viðurkennir hann að sér hafi orðið á „smávægileg ónákvæmni“ og „einhverjar villur“,⁵ en hafnar ásökunum um „ritstuld eða óheiðarleg vinnubrögð“⁶, og sé þetta „herferð“ gegn sér sem stjórnist „af öðrum og annarlegri hvötum en sannleiksást“.⁷

Í þessari grein verður sjónum beint að vinnubrögðum Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar við ævisöguritunina. Í fyrri hluta hennar verður fjallað um það hvernig Hannes yfirtekur texta Halldórs Laxness og gerir að sínum, en í þeim síðari hvernig hann á sama hátt nýtir sér efni úr ritum fræðimanna, einkum Peters Hallberg. Rétt er að leggja áherslu á að textataka Hannesar er það umfangsmikil að í greininni er einungis hægt að birta örfá sýnidæmi um vinnubrögð hans.⁸

4 Sbr. Páll Björnsson, Kastljós, RÚV, 18. desember 2003; Gauti Kristmannsson, Víðsjá, Rás 1, 22. desember 2003; Páll Baldvin Baldvinsson, Ísland í dag, Stöð 2, 22. desember 2003; Helga Kress, „Fyllt í gap,“ *Lesbók Morgunblaðsins* 27. desember 2003, bls. 16; Bjarki Bjarnason, „Hannes og Halldór,“ *Morgunblaðið* 30. desember 2003, bls. 27. Sjá einnig Gauti Kristmannsson, „Plagiat sem aðferð og hefð við Háskóla Íslands?“ *Morgunblaðið* 14. janúar 2004, bls. 29; Gauti Kristmannsson, „Úr Innansveitarkroniku Laxness,“ *Lesbók Morgunblaðsins* 17. janúar 2004, bls. 6; Sverrir Hermannsson, „Utansveitarkronika,“ *Morgunblaðið* 19. janúar 2004, bls. 21; Símon Steingrímsson, „Hannes tekur til láns,“ *Morgunblaðið* 21. janúar 2004, bls. 40; Þá má benda á umræðu þeirra Gauta Kristmannssonar, Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, Gísla Gunnarssonar og Eyjólf Kristjánssonar á vefritinu www.kistan.is.

5 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Greinargerð,“ bls. 29, dálkur 4.

6 Sama, bls. 28, dálkur 1.

7 Sama, bls. 29, dálkur 4. Þetta eru alþekkt viðbrögð við gagnrýni af þessu tagi, sbr. mál bandarísku sagnfræðinganna Stephen Ambrose og Doris Kearns Goodwin sem bæði urðu uppvís að ritstuldi í metsölubókum sínum um sögufrægt fólk. Mál þeirra komu upp svo til samtímis í ársbyrjun 2002. Þau vöktu gífurlega athygli og voru mjög til umræðu í bandarískum fjölmiðlum, þar sem gagnrýnendur voru ýmist sakaðir um persónulegar árásir, nornaveiðar, ofstæki, öfund, hagsmunatengsl eða vinstrimennsku. Um þetta og fleira varðandi ritstuld má m.a. lesa á vefsíðu HNN (*History News Network*), www.hnn.us, undir tenglinum „Plagiarism“. Sjá einnig Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Ein fjöður orðin að fimm hænum,“ *Morgunblaðið* 15. janúar 2004, bls. 34, og „Sagnfræði og sagnlist,“ *Lesbók Morgunblaðsins* 17. janúar 2004, bls. 16.

8 Um frekari rökstuðning, sjá skýrslu Helgu Kress, Eftir hvern? Skýrsla um meðferð texta og tilvitnana í bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, *Halldór. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness 1902-1932*. <http://www.hi.is/~helga>, undir vefrit.

Að grípa hugblæinn

Um vinnubrögð sín segir Hannes að þau hafi hann m.a. lært af Halldóri Laxness sem hafi unnið mjög úr textum annarra, en sá sé munurinn á ævisöguritari og skáldi, að ævisöguritaranum séu settar tvennar skorður sem skáldið sé óbundið af. Hann verði að hafa það „sem sannara reynist, ekki aðeins það, sem betur hljómar,“ og hann verði að geta heimilda. „Það gerði ég svo sannarlega,“ segir Hannes, „bæði í eftirmála mínum og jafnóðum, eftir því sem þurfa þótti.“⁹

Bók Hannesar er sett saman úr textum eftir aðra. Um þessa texta getur hann sjaldnast heimilda heldur setur fram sem sína eigin. Þetta útskýrir hann með því að svona vilji almenningur hafa þetta. Bókin sé „ævisaga handa almenningi“ og slík saga þurfi að vera „aðgengileg, krydduð sögum og stílbrögðum, jafnvel skáldlegu ívafi“, sem verði þó „að vera stutt heimildum“. Verkefni ævisöguritarans sé að „gæða frásögnina lífi, lýsa aðstæðum og atvikum á þann hátt, að lesendur finni af þeim bragð og keim.“¹⁰ Um þetta segist hann hafa farið „í smiðju til Halldórs Kiljans Laxness og margra annarra,“ auk þess sem hann hafi reynt að temja sér „hlutlægan frásagnarhátt í anda Íslendingasagna frekar en huglægan, þar sem beitt er eins konar heilaspuna í stað traustra heimilda“.¹¹ Þó hafi hann stöku sinnum gripið til stílbragða úr skáldsögum Halldórs, eins og sér hafi „að sjálfsgöðu“ verið heimilt, og minningabækur hans hafi hann nýtt sér á þann hátt að „breyta frásögninni“ á þann veg að hún „felli að eðli og þörfum“ bókarinnar. Til þess hafi hann „fullt leyfi samkvæmt viðurkenndum fræðireglum“.¹²

Þetta er ekki rétt. Samkvæmt alþjóðlegum og viðurkenndum fræðireglum ber höfundi að vísa vandlega til heimilda sinna, bæði hvað varðar rannsóknir og texta, þannig að ekki fari á milli mála hvað sé hans og hvað annarra, og gildir þetta jafnt um ævisögur sem önnur rit. Annað er „plagiarismi“, eða það sem á íslensku kallast ritstuldur. Hann er þannig skilgreindur í viðurkenndu innlendu uppsláttarriti:

9 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Greinargerð,“ bls. 28, dálkur 2.

10 Sama, dálkur 2.

11 Sama, dálkur 2-3.

12 Sama, dálkur 3.

ritstuldur (á frönsku: *plagiat*, eftir latínu: *plagiare*, ræna fólki) gerir einkum vart við sig innan fagurbók. og fræðimennsku og er í því fólgin, að ákveðinn höf. tekur hugsmíð eða rannsókn annars manns traustataki og birtir á prenti sem sitt eigið verk.¹³

Í greininni „Plagiarism: A Mislplaced Emphasis“ frá 1994 fjallar ástralski vísindafræðingurinn Brian Martin um helstu einkenni ritstuldar og setur fram skilgreiningu í sex liðum:¹⁴

1. *Orðréttur ritstuldur* er augljósasta tegund ritstuldar, en það er þegar setningar eru teknar orðréttar úr birtu verki án þess að auðkenndar séu með gæsalöppum og/eða vísað sé til heimildar.

2. *Endursagnarritstuldur* er þegar orðum hefur verið breytt og setningum hnikað til. Þetta er sérstaklega alvarlegt að mati Martins ef illa eða ekki er vísað til frumtexta. Til þessarar tegundar má telja þá aðferð að vitna til færri orða en þeirra sem tekin eru, t.a.m. með því að auðkenna aðeins fyrstu eða síðustu setningu í lengri kafla, en láta sem annað sé frumsamið.¹⁵

3. *Heimildastuldur* er þegar höfundur tekur heimild úr fræðiriti annars og vísar til hennar sem frumheimildar án þess að hafa rannsakað hana eða jafnvel séð. Þetta er sérstaklega alvarlegt ef höfundur getur ekki þeirrar heimildar sem hann sótti upplýsingarnar til en lætur sem hann hafi sjálfur unnið með frumheimildina.

4. *Rannsóknastuldur* er þegar höfundur tekur rannsóknaspurningar, röksemdafærslu og rannsóknaniðurstöður úr birtu verki eftir annan og setur fram sem sínar eigin.

5. *Hugmyndastuldur* er algengasta tegund ritstuldar, en það er þegar hugmynd er tekin frá öðrum án þess að vitnað sé til heimildar. Til þessarar tegundar gæti það einnig talist þegar rannsóknahugmynd eða

13 Hannes Pétursson, *Bókmenntir*, bls. 81. Sjá einnig *Ensk-Íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi*, bls. 780, en þar er „plagiarism“ þýtt sem ritstuldur. Um nánari skilgreiningu, sjá Joseph Gibaldi, *MLA Style Manual and Guide to Scholarly Publishing*, bls. 151 o.áfr. Sjá einnig „Plagiarism: Its Nature and Consequences“ í *Guide to Library Research*,“ www.lib.duke.edu/libguide/plagiarism.htm; og Robert Harris, „Anti-Plagiarism Strategies for Research Papers“, www.vitualsalt.com/antiplag.htm. Um sögu ritstuldar, sjá Thomas Mallon, *Stolen Words. The Classic Book on Plagiarism*.

14 Brian Martin, „Plagiarism: A Mislplaced Emphasis“, bls. 36-47.

15 Sjá einnig Robert Harris, „Anti-Plagiarism Strategies for Research Papers.“

viðskiptahugmynd, eins og t.a.m. hugmynd að bók eða verki, er tekin frá öðrum.

6. *Stofnanaritstuldur* er algengur í opinberri stjórnáslu, hjá stofnunum og stórfyrirtækjum. Hann lýsir sér í því að aðstoðarmenn skrifa ræður fyrir yfirmenn og stjórnendur sem flytja þær síðan í eigin nafni. Með grein sinni vill Martin vekja athygli á þessari tegund ritstuldar sem hafi orðið útundan í þeirri athygli sem hinar fimm tegundirnar hafa fengið.

Í greinargerð sinni segist Hannes ekki hafa neinu að leynd og hann telur upp fjölda rita sem hann ýmist „nýtti“ sér,¹⁶ „studdist við“¹⁷ eða „fléttaði“¹⁸ inn í frásögn sína, allt eftir því sem hann kallar „þarfir verksins“.¹⁹ Í greinargerðinni kemur líka fram að Hannes er mjög á móti því að klippa og líma, því þá yrði verkið „klippiverk“²⁰ og ekkert bættist við. „Það á að laga texta að þörfum verksins í stað þess að láta sér nægja að klippa og líma saman efnishlutana og setja utan um þá gæsalappir.“²¹ En þetta virðist vera hugmynd hans um fræðileg vinnubrögð. Bók hans er nefnilega hvorki „skólaritgerð“,²² „prófritgerð“,²³ „lokaritgerð“²⁴ eða „doktorsritgerð“,²⁵ heldur eru þarfir hennar að vera „fróðleg og skemmtileg“²⁶ með „andrúmslofti“ og „hugblæ“.²⁷ En til að uppfylla þarfir bókarinnar þurfti Hannes að leita í verk annarra. Aðspurður sagði hann „vera á móti því að finna hjólið upp aftur, og í þeim tilfellum sem hann hefði fundið góðar lýsingar annarra, lýsingar sem gripu andrúmsloftið mjög vel, hefði hann þess vegna notað þær“.²⁸ Verkefni sitt hefði verið „að skrifa læsilega og skemmtilega bók, og því hafi hann

16 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Greinargerð“, bls. 28, dálkur 1, 1, 2, 3.

17 Sama, bls. 28, dálkur 1, 3, 3; bls. 29, dálkur 1, 3, 4.

18 Sama, bls. 28, dálkur 1, 2.

19 Sama, dálkur 1, 2, 2, 3, 3.

20 Sama, dálkur 3.

21 Sama, dálkur 2.

22 Sama, dálkur 2.

23 Sama, dálkur 1.

24 Sama, dálkur 2.

25 Sama, dálkur 3; og bls. 29, dálkur 3.

26 Sama, bls. 28, dálkur 3.

27 Sama, dálkur 2, 3; og bls. 29, dálkur 3; „Ég gerði ekkert óheiðarlegt, framdi engan ritstuld“, bls. 27, dálkur 3, 4.

28 Sama, bls. 27, dálkur 5.

stuðst á þennan hátt við skáldið, til að fanga hugblæ og andrúmsloft.“²⁹ Sem dæmi um þetta nefnir Hannes frásögn Halldórs Laxness af miðilsfundi í San Diego hann hafi notað „mjög mikið, eftir að hafa tekið úr henni kiljönskuna og annað sem einkenndi stíl Halldórs“.³⁰ Þannig telji hann sig ekki vera að „stela texta“ frá skáldinu. „Ég er bara að reyna að grípa andrúmsloftið og hugblæinn.“³¹ Með þessari miklu áherslu á þarfir verksins og þjónustu við almenning réttlætir Hannes vinnubrögð sín þar sem allt er í rauninni leyfilegt. Niðurstaðan er fræðilega óverjandi.

Klippiverk

Bók Hannesar er mikil að vöxtum, 620 þéttskrifaðar blaðsíður með nafnaskrá og eftirmála. Engin heimildaskrá fylgir en er boðuð í þriðja bindi verksins. Myndir eru í bókinni en myndaskrá vantar. Eins og fram kemur í titli bókarinnar fjallar hún um fyrstu þrjátíu árin í ævi Halldórs Laxness,³² eins fremsta og frægasta rithöfundar íslensku þjóðarinnar. Um sama efni hafa verið skrifaðar nokkrar bækur áður og kemur það sér vel fyrir höfund þessarar bókar.³³

Bókin skiptist í átta meginkafla eftir tímabilum í ævi skáldsins. Hver þessara kafla greinist síðan í undirkafla þar sem hinum ýmsu viðfangsefnum eru gerð skil og sögur sagðar, yfirleitt í þeirri tímaröð sem þær eiga að hafa gerst. Það sem einkennir þessa bók umfram annað og gerir hana einstæða í íslenskri menningarsögu er að hún er sett saman úr óhemju magni af textum eftir aðra og hefur höfundur sannarlega verið

29 Sama, dálkur 4.

30 Sama, dálkur 5.

31 Sama, dálkur 3.

32 Millinafnið Kiljan tók Halldór Laxness upp við kaþólska skírni sína í ársbyrjun 1923 og notaði það í höfundarnafni sínu til 1963 þegar hann lagði það niður frá og með *Skálda-tíma* sem kom út það ár. Sjálfur valdi Halldór að sleppa því úr höfundarnafni sínu og er það því ekki notað hér.

33 Grundvallarritið um ævi Halldórs Laxness á þessu tímabili er Peter Hallberg, *Den store vāvaren. En studie i Laxness' ungdomsdiktning* (1954); íslensk þýðing: *Vefarinn mikli. Um æskuskáldskap Halldórs Kiljans Laxness*. I-II (1957-1960); einnig Peter Hallberg, *Skaldens hus. Laxness' diktning frá Salka Valka till Gerpla* (1956); íslensk þýðing: *Hús skáldsins. Um skáldverk Halldórs Laxness frá Söllu Völku til Gerplu*. I-II (1970-1971). Erik Sonderholm, *Halldór Laxness. En monografi* (1981); Ólafur Ragnarsson, *Halldór Laxness – Líf í skáldskap* (2002); Halldór Guðmundsson, „Loksins, loksins.“ *Vefarinn mikli frá Kasmír og upphaf íslenskra nútímabókmennta* (1987).

fundvís á efni í stóra bók. Gallinn er sá að þessa texta setur hann fram sem sína eigin. Þegar hann vitnar til heimilda er það ýmist í lok frásagnar eða einhvers staðar í henni miðri með setningum innan gæsalappa og orðum eins og „sagði Halldór síðar“.³⁴ Með þessu móti er ekki gott að sjá hvar tilvitnun hefst og hvar henni lýkur, þ.e.a.s. hvað er eftir hvern, sbr. það sem sagt er um endursagnarritstuld hér að framan. Með því að vitna þannig til einstakra setninga fær frásögnin á sig fræðilegan blæ en villir um leið á sér heimildir. Lítil sem engin úrvinnsla er á þessum textum heldur birtast þeir einfaldlega hver af öðrum án annars samhengis en tímaraðar.

Af þessu leiðir að höfundur reynist erfitt að setja þessa texta saman í atburðarás og heild. Þetta minnir á sígilda kenningu Aristótelesar um ævisögur í ritinu *Um skáldskaparlistina* frá því um 330 fyrir Krists burð. Hann segir:

Saga þarf ekki að vera heild, eins og margir álíta, þótt hún sé um einhvern einstakan mann, því mörg og óteljandi atvik geta hent einn mann, án þess að sum þeirra falli í nokkra heild. Þannig eru og athafnir eins manns margar, en engin samfelld atburðakeðja verður úr þeim öllum. Á þessu virðast öll þau skáld hafa flaskað, sem ort hafa *Heraklesarkviðu*, *Deseifskviðu* og önnur þvílík skáldverk. Þeir halda, að af því að Herakles var einn maður, hljóti líka sagan að vera ein.³⁵

Í slíkum sögum, segir Aristóteles, fylgja atvikin „ekki hvert öðru á sennilegan eða óhjákvæmilegan hátt“ og þær kallar hann „sundurlausar“. Öðru máli gegnir með höfunda eins og Hómer sem „þegar hann orti *Odyseifskviðu*, taldi [...] ekki upp allt, sem á daga Odyseifs dreif [...], heldur samdi hann *Odyseifskviðu* um [...] eina atburðakeðju.“ Í „atburðakeðju“ mynda athafnir „einingu og heild, og hinum einstöku hlutum þarf að skipa þannig niður, að sé einn hlutinn færður til eða honum kippt burt, þá brenglist og raskist heildin.“³⁶

34 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Halldór 1902-1932*, bls. 36, 39, 55, 140, 154, 254 og víðar. Hér á eftir verður vísað til blaðsíðutals þessarar bókar í sviga fyrir aftan hverja tilvitnun í meginmáli.

35 Aristóteles, *Um skáldskaparlistina*, bls. 58.

36 Sama, bls. 58-61.

Þessi vandræði Hannesar við að búa til atburðakeðju koma m.a. fram í fyrirsögnum kafla sem benda til efnis sem síðan er annað hvort ekki fjallað um eða blandað öðru óskyldu. Þannig er í kaflanum „Mynd af Gunnari á Hlíðarenda“ rétt aðeins vikið að myndinni í örfáum línunum aftast eftir allt aðra umræðu. Þá fjallar kaflinn „Fyrsti kossinn“ minnst um kossinn en þeim mun meira um nafn stúlkunnar sem að mati Hannesar er fyrirmynd að einni frægustu kvenlýsingu Halldórs. Tekur það allt fimm línur í miðjum kafla sem að öðru leyti er settur saman af löngum frásögnum um önnur efni. Þá leitast Hannes við að skapa spennu með fyrirsögnum eins og „Sögulegir dagar“, „Söguleg suðurferð“, „Freistingar holdsins“ og „Hneyksli í klaustrinu“. Um leið fleytir hann frásögninni áfram með setningum eins og „Ævintýrum drengsins í Laxnesi linnti ekki“ (27), „Nú var Dóri hættur að vera lítill“ (49), „Nú var Dóri í Laxnesi að verða unglingur“ (56), „Dagarnir liðu. Fyrr en varði var komið að jólum“ (211), „Halldór var orðinn óþreyjufullur“ (394), „Halldór hélt áfram ferð sinni“ (408).

Í stuttum eftirmála bókarinnar nefnir Hannes nokkur af þeim ritum sem hann segist hafa „reynt að hagnýta“ sér og „fella saman í eina heild“ (619), en upptalningin er ófullnægjandi og án bókfræðilegra upplýsinga svo sem útgáfuárs og útgáfustaðar. Sama er að segja um tilvísanir til heimilda í neðanmálgreinum, þar skortir mjög á bókfræðilegar upplýsingar, og einnig að vísað sé til blaðsíðutals. Töluvert er um villur í heimildafærslum, útgáfum er blandað saman, textar í beinum tilvitnunum rangt upp teknir og blaðsíðutöl ónákvæm. Þá er nöfnum slegið saman í nafnaskrá. Ekki er í eftirmálanum gerð grein fyrir útgáfureglum við birtingu áður óbirts efnis, svo sem bréfa Halldórs Laxness til Erlends Guðmundssonar sem Hannes bæði vitnar til og endursegir í stórum stíl án auðkenningar, né heldur hvort leyfi hafi fengist fyrir birtingunni. Þá segist Hannes vitna í skáldverk Halldórs „í síðustu útgáfu, sem hann bjó sjálfur til prentunar“ (619). Þetta reynist ekki rétt. Til að mynda er augljóslega stuðst við fyrstu útgáfu smásagnanna í *Nokkrar sögur* (1923) og *Fótataki manna* (1933) en ekki endurskoðaðar útgáfur þeirra í safninu *Þættir* (1954) sem Halldór gekk sjálfur frá og skrifar formála fyrir. Hér

skortir hvort tveggja í senn samræmi og að rétt sé vísað til heimilda. Um rugling á útgáfum má nefna að ýmist er vísað til handritsins „Heiman ek fór“, eins og það hafi ekki birst á prenti, eða útgáfu þess *Heiman eg fór* sem Halldór gekk frá árið 1952.

Að taka kiljönskuna úr textanum

Fjórir fyrstu kaflarnir í bók Hannesar styðjast við jafnmargar minningabækur Halldórs Laxness, þar sem hver frásögnin rekur aðra í endursögn, samantekt eða styttingum. Fyrsti kafliinn „Foreldrahús“ styðst við *Í túninu heima*, annar kafliinn „Skáld á skólabeck“ við *Sjömeistararögnuna*, þriðji kafliinn „Á íslenskum skóm“ við *Úngur eg var*, og fjórði kafliinn „Ástir og ævintýri“ við *Grikklandsárið*.³⁷ Einnig er tekið úr skáldverkum Halldórs og ritum annarra höfundu.

Í eftirmálanum segist Hannes hafa tekið „þann kost að hafa textann með samræmdri nútímastafsetningu nema það, sem haft er eftir Kiljan: Það er allt með þeirri stafsetningu, sem hann gerði sér.“ (619) Hér er ekki alveg ljóst við hvað er átt því að venjulega nota fræðimenn þá stafsetningu sem er við lýði á hverjum tíma án þess að gera sérstaka grein fyrir því. Líklega er Hannes því hér að tala um þann texta sem hann tekur frá Halldóri og fellir inn í verk sitt án auðkenningar, en þetta útskýrir hann svo í greinargerð sinni: „Stundum hagræddi ég frásögninni ekki mikið, stundum meira, allt eftir því hvað átti við. Þegar Halldór var hins vegar að segja frá eigin skoðunum eða sálarlífi hafði ég orð hans sjálfs óbreytt með stafsetningu hans og auðkenndi þau.“³⁸ Þá er það ekki rétt að beinar tilvitnanir í verk Halldórs séu allar með hans sérstöku stafsetningu. Á því er töluverður misbrestur. Til að mynda er titillinn *Úngur eg var* alls staðar ranglega skrifaður „Úngur ég var“.

Aðferð Hannesar við textatökuna felst einkum í því að stytta, fella úr, draga saman, breyta röð efnisatriða, skipta út orðum og hnika til orðalagi hér og þar. Á þennan hátt tileinkar hann sér textann og setur

37 Bækurnar komu út í þessari röð: *Í túninu heima* (1975), *Úngur eg var* (1976), *Sjömeistararögnagan* (1978) og *Grikklandsárið* (1980). Eftirleiðis verður vitnað til þeirra innan sviga fyrir aftan tilvitnun í meginmáli þegar ljóst er við hvaða bók er átt.

38 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Greinargerð,“ bls. 28, dálkur 2.

á hann sín persónulegu einkenni. Þau felast m.a. í leiðréttingum á mál-fari Halldórs Laxness, þ.e. í því sem Halldór kallaði „tilviks“-íslensku úr mentaskólanum“,³⁹ þar sem orðum eins og „tilfelli“ sem á að vera danska, er breytt í „tilvik“. Í samtali við Matthías Johannessen útskýrir Halldór þetta nánar. Það sem einkennir tilviks-íslenskuna, segir hann, er að „íslenzkt orðskrípi“ er búið til „eða fornyrði grafið upp í því skyni að forðast dönskuslettu þó að ‘dönskuslettan’ sé jafngömul Íslandsbyggð eins og orðið ‘tilfelli’.“ „Hyperkorrekt mál (tilviks-íslenzka) er áþreif-anlegt dæmi þess, að þegar menn ætla að gera betur en vel, þá fer oft ver en illa.“⁴⁰

Í bók sinni „Þýðir“ Hannes texta Halldórs yfir á tilviks-íslensku og tekur þannig úr honum „kiljönskuna“. Sem dæmi um þetta má taka frásögnina af því þegar Halldór spurði ömmu sína og mömmu hvort þær hlökkuðu ekki til jólanna:

Texti Halldórs

Ég spurði báðar þessar konur, sína í hvoru lagi og með laungu millibili, hvort þær hlökkuðu ekki til jólanna. Amma mín taldi það jólnum helst til gildis að þá væri súngið uppáhalds sálmalag hennar *In dulce júbilo*. Sjá himins opnast hlið. Móðir mín sagðist einlægt hlakka til jólanna því þá færi að leingja daginn. (*Í túninu heima*, 118-119).

Taka Hannesar

Halldór spurði móður sína og ömmu, hvora í sínu lagi og með löngu millibili, hvort þær hlökkuðu ekki til jólanna. Amma hans taldi jólnum það helst til gildis, að þá væri sunginn eftirlætissálmur hennar, „*In dulce júbilo*.“ Sjá himins opnast hlið. Móðir hans sagðist hlakka til jólanna, því að þá færi að lengja daginn. (38)

Textinn í bók Hannesar er svo til samhljóða frumtextanum þótt hvorki sé hann auðkenndur með gæsalöppum né þess getið hvaðan hann er tekinn. Augljóst er að „ég“ frumtextans verður „Halldór“, og einnig að stafsetningin er færð til þeirrar „samræmdu nútímastafsetningar“ sem Hannes segist í eftirmála hafa á þeim textum sem ekki séu hafðir „eftir Kiljan“ (619). Þannig verður „kiljanska“ stafsetningin „laungu“ að „löngu“, „súngið“ að „sungið“ og „leingi“ að „lengi“. Einnig eru sett inn greinarmerki samkvæmt ýrtruðu skólareglum. Þá breytir Hannes orðalagi frumtextans á fjórum stöðum. Orðasambandið „sína í hvoru lagi“ verður „hvora í sínu lagi“, „uppáhalds sálmalag“ ömmunnar verður að „eftirlætissálmi“, og

39 Halldór Laxness, *Guðsgjafaþula* (1972), bls. 180.

40 Sjá Matthías Johannessen, „Málþing um Guðsgjafaþulu. VIII. grein,“ *Morgunblaðið* 15. desember 1973, bls. 25. Greinin ber nafnið „tilfelli“.

samtengingin „því“ í munni móðurinnar verður „því að“ sem einnig er samkvæmt skólareglum. Loks lætur Hannes ömmuna fara rangt með nafnið á sálminum og segja „In dulce jubilo“ í stað „In dulci jubilo“.⁴¹

Dæmi um tilviks-íslensku þar sem „dönskuslettum“ Halldórs Laxness og öðru sérkennilegu orðalagi hefur verið eytt eru á svo til hverri síðu í bók Hannesar. Þannig verður „emaléruð“ fata (*Í túninu heima*, 10) að „mál-aðri“ fötu (16), „vínirbrauð“ (*Í túninu heima*, 232) að „vínarbrauðum“ (55), „fígúruverk“ (*Í túninu heima*, 213) að „sköpunarverki“ (61), „stásstofa“ (*Sjömeistarasagan*, 13) að „betri stofu“ (68), „hvundagskjóll“ (*Sjömeistarasagan*, 79) að „hversdagskjól“ (71), „litt talaður“ (*Sjömeistarasagan*, 40) að „fámáll“ (84), „tröppur“ (*Sjömeistarasagan*, 226) að „húsprepum“ (116), „familía“ (*Grikklandsárið*, 43) að „fjölskyldu“ (154). Þá kemur fyrir að Hannes þarf að útskýra tilviks-íslenskuna, eins og t.a.m. „möndludeig“ (154), en það gerir hann með orðinu „marcepan“ sem ekki er til svo stafsett í nokkru tungumáli. Stundum er þýðingin yfir í tilviks-íslensku beinlínis röng. Í *Grikklandsárinu* tala þeir Halldór og Jóhann Jónsson um „skáldskapinn og trúskapinn“ (72), en í bók Hannesar tala þeir um „skáldskap og trúarbrögð“ (158). Trúskapur merkir hins vegar trúnaður, vinátta, hollusta. Þá er amma Halldórs látin segja „nei“ (36) í staðinn fyrir „bittinú“ þegar hún sér vatn koma rennandi úr krana.⁴²

Undir „tilviks-íslenskuna“ má líka flokka þá miklu tilhneigingu til þýðinga á erlendum staðarnöfnum sem ekki hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Þannig er Evrópa jafnan kölluð Norðurálfan í bók Hannesar (og fyrri heimstyrjöldin eftir því „Norðurálfuófríðurinn“), New York er kölluð Nýja Jórvík og Montreal „Kóngsfjall“ (398). Í þessu er þó ekki samræmi því á sömu blaðsíðu talar Hannes um St. Lawrence-flóann. Þá þýðir Hannes útlensk slanguryrði í þeim bréfum Halldórs sem hann vitnar til og setur þýðingarnar í hornklofa inn í textann, sbr. t.a.m. „Ég get ekki látið mér nægja að kókettera [gæla] við hlutina“ (223), „til að halda uppi ídeali [hugsjón] hvíta kynstofnsins“ (223), „annað og meira en átómöt [sjálfvirkar

41 „In dulce jubilo“ er málfræðilega rétt (ablativus hvorugkyns). Þar sem sálmurinn hefur verið kallaður „In dulce jubilo“, einkum í hinum enskumælandi heimi, er það afbökun. Sálmurinn kemur einnig fyrir í *Sjálfstæðu fólki* undir nafninu: „In dúlsi júbíló“, sbr. Halldór Laxness, *Sjálfstætt fólk*. Önnur útgáfa (1952), bls. 157.

42 Halldór Laxness, *Heiman eg fór* (1952), bls. 22.

vélar]“ (222), „slíkt yrði hárviss success [smellur]“ (333), „I am a man [ég er maður]“ (332). Þá orka sumar þýðingarnar tvímælis. Til að mynda þýðir Hannes þýska orðið „gemein“ í „niður í gemeine Weltlichkeit [venjulega veraldarhyggju]“ (224) með venjulegur, en orðið merkir lágkúrulegur eða fyrirlitlegur. Þá þýðir Hannes titilinn „Geschlecht und Charakter“ á verki Ottos Weininger með „Kynferði og eðli“ (182), en „Charakter“ merkir skapgerð. Orðið „Gesellschaft“ þýðir hann sem „skipulag“ (602, nmgr. 9), en það merkir félag, samfélag eða þjóðfélag. Einn undirkaflinn í bók Hannesar ber nafnið „Var det bra med folk?“ og vísar í orð sænskrar hús-móður Halldórs sem spyr fréttu þegar hann eitt kvöldið kemur heim af tónleikum, en hún hafði haldið að hann væri lasinn: „Var det bra med folk?“ Þetta þýðir Hannes með „Var allt í lagi?“ (138) eins og konan sé að spyrja um líðan Halldórs en hún er að spyrja um tónleikana, hvort vel hafi verið mætt: „Var aðsókn góð?“

Minningabækur sínar skilgreinir Halldór Laxness innan á titilblaði *Sjömeistarasögunnar* sem „skáldsögur í ritgerðarformi (essay roman)“. Áður hafði hann, í samtali við Matthías Johannessen, kallað þessa tegund skáldsagna „ritgerðarskáldsögur“ í andstöðumerkingu við heimildarskáldsögur sem byggja á sagnfræðilegum heimildum. Í ritgerðarskáldsögu eða „essay-roman“ er aldrei vitnað í sagnfræðilega heimild, heldur eru heimildirnar sem þar er vitnað í „tilbúningur frá rótum, þó þær eigi stað í veruleikanum“. ⁴³ Minningabækur Halldórs eru ritgerðarskáldsögur sem hann beinlínis varar við að teknar séu trúanlegar sem sagnfræðilegur sannleikur. Hannes gefur hins vegar lítið fyrir skilgreiningu skáldsins á eigin verkum og fer í það „að sannreyna“ minningabækur Halldórs og leiðrétta þær. ⁴⁴ Sem dæmi má taka frásögn í *Í túninu heima* af tvöfaldri útför á Hraðastöðum „á björtum og fögrum sunnudegi um sláttinn“ þar sem jörðuð var „tveggja ára telpa“ og stúlka „milli tektar og tvítugs“ (63). Þetta ber Hannes saman við kirkjubækur og finnur út að útförin var 29. apríl

43 Matthías Johannessen, „Málþing um Guðsgjafaþulu. I. grein,“ *Morgunblaðið* 7. desember 1973, bls. 25. Sjá einnig Halldór Guðmundsson, „Skrýtnastur af öllu er maður sjálfur. Um minningasögur Halldórs Laxness,“ *Halldórstefna*, bls. 55–65; Sigprúður Gunnarsdóttir, „Leitin að upptökum Nílar. Um minningabækur Halldórs Laxness,“ *Tímarit Máls og menningar* 2/1998, bls. 81–95.

44 „Ég gerði ekkert óheiðarlegt, framdi engan ritstuld,“ bls. 27, dalkur 2.

1909, barnið drengur á fyrsta ári og stúlkan 23 ára (564–565, nmgr. 1). Til að hafa þetta allt sagnfræðilega rétt nafngreinir hann þau bæði. Það er töluvert um slíkar leiðréttingar á „missögnum og misminni“ Halldórs í bókinni, og felast þær einkum í að negla skáldlegar myndir hans, spröttnar úr fjarlægum minningum, niður í ákveðinn mælanlegan tíma, raunverulega atburði og nafngreindar persónur.

Ein af fyrstu minningum Halldórs er þegar hann á þriðja ári gengur með ömmu sinni í Melkot að heimsækja systur hennar. Þessa frásögn tekur Hannes upp í bók sína:

Texti Halldórs

Og þá sjaldan ég hafði farið í skemtiúr með henni ömmu minni var það til að finna systur hennar hana Guðrúnu í Melkoti, en þangað var bara meiri gata. Sá bær stóð við Suðurgötu sem var hálfpartinn í eyði, því öðrumegin við hana bjuggu allir höfðingjarnir fyrir neðan háa brekku svo það sást aðeins ofaná húspökin hjá þeim, en hinumegin var kirkjugarðurinn sem ég fékk ekki betur séð en væri í rauninni himnaríki. (*Í tíunnu heima*, 37–38).

Taka Hannesar

Dóri litli fór líka stundum með ömmu sinni að finna systur hennar í Melkoti. Bærinn stóð við Suðurgötu, sem hlaut nafn sitt af því, að hún lá í suður frá Aðalstræti. Öðrum megin götunnar voru margir fyrirmenn bæjarins að reisa sér hús fyrir neðan svo háa brekku, að aðeins sást ofan á þökin hjá þeim. Hinum megin var kirkjugarðurinn. (16)

Ekki getur Hannes hér heimildar en þræðir textann um leið og hann setur mark sitt á hann. Fyrir utan „leiðréttingar“ á stafsetningu og greinamerkjasetningu breytir hann „höfðingjum“ í „fyrirmenn“. Orðalagið „höfðingjarnir“ var fast í máli alþýðunnar, notað um embættismenn og yfirstétt, og þetta hefur barnið í texta Halldórs tileinkað sér. Orðalagið er heimild um málfar og þessu eyðir Hannes með samheitinu fyrirmenn. Þá hefur honum ekki fundist það sennilegt að þarna byggju þeir „allir“ og breytir í marga. Þá verður „sjaldan“ að „stundum“ sem er annað. „Sá bær“ verður „bærinn“, sleppt er að Suðurgata hafi verið hálfpartinn í eyði, og einnig himnaríkinu í lokin, en í stað þessa er bætt við fróðleik um nafn götunnar, að hún heiti Suðurgata af því hún liggur í suður. Þá gerir Hannes ekki greinarmun á samtengingu og atviksorði og breytir „fyrir neðan háa brekku svo það sást“ í „fyrir neðan svo háa brekku“. Í texta Halldórs horfir tveggja ára drengurinn niður á þökin á húsunum fyrir neðan brekkuna þar sem höfðingjarnir búa. Hér hliðrar

Hannes til og lætur húsin vera í byggingu. Hvorugt fær þó staðist því að fyrstu húsin í Tjarnarbrekkunni voru ekki byggð fyrr en árið 1906 en þá var „Dóri litli“ orðinn fjögurra ára og fyrir löngu fluttur upp í sveit.⁴⁵

Haft fyrir satt

Þrátt fyrir „misminni“ Halldórs Laxness og þá yfirlýsingu hans að minningabækurnar séu ritgerðarskáldsögur lítur Hannes á þær sem sagnfræðilegar heimildir og moðar ómælt úr þeim. Þegar þær stangast á við aðrar heimildir hliðrar Hannes þeim aðeins til eða jafnvel breytir. Í *Í túninu heima* minnst Halldór á skáldsögu sína „Aftureldingu“ sem hann skrifaði ungur en týndi svo. Um þetta segir hann: „Handritið hefur enn verið til um 1930, því það ár rendi Erlendur Guðmundsson yfir það augum og sagði að ég hefði 12 ára dreingur skrifað eins og Kristín Sigfúsdóttir“ (148). Hjá Hannesi verður þetta: „Einn vinur Halldórs renndi líka augum yfir handritið um 1930 og sagði honum, að hann hefði á fjórtánda ári skrifað eins og Kristín Sigfúsdóttir.“ (63) Hér breytir Hannes texta Halldórs með því að leggja vininum þau orð í munn að Halldór hafi verið „á fjórtánda ári“ þegar hann skrifaði söguna. Þetta útskýrir Hannes neðanmáls og segir: „Skv. *Í túninu heima*, 148. bls., sagði vinurinn, Erlendur í Unuhúsi, að vísu tólf ára drengur, en Halldór hlýtur að hafa skrifað bókina veturinn 1915–1916, þegar hann var þrettán ára og varð fjórtán ára um vorið, svo að því er hér breytt til samræmis.“ (566, nmgr. 11) Það er rétt hjá Hannesi að Halldór skrifaði söguna fyrsta veturinn sinn í Reykjavík en hann getur ekki haft orð Erlends sem heimild fyrir því.

Með leiðréttingum sínum reynir Hannes að sveigja minningar Halldórs undir sagnfræðina. Þetta skapar þversögn í heimildarýni, þar sem sumu er trúað og öðru ekki. Þannig hafnar Hannes frásögn Halldórs af Svölu Benediktsson í *Úngur eg var* þar sem hún „virðist ekki vera sannleikanum samkvæmt [...]. Henni er því sleppt hér“. Um þetta vitnar hann til bókar Gylfa Gröndal, *Dúfa töframannsins*, án frekari upplýsinga

45 Sjá Eggert Ásgeirsson, „Samfélagið í Tjarnargötu eftir aldamót“, *Lesbók Morgunblaðsins* 20. mars 1993, bls. 4–5, og 27. mars 1993, bls. 8–9. Sjá einnig: Sigurður Briem, *Minningar*, bls. 178.

um þá bók, hvenær hún kom út, eða hvað þar segir (570, nmgr. 10). Hins vegar trúir Hannes frásögn Halldórs af bróður Svölu, Má Benediktsson, í sömu bók og fellir í heilu lagi inn í rit sitt (127–128). Þetta gerir hann jafnvel þótt hann taki það fram neðanmáls að margir hafi „mótmælt skrifum Halldórs um Má Benediktsson, þ.á.m. Hrefna Benediktsson í *Dúfu töframannsins* [...]“.⁴⁶

Yfirleitt er Hannesi mikið í mun að minningabækur Halldórs standist sagnfræðilega, enda verður svo að vera ef hann á að geta stuðst við þær í þeim mæli sem hann gerir í bók sinni. Á einum stað tekur hann þær beinlínis fram yfir samtímaheimild frá Halldóri sjálfum. Í *Úngur eg var* segir Halldór frá vandræðum sínum við að finna húsnæði daginn sem hann kemur í fyrsta sinn til Kaupmannahafnar vorið 1919. Frásögnin er mjög sviðsett. Halldóri er úthýst á öllum hótélum og bílstjórinn sem ekur honum eftir því öngur. Þetta endar með því að Halldór leitar ásjár hjá dönskum hjónum sem hann hafði verið beðinn um kveðju til. Í *Úngur eg var* biður Halldór bílstjórann að bíða meðan hann geri vart við sig. „En aukatafir tók hann ekki í mál, heldur kastaði draslinu mínu uppá gangstéttina, hrifsaði af mér gjaldið og ók burt í illu.“ (20) Þessu trúir Hannes og endurritar með smábreytingum: „Bílstjórinn tók engar aukatafir í mál, heldur kastaði farangri Halldórs upp á gangstétt, hrifsaði af honum gjaldið og ók burt.“ (120) Í bréfi sem Halldór skrifaði móður sinni sama dag og hann kom til Kaupmannahafnar segir hann hins vegar öðruvísi frá: „Við bárum upp kisturnar, bifreiðamaðurinn og ég, og var ég honum þakklátur fyrir þénustu hans, því hún var mjög ærleg og hjálpsamleg, og galt ég honum 10 krónur fyrir verkið og það

46 Hannes getur ekki heimilda um frásögn sína af Má, en hún er tekin úr *Úngur eg var*, bls. 91–92. Sjá einnig bls. 570, nmgr. 9, þar sem Hannes gerir eftirfarandi grein fyrir heimildarýni sinni: „Þótt ýmis skrif Halldórs um Svölu Benediktsson virðist ekki vera sannleikanum samkvæmt, enda ekki stuðst við þau í þessari bók, hefur ekkert komið fram, sem hrekur skrif hans um Má annað en það, að Már myndi ekki hafa drukkið eða veðsett föt, en alkunna er, að menn gera sér enga grein fyrir svaðilföllum þeirra, sem nákomnir þeim eru.“ Hér rekur sig hvað á annars horn. Ættingjar geta verið heimildir um suma og aðra ekki, og vegna þess að þeir hafa getað hrakið sögur Halldórs af Svölu þá sleppir Hannes þeim. Þeir hafa hins vegar ekki getað hrakið sögur af Má aðrar en þær að hann myndi ekki hafa drukkið eða veðsett föt, en um það fjallar einmitt sú frásögn Halldórs sem Hannes tekur í bók sína.

hann svo vel að lifa.“⁴⁷ Til þessa bréfs vitnar Hannes neðanmáls en segist treysta síðari frásögninni með þeim rökum að Halldór „hafi ekki viljað valda móður sinni hugarangri og því ekki sagt henni frá erfiðleikum sínum fyrsta daginn“ (570, nmgr. 3). Bréf Halldórs er langt og nákvæmt fréttabréf og ekki á því að sjá að hann sé þar neitt að hlífa móður sinni við frásögnum af erfiðleikum dagsins.

Í útskýringum Hannesar neðanmáls má víða sjá þann fyrirvara að eitthvað sé „haft fyrir satt“. Á þetta einkum við um þau skáldverk Halldórs sem hann síðan styðst við sem sagnfræðilegar heimildir. Þannig tekur hann frægan kafla úr upphafi *Brekkukotsannáls* og fellir inn í bók sína. Um þetta vísar hann til neðanmálgreinar þar sem hann lýsir vinnubrögðum sínum og söguskoðun: „Hér er þessi saga höfð fyrir satt, en faðir Halldórs settur í stað Björns í Brekkukoti (Magnúsar í Melkoti).“ (563, nmgr. 11) Þessi ótrúlega yfirlýsing um skáldsögu sem sagnfræðilega heimild hefði þurft nánari skýringar við, en Hannes lætur sér nægja að slá þessu föstu. Brekkukot minnir að vísu um margt á Melkot og klukkan á sér raunverulega fyrirmynd, en frásögnin er stílfærð og ber öll merki skáldskapar. Felst aðferð Hannesar í því að skipta út persónum, fella úr og styttu:

Texti Halldórs

Og nú hef ég upp þessa bók þar sem klukkan okkar gamla stendur heima í stofunni í Brekkukoti og er að tifa. Í þessari klukku var silfurbjalla. Sláttur hennar var með skæru hljóði [...].

Hvumín stóð á því að ég skyldi fá þá flugu að í þessari klukku byggji merkilegt kvikindi, og það væri eilífðin? Það rann sumsé upp fyrir mér einn dag að orðið sem hún sagði þegar hún tifaði, tveggja atkvæða orð sem var dregið á seinna atkvæðinu, það væri ei-líbbð, ei-líbbð. Kannaðist ég þá við þetta orð? [...]

Ég vék að þessu við hann afa minn einhvern tíma þegar svo bar til að við vorum einir í stofunni. [...]

Af hverju segir klukkan altaf ei-líbbð ei-líbbð ei-líbbð.

Taka Hannesar

Dóri litli dáðist að mikilli klukku, sem stóð í Melkoti. Silfurbjalla, sem var í henni, gaf frá sér háan, kynlegan sláttartón. Dóri litli hlustaði hugfanginn á klukkuna tifa. Honum heyrðist hún segja: „ei-líbbð, ei-líbbð.“ Hann fékk þá flugu í höfuðið, að í klukkunni byggji merkilegt kvikindi, og það væri eilífðin. Hann spurði húsbóndann: „Af hverju segir klukkan altaf ei-líbbð ei-líbbð ei-líbbð?“ Magnús í Melkoti svaraði: „Það hlýtur að vera misheyrn, barnið gott.“ Dóri litli spurði þá: „Er þá ekki til eilífð?“ Magnús svaraði: „Ekki öðruvísi en þú hefur heyrt í kvöldbæninni hennar ömmu þinnar og í sunnudagspostillunni hjá honum pabba þínum, drengur minn.“ (16-17)

47 Bréf til Sigríðar Halldórsdóttur frá Halldóri Laxness, dagsett 5. ágúst 1919. Lbs 200 NF Bréfa- og handritasafn Halldórs Laxness.

Það hlýtur að vera misheym barnið gott, sagði afi minn.

Er þá ekki til eilífð? spurði ég.

Ekki öðruvísi en þú hefur heyrt í kvöldbænni hennar ömmu þinnar og í sunnudagspostillunni hjá mér, deingur minn, svaraði hann.⁴⁸

Textarnir eru svo til alveg eins nema hvað Hannes þjappar sínum texta saman með því að sleppa greinaskilum og setja þess í stað gæsalappir utan um hvert tilsvár. Þetta gerir texta hans útlitslega frábrugðinn frumtextanum og um leið verður þessi samþjappaði texti án greinaskila, en með þeim mun fleiri gæsalöppum utan um tilsvör, eitt af höfundareinkennum hans í þessari bók. Athyglisvert er að hann skuli leggja svo mikla áherslu á að auðkenna tilsvör persóna sinna með gæsalöppum en hafnar þeim þegar um er að ræða tilvitnanir í heimildir. Samkvæmt því sem Hannes segir um stafsetningu í eftirmálanum heyrir þessi texti upp úr *Brekkukotsannál* ekki undir það „sem haft er eftir Kiljan“ (619) og því ekki ástæða til að auðkenna hann sem slíkan. Þó hefur slæðst inn eitt orð með stafsetningu frumtextans, þ.e. „altaf“ og þar sem það er í tilsvári innan gæsalappa mætti ætla að það væri „haft eftir Kiljan“ þótt annað í kring sé það ekki. Hins vegar hefur gæluorðunum „deingur minn“ verið hagrætt með samræmdri nútímastafsetningu í „drengur minn“.

Í bók Hannesar verður Brekkukoti að Melkoti, drengurinn Álfrímur að Halldóri, og „afinn“, þ.e. Björn í Brekkukoti, verður fyrst Magnús í Melkoti, sá sem talar við Halldór um klukkuna, einnig kallaður „húsbóndinn“, og síðan faðir Halldórs þegar að því kemur að lesa postilluna. „Amman“ í Brekkukoti verður amma „Dóra litla“ og er þar með látin fara með kvöldbænnir, þótt aðrar „heimildir“ sýni að slíku var hin raunverulega amma Halldórs algjörlega frábitin.

Í *Brekkukotsannál* er sláttur bjöllunnar „með skæru hljóði“ og þar kemur ekkert fram um „háan, kynlegan sláttartón“. Því mætti ætla að sú lýsing væri frá Hannesi sjálfum komin, en svo er ekki. Í bók Ólafs Ragnarssonar, *Halldór Laxness – Líf í skáldskap*, segir Halldór frá gamalli

48 Halldór Laxness. *Brekkukotsannál* (1957), bls. 9–10.

klukku sem var í Melkoti: „Þar sá ég hana fyrst og heyrði þennan háa kynlega sláttartón frá silfurbjöllunni sem í henni var.“⁴⁹ Þessa setningu tekur Hannes og fellir inn í texta sinn: „Silfurbjalla, sem var í henni, gaf frá sér háan, kynlegan sláttartón.“ Hann getur ekki heimilda um þetta og bók Ólafs Ragnarssonar er heldur ekki meðal þeirra rita sem Hannes segist í eftirmálanum hafa reynt að hagnýta sér. Bók Ólafs er að miklu leyti byggð á viðtölum Ólafs við Halldór og hefur að geyma frumheimildir um ævi hans. Þessa bók nýtir Hannes sér óspart á fleiri stöðum í bók sinni, enda fjallar hún um sama tímabil og bók hans.

Á svipaðan hátt fylgja valdir textar úr skáldsögum Halldórs honum jafnt og þétt eftir í bók Hannesar, stundum en ekki alltaf með áréttingu um að þetta sé satt. Þannig er texta úr skáldsögunni *Undir Helgahnúk* skotið inn í kaflann „Hjarðsveinn“ sem styðst að öðru leyti alfarið við samsvarandi frásögn í *Í túninu heima* (215–221). Textinn er mjög stytur í meðförum Hannesar og án greinaskila, og er hér aðeins sýndur bútur úr honum:

Texti Halldórs

Og þegar Atli gætti vandlegar að sá hann að hrafinn hafði þegar lagst á kindina lifandi, höggvið úr henni annað augað og rífið gat á síðu hennar aftur við malirnar, dregið þar út nokkuð af gömunum og etið, en garnaendarnir láu þurvisnaðir í blóðstorkunni úti á ullinni. Sárið var kvíkt af víum.

Fyrst gerir dreingurinn nokkrar árángurslausar tilraunir til að draga kindina upp úr á hornunum [...].⁵⁰

Taka Hannesar

Þegar Dóri gætti að, sá hann, að hrafinn hafði þegar lagst á kindina lifandi. Hann hafði höggvið úr henni annað augað og rífið hana á hol aftur við malirnar, dregið út nokkuð af gömunum og etið, en garnaendarnir lágu þurvisnaðir í blóðstorkunni úti á ullinni. Fyrst gerði Dóri nokkrar árángurslausar tilraunir til að draga kindina upp úr á hornunum [...]. (53)

Hér er „Dóri“ (sem er hættur að vera lítill) gerður að drengnum Atla, aðalpersónunni í *Undir Helgahnúk*, enda eru þeir á sama aldri. Á eftir lýsingunni á blóðstorkunni á ullinni vitnar Hannes í *Sjömeistarasöguna*, bls. 146, sem meginheimild, en án frekari skýringa. Þegar að er gáð segir Halldór þar frá reynslu sinni af því að hafa dregið særða kind upp úr jarðfalli. Textann hefur Hannes hins vegar úr skáldsögunni sem hann vitnar til sem

49 Ólafur Ragnarsson, *Halldór Laxness – Líf í skáldskap*, bls. 42. Í kaflanum „Frændsemi við klukku“ í *Sjömeistarasögunni* hefur gamla klukkan sem þar er lýst „silfurskæran hljóm“ (123), en augljóst er bæði af orðalaginu og þeim tveimur lýsingarorðum sem bæst hafa við (hár og kynlegur) að Hannes hefur tekið setninguna úr bók Ólafs.

50 Halldór Laxness, *Undir Helgahnúk* (1924). Önnur útgáfa (1967), bls. 77–79.

viðbótarheimildar: „Hér er líka stuðst við lýsingu í *Undir Helgahmúk*, 11. gr.“. (565, nmgr. 3) Með „gr.“ á Hannes sennilega við það sem kallast kafli í skáldsögum. Eins og víðar blandar hann í texta sínum saman „heimildum“. Þegar hann t.a.m. segir „rifið hana á hol“ í staðinn fyrir „rifið gat á síðu hennar“ hefur hann það úr texta *Sjömeistarasögunnar*.

Í bók Hannesar má lesa smásöguna „Tryggur staður“ í svo til heilu lagi í kafla sem einnig heitir „Tryggur staður“. Aðeins á einum stað er vísað til sögunnar, þ.e. á eftir setningu innan gæsalappa sem höfð er eftir Halldóri með athugasemdinni: „skrifaði Halldór síðar“ (39). Um þetta er vísað til neðanmáls þar sem segir: „‘Tryggur staður,’ *Smásögur*. Hér er haft fyrir satt, að þetta hafi gerst.“ (564, nmgr. 8) Ekki er vísað í blaðsíðutal, höfund eða útgáfuár bókarinnar, en margar bækur bera nafnið „Smásögur“. Sagan birtist fyrst í *Sjöstafakverinu* 1964 og hefði verið í samræmi við eftirmála að vitna í þá útgáfu.

Þótt sagan „Tryggur staður“ sé þannig höfð fyrir satt er henni breytt í texta Hannesar og við hana bætt. Sem dæmi má taka frásögnina af ömmunni og sambandi hennar við dýr:

Texti Halldórs

Þó hún mintist sjaldan á Snata öðruvísi en kvikindi eða skarn geymdi hún honum alltaf bein úr kjötbitanum sínum og snúið roð af harðfiski, ell-egar rúgbrauðsskorpur sem hún vann ekki á. Hún vafði þessar lystisemdir í dulu að hafa í pilsvasanum ef henni yrði geingið utarfyrir.⁵¹

Taka Hannesar

Þótt hún minnst aldrei á hundinn Snata, sem nú var kominn í stað tikurinnar Dílu, öðruvísi en sem kvikindi eða skarn, geymdi hún honum alltaf bein úr kjötbitanum sínum og snúið roð af harðfiski eða rúgbrauðsskorpur, sem hún vann ekki á. Hún vafði þetta góðgæti í dulu að hafa í pilsfaldinum, yrði henni geingið út. (39)

Hér verður „sjaldan“ frumtextans að „aldrei“ í texta Hannesar sem samkvæmt því veit betur en sú heimild sem hann hefur fyrir satt. Ekki er því heldur treyst að amman hafi verið með lystisemdirnar, öðru nafni góðgætið, í pilsvasanum, heldur er honum breytt í pilsfald sem er ömmulegri lýsing. Þá er hér bætt við þeim upplýsingum að Snati hafi verið hundur og tekið við af nafngreindri tík.

Skáldað í eyðurnar

Fjórði kaflinn í bók Hannesar, sem ber nafnið „Ástir og ævintýri“, er sérstaklega helgaður konum og ber einkunnarorðin „Cherchons la femme“

51 Halldór Laxness, *Sjöstafakverið* (1964), bls. 14.

(151), eða leitum konunnar.⁵² Þessi kafli hefst á rómantískri náttúrumynd með skírskotun til ásta, en hún er tekin beint úr skáldsögunni *Sölku Völku*:

Texti Halldórs

Ekkert á jörðinni er eins yndislegt og sönn ást milli pils og stúlku í góðu veðri um nótt á vori, þegar hestarnir eru sofnaðir á túnunum.⁵³

Taka Hannesar

Ekkert er yndislegra en ást pils og stúlku í góðu veðri á vornótt, þegar hestar eru sofnaðir í túnunum. (151)

Á eftir þessari upphafssetningu kafans er vísað til *Sölku Völku*, *Fuglsins í fjörunni*, 21. kafla, án útgáfuárs og blaðsíðutals.⁵⁴ Hér má glögg sjá hvernig Hannes afritar frumtextann, styttir hann og afbakar. Öllu sem hann hefur talið óþarfa er sleppt, svo sem „á jörðinni“, forsetningunni „milli“ og lýsingarorðinu „sönn“ um ástina. Í stað „um nótt á vori“ kemur einfaldlega „á vornótt“, „eins yndislegt“ verður „yndislegra“ og samkvæmt skóla-reglum tilviks-íslenskunnar um ofnotkun ákveðins greinis verða „hestarnir“ á „túnunum“ bara „hestar“ í „túnunum“.

Þessi upphafni stíll með setningum úr skáldsögum Halldórs sækir einkum á þegar Hannes er að lýsa hugarástandi Halldórs í sambandi við konur. Þannig segir um stúlkuna sem Halldór á að hafa kysst fyrst: „Fríða hvarf Halldóri sjónum. ‘Var þetta þá kanski lífið: að hafa elskað eitt sumar í æsku, og ekki gert sér það ljóst fyr en það var liðið.’“ (156–157)⁵⁵ Þetta skáldlega innskot, sem er fleygað inn í praktískar upplýsingar um hjónaband Fríðu á Skeggjastöðum, er hér augljóslega notað til að skapa það sem Hannes í greinargerð sinni kallar „andrúmsloft og hugblæ“. Þannig fylgir svo til hverri konu í lífi Halldórs tilvitnun við hæfi úr skáldsögum hans. Ein fær þetta: „Mikið er fyrsta kynferðisreynsla æskunnar fjarskyld hennar fyrstu ástum, það er álíka munur og á dögum og degi.“ (157)⁵⁶

Um samband þeirra Halldórs og Helgu Jóhannsdóttur í Brautarholti

52 Þessi fleygu orð eru venjulega höfð „Cherchez la femme“, eða leitið konunnar, og rakin til franska stjórnáamannsins Joseph Fouché (1759–1820).

53 Halldór Laxness, *Salka Völka* (1931–1932). Þriðja útgáfa (1959), bls. 403.

54 Á bls. 151 eru tvær tilvitnanir merktar nr. 1. Af samhenginu má ráða að fyrri tilvitnunin eigi við *Sölku Völku*. Heimild fyrir þeirri síðari vantar í tilvísanaskrá.

55 Vísað er í *Heimsljós, Höll sumarlandsins*, 18. kafla, að venju án útgáfuárs og blaðsíðutals. Setningin er næstum rétt upp tekin, þó er „fyren“ frumtextans skrifað „fyr en“. Sjá Halldór Laxness, *Höll sumarlandsins* (1938). Önnur útgáfa í *Heimsljós I* (1955), bls. 287.

56 Vísað er í *Heimsljós, Höll sumarlandsins*, 18. kafla, að venju án útgáfuárs og blaðsíðutals. Setningin er næstum rétt upp tekin, þó er „fyren“ frumtextans skrifað „fyr en“. Sjá Halldór Laxness, *Höll sumarlandsins* (1938). Önnur útgáfa í *Heimsljós I* (1955), bls. 287.

hefur Hannes svo til engar heimildir. Í stað þeirrar aðferðar að taka kafla úr skáldsögum Halldórs og hafa fyrir satt, grípur Hannes hér til þess ráðs „að skálda í eyðurnar“. Það gerir hann með því að láta kærustuparið ganga á Esju í rómantískri frásögn sem sótt er í *Sölku Völku*. Um þetta segir hann í málsgrein 10 á bls. 572: „Hér er skáldað í eyðurnar, því að heimildir eru af skornum skammti. En auðvitað hafa þau Halldór og Helga farið í gönguferðir út frá Brautarholti, um fjörur og upp á fjall. Stuðst er við *Sölku Völku*, *Fuglinn í fjörunni*, 20. k.“ Í næstu neðanmálsgrein er hugmyndin orðin að staðreynd, því að þar hefur Hannes leitað til Egils J. Stardal um það „hver líklegasta gönguleið þeirra hefði verið upp á Esju frá Brautarholti“ (sbr. nmgr. 11 á bls. 572). Þarna vísar Hannes einnig í grein eftir Egil J. Stardal í *Árbók Ferðafélags Íslands* 1985 um gönguleiðir á Esju. Úr þessum tveimur „heimildum“ býr hann til frásögnina af fjallgöngunni, tekur orðrétt upp úr báðum og setur fram sem sinn texta.⁵⁷

Eins og þau Salka Valka og Arnaldur hefja þau Helga og Halldór göngu sína í fjöruborðinu „milli hvítþveginna malarsteina og visnandi þöngla, sem brimið hafði borið á land“ og fylgja „troðningum hesta og kúa á láglandinu meðfram sjónum“ (159; *Salka Valka*, 398). Þau setjast niður „andspænis hvort öðru“, Salka Valka og Arnaldur „á grösugri eyri“ (398), en Helga og Halldór „á lítinn bala“ (159). Síðan standa bæði þörin upp og ákveða að halda áfram. Þau Salka Valka og Arnaldur „sniðskáru sig upp bratta hlíðina“ (400) en þau Helga og Halldór „sniðskáru sig upp hlíð í átt að Kerhólakambi“ (160). Á leiðinni hitta þau hryssu með folaldi og þá breiðir frásögnin verulega úr sér, Salka Valka hverfist í Helgu og „Alli“ í „Dóra“:

Texti Halldórs

Við læk undir fjallinu var hryssa með folaldi, og nokkrir gamlir húðarjálkar sem héldu þeir væru feður þess. Folaldið stökk til móður sinnar hábeinótt og fötfimt og fór undir hana sér til öryggis, en kláramir reistu makkann og spertu eyrun og sumir þóttust jafnvel verða fælnir er þeir sáu piltinn og stúlkuna [...].

Taka Hannesar

Við lítinn læk undir fjallinu var hryssa með folaldi og nokkrir gamlir hestar hjá. Þegar Halldór og Helga nálgudust, stökk folaldið til móður sinnar hábeinótt og fötfimt og fór undir hana sér til öryggis, en hestarnir reistu makka og spertu eyru. Helga gekk að folaldinu, sem skaut sér hinum megin við hryssuna. Hún elti það í kringum hana nokkrum sinnum, handsamaði það að lokum

57 Vísað er til 17. kafla *Heimsljóss*, *Hallar sumarlandsins* án útgáfuárs og blaðsíðutals. Sjá Halldór Laxness, *Heimsljós* I (1955), bls. 275.

Bíddu, sagði Salka Valka og gekk að folaldinu. Hún var svo mikið fyrir alt sem er nýlega fætt. Folaldið skaut sér hinumegin við mömmuna, og Salka elti það í kríngum hana nokkrum sinnum, handsamaði það að lokum allrasnökkvást og kjassaði það.

Elsku litla folaldið, sagði hún, þegar hún hafði mist það aftur. Þykir þér gaman að folöldum Alli?

Nei, sagði hann. Mér þykir meira gaman að gömlum hestum. (400)

og kjassaði það. „Elsku litla folaldið,“ sagði hún, þegar hún hafði mist það aftur. „Þykir þér gaman að folöldum, Dóri?“ spurði hún. „Nei,“ svaraði hann. „Mér þykir meira gaman að gömlum hestum.“ (159–160)

Textarnir eru svo til samhljóða að öðru leyti en því að Hannes fellir úr, t.a.m. hugsun húðarjálkanna, og breytir þeim ásamt „klárunum“ í hesta. Eins og Salka Valka og Arnaldur vekja þau Helga og Halldór síðan upp kindur á næturgöngu sinni:

Texti Halldórs

Í lautunum vöknudu ær með unglömbum, stukku felmtraðar nokkrar leingdir sínar, sneru sér síðan við til að virða fyrir sér hættuna, fæstu á þau og voru horfnar einsog örskot fyrir næsta leiti með lömb sín. (400)

Taka Hannesar

Í lautum vöknudu ær með unglömbum, stukku felmtraðar nokkrar lengdir sínar, sneru sér síðan við til að virða fyrir sér hættuna, fæstu á hjónaleysin og voru horfnar eins og örskot fyrir næsta leiti með lömb sín. (160)

Textarnir eru nákvæmlega samhljóða að öðru leyti en því að Hannes bætir „hjónaleysunum“ við. Aftur setjast pörin niður, þau Salka Valka og Arnaldur „í grænum hvammi, grasi vöxnum að neðan, en lýngi og blóðbergi að ofan [...] fast hvort uppvið annað, heit og rjóð, ljómandi augum, ölvuð af vorilminum úr fjallinu, og hann greip aðra hönd hennar [...]. Það var ekkert sagt.“ (400–401) Þau Helga og Halldór koma líka „í grænan hvamm, grasi vaxinn að neðan, en lýngi og blóðbergi að ofan“ þar sem þau setjast „fast hvort upp við annað, heit og rjóð“ (160). Þau njóta þó ekki vorilmsins úr fjallinu eins og þau Salka Valka og Arnaldur, heldur „sumarilmsins úr fjallinu“ (160), jafnvel þótt það sé augljóslega vor hjá þeim líka.

Með Arnald að fyrirmynd „greip“ Halldór „hönd Helgu. Hvorugt sagði neitt“ (160). Hér sleppir frásögn *Sölku Völku* og við tekur texti Egils J. Stardal í *Árbók Ferðafélagsins*. Þau Helga og Halldór koma „göngumóð“ á „HáEsju“ [svo!] (160) og virða fyrir sér útsýnið frá sjónarhóli Egils:

Texti Egils Stardal

Þegar Hátindi er náð er ekki úr vegi að kasta mæðinni, taka sér sæti á kalli tindsins og virða fyrir sér víðáttu þá sem Esjan býður þeim að skoða er lagt hefur á sig það erfiði að klifra upp í háseti hennar. [...] vestan Skarðsheiðar er útsýni yfir Hvalfjörð og Akrafjall og þaðan vestur um allar Mýrar til fjalla á Snæfellsnesi, þangað sem jökullinn ber við hafsbryn og langt til hafs yfir Faxaflóa. Til suðurs sést yfir Sundin, eyjarnar og allt höfuðborgarsvæðið og þaðan til Reykjanesfjalla. Nær liggja fjöll og dalir vestan Mosfellsheiðar sem hér yrði of langt upp að telja, heiðin sjálf og Svínahraun austur að Vífilfelli og Henglafjöllum. Austan Mosfellsheiðar sést Þingvallasvæðið með vatninu og þar yfir til landsuðurs á Lyngdalsheiði, austur um láglendi Suðurlands, til Vestmannaeyja og óravídd til hafs.⁵⁸

Taka Hannesar

Þaðan sést vítt um, vestan Skarðsheiðar yfir Hvalfjörð og Akrafjall og þaðan vestur um allar Mýrar til fjalla á Snæfellsnesi, og ber jökullinn við hafsbryn og langt til hafs yfir Faxaflóa. Halldór horfði lengi á jökullinn. Til suðurs blasa Sundin við, eyjarnar og Reykjavík og þaðan [svo!] Reykjanesfjöll. Nær liggja fjöll og dalir vestan Mosfellsheiðar, heiðin sjálf og Svínahraun austur að Vífilfelli og Henglafjöllum. Austan Mosfellsheiðar sést Þingvallasvæðið með vatninu og þar yfir til landsuðurs á Lyngdalsheiði, austur um láglendi Suðurlands og til hafs. (160)

Þarna á hátindinum trúir Halldór Helgu fyrir því að „sig dreymdi um að verða mikill maður, láta að sér kveða, auka hróður Íslands“ (160). Á móti trúir Helga honum fyrir því að foreldrar hennar séu á móti ráðahagnum. Þar með ljóstrar hún upp leyndarmálinu sem Hannes síðan gerir uppskált um, og er eitt af nýmælunum í bók hans, ástæðunni fyrir því að slitnaði upp úr trúlofun þeirra. Hugarástandi Halldórs, þegar Helga guggnar á því að strjúka með honum burt, er síðan lýst með hugsunum Sölku Völku þegar Arnaldur hefur svikið hana: „Þetta var ein af þeim nóttum lífsins þegar jafnvel gráturinn er freðinn í barminum. Höll hrynur eftir höll, borg eftir borg, og það heyrst ekkert hljóð. Það er einsog saga heils mannkyns líði þar undir lok í þögninni. Jörðin verður aftur auð og tóm. Og myrkur leggst yfir djúpin.“ (191)⁵⁹

Um samband Halldórs og Málfríðar Jónsdóttur barnsmóður hans byggir Hannes á viðtali Guðrúnar Guðlaugsdóttur við Maríu Halldórs-

58 Egill J. Stardal, „Esja og nágrenni,“ *Þættir um nágrenni Reykjavíkur. Árbók Ferðafélags Íslands 1985*, bls. 106–108. Hannes vitnar ekki í blaðsíðutal og lætur nægja að vísa í sérprent úr *Árbókinni* sem nefnist „Esja og Mosfellsheiði“ en það er tæpar 60 bls. að lengd.

59 Um þetta er vísað í *Sölku Völku, Fuglirn í fjörunni*, 26. kafla, án útgáfuárs og blaðsíðutals. Tilvísunarkerkið er rangt, 9 í stað 8. Textinn er á bls. 445 í *Sölku Völku*, annarri útgáfu 1952. Hann er ekki alveg rétt upp tekinn hjá Hannesi sem skrifar „leggst“ í stað „legst“.

dóttur, og án þess að geta heimildar gerir hann beina ræðu Maríu að sinni eigin hlutlægu lýsingu:

Texti Maríu Halldórsdóttur

„Mamma sagði mér oft hve yndislegt þetta sumar hefði verið, veðrið gott og gaman að ganga berfætt í sandinum, hvítum og hlýjum,“ segir María Hall dórsdóttir.⁶⁰

Taka Hannesar

Þetta var yndislegt sumar. Veðrið var gott, og þeim Halldóri og Málfríði fannst gaman að ganga saman berfætt í sandinum á ströndinni, hvítum og hlýjum. (201)

Auk þess að geta ekki heimildar fer Hannes rangt með orð Maríu sem er aðeins að tala um upplifun móður sinnar. Hannes kemur Halldóri að í myndinni og verða þau tvö gangandi berfætt í sandinum honum tilefni eftirfarandi skáldlegra hugleiðinga, orðaðar með setningum beint úr *Heimsljósi, Höll sumarlandsins*:

Texti Halldórs

[...] nokkur sjóvot spor á gólfinu og sandur í sporunum, ángan af konu, mjúkar elskandi varir í rökkri sumarnæturinnar [...]. (*Heimsljós* I, 278)

Taka Hannesar

Var ástin Halldóri ekki nokkur sjóvot spor á gólfinu og sandur í sporunum, ángan af konu, mjúkar varir í rökkri sumarnæturinnar? (201-202)

Ekki getur Hannes heldur heimildar um þessa lýsingu. Í þessari frásögn af Halldóri og Málfríði má sjá hvernig Hannes bræðir saman óskylda texta, tekna hvorn úr sinni áttinni, og setur fram sem sinn eigin.

Afritun óheimil

Innan á titilblaði í bók Hannesar stendur þessi staðlaða áritun sem í ljósi vinnubragða hans fær á sig írónískan blæ: „Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.“ Samkvæmt þessu þarf að fá leyfi hjá Hannesi fyrir birtingu á þeim textum sem hann yfirtekur.

Í fyrri hluta bókar sinnar endursegir Hannes minningabækur Halldórs kafla fyrir kafla þar til þeim sleppir undir lok fjórða kafla og bækur Peters Hallberg taka við sem meginuppistaða. Við minningabækurnar bætir Hannes hér og þar ýmsum fróðleik, auk þess sem hann á stöku

60 „Hún hefur augun hans Dóra! Guðrún Guðlaugsdóttir ræðir við Maríu Halldórsdóttur.“ *Nærmynd af Nóbelskálði*, bls. 31.

stað fleygar þær með lýsingum úr ritum annarra, einkum á landslagi, staðháttum og fólki. Sjálfur gerir hann á þessu litla sem enga rannsókn, heldur tekur það yfirleitt gilt sem aðrir skrifa um leið og hann setur það fram sem eigin athugun. Stundum leiðréttir hann missagnir, einkum hvað varðar staðsetningar og ártöl.

Þetta ósjálfstæði gagnvart heimildum kemur vel fram í kafla sem Hannes hefur valið heitið „Hjónin í Laxnesi“ og segir frá foreldrum Halldórs. Þetta heiti er upprunalega nafn á grein Jónasar Magnússonar í Stardal sem birtist í *Morgunblaðinu* 2. og 9. apríl 1967 og fjallar um sama efni. Í *Í túninu heima* fer Halldór Laxness viðurkenningarorðum um grein Jónasar og með skírskotun í hana nefnir hann kaflann um foreldra sína sama nafni: „Hjónin í Laxnesi“. Þetta kaflaheiti tekur síðan Hannes frá þeim báðum og setur í sína bók.

Kaflinn „Hjónin í Laxnesi“ í bók Hannesar er svo til orðrétt endursögn á völdum köflum í grein Jónasar. Aðeins er getið heimildar um nokkrar setningar innan gæsalappa í endursögninni miðri. Að öðru leyti er ekki annað að sjá en textinn sé eftir Hannes, en bæði lýsingar og ályktanir Jónasar gerir hann að sínum:

Texti Jónasar Magnússonar

Jörðin Laxnes var ekki talin góð bújörð, áður en Guðjón Helgason kom þangað, þótt ekki væri hún landlítill miðað við þær jarðir, sem eiga ekki til hálendis eða fjalla. En mikið af landinu, sem fjær liggur, er graslendi, þýfðar mýrar og heldur blautar, þegar talað er um engjar til slægna, sem þá var mest lagt upp úr. Jörðin var nokkuð dýr miðað þá við verðlag jarða. En það gerði íbúðarhúsið. [...] Þetta íbúðarhús var byggt úr timbri og bárujárn, ein hæð og grjóthlaðinn kjallari. Einnig byggði Páll heyllöðu heima úr timbri og bárujárn, ekki stóra [...].⁶¹

Taka Hannesar

Jörðin Laxnes var ekki talin góð bújörð, þegar Guðjón Helgason keypti hana, þótt hún væri fremur víðlend miðað við þær jarðir, sem eiga ekki til hálendis eða fjalla. En mikið af landinu, sem fjær liggur, er graslendi, þýfðar mýrar og heldur blautar. Jörðin þótti dýr eftir verðlagi á þeim tíma. Því olli íbúðarhúsið, sem var reist úr timbri og bárujárn, ein hæð og grjóthlaðinn kjallari. Einnig hafði Páll Vídalín reist heyllöðu úr timbri og bárujárn, en heldur litla. (29)

Hér hefur Hannes eignað sér textann með því að hnika til orðum og breyta orðalagi, „kom þangað“ verður „keypti hana“, „ekki landlítill“ verður „fremur víðlend“, „nokkuð dýr“ verður „dýr“, „miðað við“ verður „eftir“ og „það gerði“ að „því olli“. Hann sleppir setningu

61 Jónas Magnússon, „Hjónin í Laxnesi“, *Lesbók Morgunblaðsins* 2. apríl 1967, bls. 1.

Jónasar um slægjurnar og einnig orðinu „heima“ sem er of persónulegt og ber merki þess að einhver kunnugur segi frá. Eitt af því sem ekki þykir góð íslenska er að nota sögnina „að byggja“ um hús, land skal byggja, en ekki hús. Þessu orði skiptir Hannes út fyrir hið kórrétta orð „reisa“. Þá breytir hann „ekki stóra“ í „heldur litla“. Pál Vídalín hrossakaupmann nefnir Hannes fullu nafni, en í nafnaskrá er honum slegið saman við Pál Vídalín lögmann og skáld.⁶²

Í lok greinar sinnar vikur Jónas að Sigríði Halldórsdóttur, móður Halldórs. Í kaflanum „Hjónin í Laxnesi“ *Í túninu heima* staldrar Halldór sérstaklega við þessa frásögn Jónasar og vitnar til hennar. Það gerir hann á réttan hátt, þannig að lesandi veit hver segir hvað, og hefði Hannes hér getað lært mikið af vinnubrögðum Halldórs. Það eru því til þrjú tilbrigði af þessari lýsingu og athyglisvert að bera þau saman.

Texti Jónasar

Sigríður var góð húsmóðir fólki sínu og lét því líða vel á allan hátt sem hún gat. Hún var alltaf glöð og hlý í daglegri umgengni, en þó hljóð og fáorð að edlisfari. Sjálf var hún öll fyrir sitt heimili og þó mest inn á við, var fegin að þurfa sem minnst að hlutast til um út á við eða réttast sagt: svo heimakær, að hún vildi næstum ekki þurfa að heiman að fara nema til nauðsynjaerinda til Reykjavíkur vegna heimilisins, en vænst þótti henni um, ef hún gat falið þeim sem hún treysti að reka slík erindi fyrir sig. Þess utan fór Sigríður ekki einu sinni á næstu nágrennabæi.⁶³

Texti Halldórs

Í því sem Jónas segir um móður mína er brugðið upp mynd sem er því fjarri að vera mér ókunn. Hann tekur fram að hún hafi verið glöð og hlý í daglegri umgengni, þó hljóð og fáorð að edlisfari; og lýkur lofsorði á hver húsmóðir hún hafi verið öllu fólki sínu, en frábitin því að hlutast til um annarra hagi útífrá eða þau málefni sem lágu fjær. Hún vildi aldrei að heiman fara nema til Reykjavíkur, nauðsynjaerinda vegna heimilisins; þess utan, segir Jónas, fór Sigríður ekki einusinni á næstu nágrennabæi þó hún byggi 23 ár í Laxnesi. (97)

Taka Hannesar

Sigríður í Laxnesi var fólki sínu góð húsmóðir. Hún var hlýleg í daglegri umgengni, en hljóðlát og fáorð. Hún var „mikil húsmóðir og snjöll fjármálakona, að minnsta kosti í eigin þágu“, sagði Þórbergur Þórðarson síðar, og var lofið nokkuð blendið. Sigríður vildi sem minnst hlutast til um mál annarra. Hún var svo heimakær, að hún vildi ekki þurfa að fara að heiman nema nauðsynlegustu erinda, og var ávallt fegin, ef hún gat falið öðrum að sinna þeim fyrir sig. (35)

62 Það eru fleiri nafnavillur í bók Hannesar. T.a.m. er Björn Bjarnarson í Grafarholti nefndur Björnsson, en hann kallaði sig ávallt Bjarnarson. Í nafnaskrá er honum slegið saman við Björn Björnsson þann sem tók þátt í kaþólskri skírn Stefáns frá Hvítadal. Nafn Árna Thorsteinson tónskálds er skrifað með tveimur s-um, þ.e. Thorsteinsson, bæði í meginmáli og nafnaskrá. Í myndatexta er Hallbjörn Halldórsson nefndur Hallbjörn Hjartarson og Einar Laxness sagður fæddur 1930, en hann er fæddur 1931.

63 Jónas Magnússon, „Hjónin í Laxnesi“, *Lesbók Morgunblaðsins* 9. apríl 1967, bls. 12.

Hér má sjá hvernig Halldór vinnur úr frásögn og orðalagi Jónasar með því að vitna sífellt til hans. Þetta er allt önnur aðferð en Hannes notar en hún felst í því að afrita og eigna sér. Endursögn sína fleygar Hannes með tilvitnun í Þórberg Þórðarson, „sagði Þórbergur Þórðarson síðar“. Hann getur ekki frekari heimilda um þessa frásögn sem, miðað við aðferð Hannesar við textatökuna á öðrum stöðum, mætti því ætla að væri öll frá Þórbergi komin.

Lýsingar á staðháttum og landslagi í Mosfellssveit tekur Hannes að öðru leyti upp úr skáldlegum lýsingum Halldórs sem hann „hagræðir“ með úrfellingum og setur fram sem hlutlæga athugun sína:

Texti Halldórs

Vegurinn uppí Moskó sem þessi sveit var þá kölluð af einhverri misskilinni fyrirlitningu á Rússlandi, það voru bara lestamannatroðningar [...]. (*Í túninu heima*, 25)

Þá lá gatan ekki einsog þjóðvegurinn núna, uppí miðri sveit, heldur þræddi sig með sjónum í niðursveitinni, og var farið upp með Grafárvogi, síðan fyrir voginn yfir litla heiði eða háls sem ég aldrei í minni bernsku heyrði nefnt öðru en því undursamlega nafni Kjalholt. (*Í túninu heima*, 27)

Taka Hannesar

Vegurinn úr Reykjavík upp í Mosfellssveit var þá varla nema troðningur, sem þræddi sig með sjónum í niðursveitinni, upp með Grafárvogi, fyrir voginn og yfir Keldnaholt, sem nú er kallað. (18)

Hér hefur Hannes dregið langa lýsingu saman í nokkrar línur og tekst með því að eyða sjónarhorni frumtextans. Hann „þýðir“ nöfnin „Moskó“ og „Kjalholt“ yfir í viðurkennd heiti þeirra og sleppir örnefnaskýringunum. Yfirleitt gefur hann ekki mikið fyrir áhuga Halldórs og skýringar á örnefnum, en allt slíkt þurrkar hann burt.

Þá er ekki annað að sjá en lýsingin á staðháttum við Laxnes sé byggð á eigin athugun Hannesar, en hún er beint upp úr *Í túninu heima*, og án þess að þeirrar heimildar sé getið:

Texti Halldórs

Kaldakvísl, áin sem kemur undan brúnum Mosfellsheiðar, og Eyjólfur á Hvoli, sem eitt ár bjó í Laxnesi, nefnir Kaldaklofsá, og þykir víst ekki nógu fint, þessi á fellur um endilángan Mosfellsdal miðjan til vesturs, og útúr honum gegnum skarð í Ásunum norðrundan Helgafelli [...]. (29)

Taka Hannesar

Kaldakvísl kemur undan brúnum Mosfellsheiðar og rennur um endilángan Mosfellsdal miðjan til vesturs og úr honum um skarð í Ásunum norður undir Helgafell. (18)

Hér sleppir Hannes allri umræðu um „Kaldaklofsá“. Með þessu eyðir hann ekki aðeins sjónarhorni Halldórs úr textanum heldur einnig kímnni, og eftir stendur hlutlæg landfræðileg lýsing. Þótt Hannes fái þessa lýsingu þannig tilbúna og þurfi ekki að gera annað en stytta, hefur honum fundist ástæða til að breyta „undan“ í „undir“ og þar með rennsli árinna sem í stað þess að renna út úr dalnum í vestur gegnum skarð norður *undan* Helgafelli stefnir í texta hans norður *undir* Helgafell, og er þá vandséð hvernig hún kemst út úr dalnum.⁶⁴

Eitt það fyrsta sem verður fyrir „Dóra litla“ í Laxnesi eru mógrafirnar í túninu norðan við bæinn og koma þær mjög við sögu í bók Hannesar. Í *Í túninu heima* er mógröfunum og hættunum sem stafar af þeim lýst út frá sjónarhorni barnsins sem upplifir. Verður hér sýnt eitt dæmi um endurritun Hannesar á frásögn um mógröf:

Texti Halldórs

Í sumum voru brúnklukkur sem svo eru kallaðar af því þær hafa þá náttúru, að komi maður nálægt brúninni á svona mógröf, þá hoppar brúnklukkan uppúr og beina leið oní mann og tekur til óspiltra mála að éta innanúr manni lifrina. Það er eingin lækning við brúnklukku nema gleypa jötunux. (46-47)

Taka Hannesar

Í sumum voru brunklukkur. Drengnum var sagt, kæmi hann nálægt brún á mógröf, að þá myndi brunklukka stökkva upp úr henni beint ofan í hann og éta innan úr honum lifrina. Engin lækning væri til önnur en sú að gleypa jötunuxa [...]. (20-21)

Í máli barnsins heitir kvikindið sem býr í mógröfnni „brúnklukka“ og það er vegna þess að það heldur sig við brúnina. Með því að breyta nafninu í „brunnklukka“ slítur Hannes tengslin milli orðs og fyrirbæris, enda sleppir hann skýringunni á orðinu í texta sínum. Þar með eyðir hann einnig lýsingunni á vaknandi málvitund barnsins sem leitast við að tengja saman orð og fyrirbæri.⁶⁵ Ekki fær jötunux heldur að vera í friði

64 Benda má á fleiri staðfræðivillur í bók Hannesar. T.a.m. eru Skeggjastaðir sagðir vera „norðan við fellið frá Laxnesi“ (23), en þar ekkert fell. Æsustaðir í Mosfellsdal eru sagðir vera undir Helgafelli (23), en þeir eru undir Æsustaðafalli. Kálfakot er sagt hafa verið vestan Helgafells (144), en það stóð sunnan við Úlfarsfell og var nafni þess síðar breytt í Úlfarsá. Þá setur Hannes Varmá upp á Kjalarnes (158), og hefur þar augljóslega ruglað því saman við Kjalarnesþing í frásögn Halldórs af „fornum skemtistað Kjalarnessþings, Varmárbökkum“ (*Grikklandsárið*, bls. 64). Varmá rennur um miðjan Mosfellsbæ. Ég þakka Bjarka Bjarnasyni fyrir þessar ábendingar.

65 Til gamans má geta þess að í Orðabók Háskólans eru mun fleiri dæmi um „brúnklukku“ en „brunnklukku“, og af þeim má glögglega sjá að „brúnklukka“ er orð alþýðu, þjóðsagna og þjóðtrúar, þar sem „brunnklukka“ er frekar heiti tegundarinnar.

en er breytt í jötunuxa. Við þessar breytingar tapar líka textinn merkingu sem felst eins og svo oft í hugleiðingum Halldórs um tungumál og orð. Þá hefur Hannes ekki tekið eftir því að einmitt „brúnklukkan“ kallast á við lokin á *Í túninu heima* þar sem hún er eitt af því sem drengurinn full-orðinn minnst: „Brúnklukka í mýri? / Nei, ekki meir.“ (249)

Í *Í túninu heima* er ljóðræn frásögn af lind sem jafnframt því að vera vatnsból fátæks fólks verður fyrir Halldóri að sjálfri uppsprettu lífsins. Í bók sinni birtir Hannes útdrátt úr þessari frásögn án þess að geta heimildar:

Texti Halldórs

Til útnorðurs í túnjaðri Laxnestúngu er uppsprettulind umlukt hárrí grasbrekku á þrjár hliðar; þar var vatnsból þess fátæka fólks sem búið hafði í Laxnestúngu. Eingin konúngshöll hefur haft þvílíkt vatnsból. Þessi lind konunnar sem dó hjá barninu hefur einatt mint mig á upprettu lífsins í Paradís. Í dalnum trúðu allir á þessa lind; einlæggt ef einhver var hættulega sjúkur var sótt vatn í þessa lind. Faðir minn trúði á þessa lind. Ég trúu líka á þessa lind. Þegar faðir minn var hætt kominn í lúngnabólgu í fyrra sinnið var ég látinn sækja vatn handa honum í þessa lind tvisvar á dag og honum batnaði. Þegar hann fékk lúngnabólgu næst, átta árum síðar, þá var ég í bænum að láta prenta Barn náttúrunnar og einginn til að sækja honum vatn í þessa lind og hann dó. Lindin er kölluð Guddulaug núna, en fróðir menn hafa sagt mér að hún muni hafa heitið Góðalaug eða Guðalaug áður. Bráðum kemur djöfull Hagvaxtarins, eða eitthvert annað ófætiskvikindi síst betra og ræðst á þessa lind. (244)

Taka Hannesar

Til útnorðurs í túnjaðri Laxnestúngu er uppsprettulind og há grasbrekka umhverfis hana á þrjár hliðar. Þar var vatnsból þess fólks, sem hafði búið í Laxnestúngu. Í dalnum trúðu allir á þessa lind. Þegar einhver var hættulega sjúkur, var sótt vatn í hana. Eitt sinn fékk Guðjón í Laxnesi lúngnabólgu. Þá var sonur hans látinn sækja vatn handa honum í þessa lind tvisvar á dag, þar til honum batnaði. Lindin er kölluð Guddulaug. (29)

Fyrir Hannesi er röð atburða aðalatriðið. Þess vegna sleppir hann dauða föðursins sem texti Halldórs hverfist um, enda deyr faðirinn ekki í þessari bók, heldur þeirri næstu í tímaröðinni. Tákmynd lindarinnar sem uppsprettu lífsins verður að engu í texta Hannesar og vatnið sem drengurinn sækir handa föður sínum í fyrra sinnið sem hann veikist kallast ekki á við neitt. En það eru fleiri botnar sem detta úr sögunni. Hugleiðingar um nafn lindarinnar verða að praktískum upplýsingum og djöfull Hagvaxtarins hefur verið strikaður út.

Í fyrsta kafla bókar sinnar þræðir Hannes *Í túninu heima* frá upphafi til enda og lýkur honum á sömu frásögn og Halldór lýkur sinni bók:

Texti Halldórs

Um morguninn förum við pabbi á stað áður en hjart var orðið; hann hafði sjálfur náð í hestana og þeir stóðu söðlaðir á hlaðinu þegar ég kom ofan. Fólkið var ekki komið á fætur. Móðir mín gaf okkur kaffi í kokkhúsinu; og þetta góða brauð. Hún hafði látið vatn á ketilinn aftur í nýja hitu handa fólkinu þegar það kæmi ofan. Ég vissi vel að ég var að fara að heiman fyrir fullt og alt, við vissum það öll en létum sem ekkert væri. Faðir minn var geinginn út til hestanna og ég kvaddi móður mína í fyrsta sinn. Hún sagði í fyrsta sinn: guð fylgi þér. Lokið á katlinum var byrjað að glamra, því suðan var að koma upp á vatninu í seinni hituna [...]. (248)

Og glæpamennirnir stóðu undir klettunum og horfðu á biskupshjónin ríða; og það glitti á dögglúngin svartfext hrossin í morgunsárinu.⁶⁶

Taka Hannesar

Næsta morgun fóru þeir Guðjón og Dóri á fætur, áður en hjart var orðið. Guðjón náði í hestana, og þeir stóðu söðlaðir á hlaðinu, þegar sonur hans kom ofan. Fólk var ekki komið á fætur. Sigríður húsfreyja gaf feðgunum kaffi í eldhúsinu og með því bragðgott brauð. Hún hafði látið vatn á ketilinn aftur í nýja hitu handa fólkinu, þegar það kæmi ofan. Drengurinn og foreldrar hans vissu, að Dóri var að fara að heiman alfarinn, en þau létu öll sem ekkert væri. Guðjón var genginn út til hestanna, þegar Dóri kvaddi móður sína. Hún sagði: „Guð fylgi þér.“ Lokið á katlinum var byrjað að glamra, því að suðan var að koma upp á vatninu í seinni hituna. Dóri gekk út. Hann og Guðjón bóndi stigu á bak hestum sínum og riðu úr hlaði. Sigríður brá sér út í dyr og horfði á eftir eiginmanni sínum og syni ríða brott. Það var komið haust, en í morgundögginu stimdi á svartfexta hestana. (59)

Í *túninu heima* endar á ljóði sem rennur saman við frásögnina á undan. Þessu ljóði sleppir Hannes en grípur þess í stað til skáldlegrar lýsingar sem lesendur kynnu að halda að væri eftir hann sjálfan. En svo er ekki. Lýsinguna tekur hann úr lokum *Íslandsklukkunnar*. Ekki getur hann heimildar, en tileinkar sér þessa táknrænu mynd af biskupshjónunum sem hverfa burt úr sögunni á svörtum hestum með því að breyta þeim í feðgana Guðjón bónda og son hans Dóra. „Hross“ verða „hestar“, „glitti“ verður „stirndi“ og „dögglúngin [...] í morgunsárinu“ er dregið saman í „morgundögg“. Loks verða glæpamennirnir undir klettunum á Þingvöllum að móðurinni Sigríði sem úr dyrunum í Laxnesi horfir á eftir syni sínum út í lífið.

Nýmæli

Samkvæmt því sem Hannes segir í greinargerð sinni felast nýmælin í bók hans einkum í þrennu. Í fyrsta lagi í leiðréttingum á þeim heimildum sem hann nýtir sér, í öðru lagi í fróðleik „um menn og atvik“, ⁶⁷

66 Halldór Laxness, *Íslandsklukkan* (1943–1946). Önnur útgáfa (1957), bls. 442.

67 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Greinargerð“, bls. 29, dálkur 1.

t.a.m. „fróðleikur um Brynka, sem drepinn var á Laugavegi“, „fróðleikur um vini og velunnara“, „fróðleikur um Sel í Múlasveit“, „margar sögur um Halldór og skólabræður hans“, „gamanvísur frá 1930“, „hvað ábótinn í klaustrinu sagði við Jón Sveinsson“ og „hvers vegna slitnaði upp úr trúlofun þeirra“. Í þriðja lagi felast nýmælin í nafnbirtingum, svo sem „hver leyndist undir nafninu Björn Hannesson“, og „hver maðurinn var (að öllum líkindum), sem deildi harkalega undir dulnefni við Halldór í blöðum“. Einkum er þó Hannes gagnstekinn af nafnbirtingu kvenna sem ýmist verða ástkonur Halldórs eða fyrirmyndir að kvenlýsingum hans. Hér má nefna „hvaða stúlku Halldór var trúlofaður árin 1920–1922“, „hvaða stúlku Halldór var hrifinn af í Flatey 1921“, „hver var fyrirmyndin að Huldu í Barni náttúrunnar“ og „hvert ‘hið ljósa man’ var í lífi Halldórs“. ⁶⁸

Um nafnið á „hinu ljósa mani“ vitnar Hannes í viðtal Sveinbjörns I. Baldvinssonar við Þorstein Magnússon frá Mosfelli (567, nmgr 2). En þar segir Þorsteinn aðspurður um það hvort hann kannist við drætti í skáldsagnapersónum Halldórs úr sinni heimabyggð: „Nei, það er lítið. Eiginlega ekkert. Þó hef ég heyrt að ung stúlka á Skeggjastöðum hafi að einhverju leyti verið fyrirmyndin að ‘hinu ljósa mani’ í Íslandsklukkunni og ég er nú ekki alveg frá því. Ég man eftir stúlkunni. Fríða hét hún. Falleg stúlka. Stúlkunum leist vel á Halldór.“ ⁶⁹ Hugmyndina um „hið ljósa man“ hefur Þorsteinn sennilega úr bók Guðmundar G. Hagalín, *Hrævareldar og himinljómi*, sem kom út árið 1955. Í bókinni minnst Hagalín dvalar sinnar í Laxnesi sumarið 1918 og gönguferðar þeirra Halldórs norðaustur heiðina þar sem Halldór sagði honum frá ljóshærðri, bláeygri, hörundshvítri og saklausri stúlku sem þar ætti heima. Þegar Hagalín svo aldarfjórðungi síðar las um „hið ljósa man“ segist hann hafa minnst „hinnar rómantísku tilbeiðslu í svip og rómi Halldórs þennan

68 Öll eru þessi dæmi á bls. 29 í greinargerðinni, dálki 2 og 3.

69 Sveinbjörn I. Baldvinsson, „Í túninu heima. Rætt við Þorstein Magnússon frá Mosfelli leikbróður Halldórs Laxness“, *Morgunblaðið* 22. apríl 1982, bls. 52. Hannes nýtir sér síðustu setningu Þorsteins en snýr henni við. Í stað þess að stúlkunum lítist vel á Halldór segir Hannes: „Halldóri leist vel á hana.“ (77)

dag þarna uppi í gróandi heiðinni“.⁷⁰ Frekari rök er ekki að finna í bók Hannesar fyrir „hinu ljósa mani“ í lífi Halldórs Laxness.

Þá segist Hannes í greinargerðinni hafa komist að því „með hvaða giftri konu Halldór átti ástarævintýri á Þingvöllum 1924“, en frá þessu segir þó ekki í bók hans. Sumarið 1924 dvaldist Halldór að vísu nokkra daga á Þingvöllum og hitti þar tvær giftar systur sem bjuggu í Valhöll, en sjálfur gisti hann í vegavinnutjaldi. Þarna voru fleiri konur og um þetta segir: „Halldór var á Þingvöllum í tíu daga innan um konur, sem töluðu ekki um annað en andatrú og guðspeki. Hann sagði Jóni Helgasyni, að hann hefði misst vitið, hefði hann ekki haft með sér ljóðabókina *Heilaga kirkju* eftir Stefán frá Hvítadal.“ (269) Hins vegar var Halldór, þegar þarna er komið sögu, nýkominn úr Flatey þar sem hann að mati Hannesar hafði átt í ástarævintýri með giftri konu, fertugri að aldri og margra barna móður. Nafn hennar fann hann með því að fara í íbúaskrá Flateyjar og nota útilokunaraðferðina. Konan sem hann nafngreindir (267) er nefnilega „eina konan í Flatey, sem komið getur til greina, skv. rækilegri rannsókn á íbúaskrám í Flatey“ (581, nmgr. 3).⁷¹ Síðar í bókinni veltir Hannes fyrir sér mögulegum fyrirmyndum að frú Svölu í *Heiman eg fór* sem var gift og tíu árum eldri en sögumaður. Hannes nefnir fyrst þær Vilborgu Einarsdóttur, móður Einars Ólafs Sveinssonar, og Guðrúnu Erlings, vegna þess að þær voru Halldóri hjálplegar í Reykjavík, „en einnig má láta sér detta í hug, að ástarævintýri hans með giftri konu í Flatey vorið 1924 hafi einhverju ráðið um þá mynd, sem hann dregur upp“ (297). Hér gætir Hannes þess ekki að handritið „Heiman ek fór“, sem Halldór vann að vísu við síðari hluta árs 1924, er unnið upp úr „Rauða kverinu“ frá vetrinum 1921–1922 og er lýsing frú Svölu tekin beint úr því riti.⁷²

70 Guðmundur G. Hagalín, *Hrævældar og himinljómi*, bls. 268. Hannes nefnir þessa frásögn, sbr. bls. 567, nmgr. 2, en kallar bók Hagalíns aðeins *Hrævælda*.

71 Um ástarævintýri Halldórs í Flatey vísar Hannes í bréf Halldórs Laxness til Stefáns Einarssonar frá árinu 1929, án þess að geta dagsetningar. Í bréfinu segir Halldór aðspurður að þessi kona hafi verið eldri en hann og gift, og hafi hún síðar skilið við mann sinn. Þetta finnst Hannesi passa vel við konuna í íbúaskránni og slær nafninu föstu. Honum dettur ekki í hug að konan kynni að hafa verið gestkomandi í Flatey.

72 Sjá einnig Peter Hallberg, *Vefarinn mikli* I, bls. 191.

Hér vaknar sú spurning hvað slíkar nafnbirtingar kvenna eiga að þýða, en af þeim eru fleiri í bókinni.⁷³ Sjálfur telur Hannes umfjöllun sína um það sem hann kallar „ástarævintýri Halldórs“ vera „til marks um það“ sem sé „frumlegt og nýtt“ í bók sinni, „að hann hefði haft uppi á konunum í lífi Halldórs, því að tengsl væru milli persónulegs lífs skálds-
ins og skáldsagna hans“.⁷⁴ Hann gerir hins vegar ekkert með þetta annað en bendla þessar konur við kvenlýsingar í verkum Halldórs.

Hannes nefnir það ekki í greinargerð sinni að hann var líka búinn að finna út hvaða gamla blinda kona það var sem amma Halldórs ætlaði að gefa rjómakökur í afmælisgjöf og sagt er frá í *Í túninu heima*. En það var „Guðfinna Bjarnadóttir, niðursetningur á Hraðastöðum“ (37). Hannes tekur það fram að Halldór nefni „hana ekki að vísu, en vart getur verið um aðra konu að ræða. Guðfinna fæddist 1. mars 1852 skv. manntali (eða 1853 skv. kirkjubókum), en lést 19. maí 1921. Hún var því að verða sextug, þegar þetta gerðist“ (564, nmgr. 4). Í rjómakökukafnanum sem að öðru leyti þræðir frásögn Halldórs nokkuð nákvæmlega bætir Hannes nafninu við og leggur það ömmunni í munn, ásamt því að konan hafi verið niðursetningur. Í *Í túninu heima* er setningin svo: „Þá sagði hún mér að gamla konan blinda á næsta bæ ætti afmæli eftir viku og væru kökurnar handa henni.“ (123) Með viðbótum Hannesar verður þetta: „Þá sagði amma hans, að gömul og blind kona, Guðfinna Bjarnadóttir, niðursetningur á Hraðastöðum, fengi kökurnar. Hún ætti afmæli eftir viku.“ (37) Með því að breyta tilsvari ömmunnar gerir Hannes hana að heimild

73 Fyrir utan það sem áður er nefnt má benda á bls. 292 ásamt nmgr. 5 á bls. 583, þar sem segir um nafngreinda konu: „Þótt Halldór nefni ekki nafnið, getur varla verið um aðra [...] að ræða [...] þótt hún hafi raunar aðeins verið sextán ára þetta ár.“ Einnig bls. 157 ásamt nmgr. 2, á bls. 572, en þar hefur Hannes fundið nafn á konu í manntali: „Líklegt er, þótt ekki sé það víst, að hún sé vinnukonan, sem Halldór segir, að hafi skrifað sér bréf.“ Ósmekklest er þó nafnbirting konu sem á að hafa flekað Halldór nýorðinn tólf ára: „Hún var sjö árum eldri en Halldór, lagleg stúlka með blásvart hár. Hún kunni suma hluti betur en hann.“ (157) Í nmgr. 2 á bls. 572 er vitnað í munnlega heimild um þetta og að aldursmunur hafi þótt of mikill til þess að sambandið gæti haldið áfram! Um þetta gerir Hannes þann fræðilega fyrirvara að fyrirbyggjandi heimildir leyfi ekki frekari ályktanir. Samt sem áður finnst honum ástæða til að birta bæði nafn og mynd konunnar í bók sinni, auk þess sem hann telur hana hugsanlega fyrirmynd að hinni „klúru og klunnalegu vinnukonu“ (479) í skáldsöguhandriti Halldórs „Heiðin“.

74 „Ég gerði ekkert óheiðarlegt, framdi engan ritstuld,“ bls. 27, dálkur 2.

fyrir nafnbirtingunni. Síðar í bók hans kemur niðursetningurinn Guðfinna Bjarnadóttir fyrir sem staðreynd og líkleg fyrirmynd að niðursetningnum Laugu í sögu Halldórs „Jarðarför Laugu í Gvöndarkoti“,⁷⁵ sem einnig var sextug og blind. Um þetta segir Hannes: „Þegar Halldór var að semja söguna minntist hann ef til vill gamallar, blindrar konu í Mosfellsveit, Guðfinnu Bjarnadóttur, sem var niðursetningur á Hraðastöðum [...]“ (168) Sá hængur er hér á að Guðfinna Bjarnadóttir dó ekki fyrr en ári eftir að Halldór samdi söguna sumarið 1920.⁷⁶

Það kann vissulega að vera fengur að ýmsum þeim fróðleiksmolum sem Hannes hefur safnað saman um „menn og atvik“ og hefði bók hans getað nýst sem uppsláttarrit ef heimilda hefði verið vel getið og þeim að treysta. Hins vegar verður ekki séð að bókin bæti nokkru sem máli skiptir við þá fræðilegu þekkingu sem fyrir var á ævi og verkum Halldórs Laxness. En um það og hvernig Hannes nýtir sér rannsóknir annarra í bók sinni og gerir að sínum verður fjallað í síðari hluta greinarinnar.

Síðari hluti

„Því má enn ekki gleyma, að bók mín er ævisaga,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson um bók sína *Halldór 1902-1932. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness* í greinargerð sem hann lagði fram á blaðamannafundi 8. janúar 2004 og vitnað er til í fyrri hluta þessarar greinar.⁷⁷ Með þessum orðum lætur Hannes að því liggja að aðrar reglur gildi um ritun ævisagna en annarra fræðirit. Á fundinum var hann spurður út í aðferðir við að rita ævisögur, og þær sagði hann vera tvær. Væri önnur hin svokallaða „cut and paste“-aðferð sem fælist í því að taka texta úr bókum, „setja gæsalappir utan um þá og þrjóna eigin texta á milli“. Þessari aðferð sagðist hann hafa hafnað jafnvel þótt hann hefði með henni getað „tryggt sig gagnvart gagnrýnisröddunum“. Þess í stað hefði hann kosið hina aðferðina sem væri að „sannreyna“ textann og „endursegja“ hann,⁷⁸ og væri

75 Hannes skrifar reyndar „Gvöndarkot“ í staðinn fyrir „Gvöndarkot“ sem er í öllum útgáfum sögunnar.

76 „Sjá Halldór Laxness, „Formáli að Nokkrum sögum,“ *Þættir* (1954), bls. 7.

77 „Greinargerð,“ bls. 29, dálkur 3.

78 „Ég gerði ekkert óheildarlegt, framdi engan ritstuld,“ bls. 27, dálkur 3.

það „matsatriði hverju sinni“ hvort vísa ætti til heimildar.⁷⁹ Aðspurður um þriðju aðferðina sem væri „að semja eigin texta“ og vitna til heimilda eftir þörfum, sagðist hann vera „á móti því að finna hjólið upp aftur“. Þegar hann hefði „fundið góðar lýsingar annarra“ hefði hann notað þær.⁸⁰ Til útskýringar aðferðinni nefndi hann dæmi um „lýsingar“ sem hann hefði „fundið“ í hinum ýmsu ritum og hvernig hann „smíðaði“ úr þeim sinn eigin texta, einnig með því að blanda lýsingum saman.⁸¹

Aðferðin sem Hannes hefur kosið að beita er „plagiarismi“ eða það sem á íslensku hefur verið kallað „ritstuldur“ og felst í því að „höfundur tekur hugsmíð eða rannsókn annars manns traustataki og birtir á prenti sem sitt eigið verk“.⁸² Að fráskildum nokkrum fróðleiksmolum sem hann nefnir í greinargerð sinni og telur til nýmæla er bók hans ýmist afritun eða endursögn á því sem fyrr var ritað, sett fram sem ný sannindi.⁸³ Bókin bætir engu sem máli skiptir við þá fræðilegu þekkingu sem fyrir var á viðfangsefninu. Nýmæli hennar felast í aðferðinni.

Bók Hannesar er sett saman úr textum sem hann sækir í verk fjölmargra höfunda og setur ýmist fram orðrétt eða í endursögn sem sinn eigin texta. Mest tekur hann frá Halldóri Laxness, og eru fyrstu fjórir kaflarnir í bókinni að stórum hluta byggðir á minningabókum hans. Einnig endursegir Hannes ritgerðir Halldórs, oftast svo til óbreyttar og án heimildafærslu. Þá sækir hann töluverðan texta í óbirt bréf Halldórs til Erlends Guðmundssonar og endursegir kafla úr þeim án auðkenningar. Skáldverk Halldórs lítur Hannes á sem persónulegar heimildir um höfundinn og

79 Sama, dálkur 4; ítrekað í dálki 5.

80 Sama, dálkur 4-5.

81 Sama, dálkur 2-3.

82 Sjá Hannes Pétursson, *Bókmenntir*, bls. 81, undir uppsláttarorðinu „ritstuldur“. Um nánari skilgreiningu og tegundir ritstuldar, sjá grein Brian Martin sem vitnað er til hér að framan. Einnig: Gauti Kristmannsson, „Plagiat sem aðferð og hefð við Háskóla Íslands?“ *Morgunblaðið* 14. janúar 2004, bls. 29, en þar segir með tilvísan í reglur stjórn-málafræðideildar Háskólans í Trier: „Ritstuldur er ólögleg upptaka og dreifing texta annarra af öllum gerðum og formi án þess að gefa upp hina upprunalegu heimild. Það telst einnig ritstuldur að rita upp ritgerð að hluta eða í heild, en einnig umorðun textahluta og upptaka röksemda og staðreynda, ef heimilda er ekki getið á hverjum stað.“

83 Skv. því sem Hannes telur upp í greinargerð sinni (bls. 29, dálkar 1-3) felast nýmælin í bók hans einkum í leiðréttingum, nafnbirtingum og sögum (en þær kallar hann fróðleik um „menn og atvik“).

sviðsetur meint atvik úr lífi hans með löngum tilvitnunum í þær. Þá er í bókinni mikið samsafn „lýsinga“ eftir hina ólíkustu höfunda, svo sem Ásgeir Bjarnþórsson, Gísli H. Kolbeins, Guðbrand Jónsson, Magnús Á. Árnason, Konrad Simonsen, Thor Vilhjálmsson, Stefan Zweig og Þórberg Þórðarson, þar sem Hannes gerir texta þeirra að sínum. Fræðilega byggist bók hans fyrst og fremst á rannsóknum Peters Hallberg og eru heilu kaflarnir úr ritum hans felldir inn í bókina án þess að uppruna þeirra sé getið. Textatakan er stórfelld og á sér vart sinn líka.⁸⁴

Hvergi í bókinni gerir Hannes grein fyrir stöðu rannsókna eða þeim fræðilega grunni sem hann byggir verk sitt á. Í stuttum eftirmála nefnir hann nokkur rit sem hann segist hafa reynt „að hagnýta sér“, m.a. minningabækur Halldórs Laxness, auk þess sem hann hafi „auðvitað“ haft „ómælt gagn“ af rannsóknum „annarra fræðimanna“, einkum þeirra Peters Hallberg og Eiríks Jónssonar.⁸⁵ Fleiri fræðimenn eru ekki nefndir til sögunnar. Að öðru leyti er vart annað að sjá en bókinn sé það fyrsta sem ritað hafi verið um ævi og verk Halldórs Laxness.⁸⁶

Að finna upp hjólið

Í bók sinni notar Hannes báðar ævisagnaadferðirnar sem hann lýsir, jafnvel þótt hann telji sig hafna annarri, og blandar þeim saman. Þannig innbyrðir hann svo til í heilu lagi tvær bækur Peters Hallberg, kafla úr þeirri þriðju og eina grein að auki með „cut and paste“-aðferðinni. Munurinn á þeirri „cut and paste“-aðferð sem hann hafnar og þeirri sem hann notar er að hann sleppir gæsalöppunum utan um klippiverkið. Þá er hann ekki mikið fyrir „að þrjóna eigin texta á milli“ en stoppar þess í

84 Í bók sinni *Stolen Words. The Classic Book on Plagiarism* frá 1989 rekur Thomas Mallon nokkur fræg dæmi ritstuldar og gerir þeim vandleg skil. Þar er ekkert sem kemst í hálfkvisti við bók Hannesar hvað varðar umfang og fjölda þeirra texta sem tekið er úr, en algengast er að höfundar sem slíka aðferð stunda sæki texta sína í aðeins eina bók, a.m.k. í einu. Í bók Hannesar er hins vegar að finna texta úr um það bil fimmtíu bókum eftir tuttugu höfunda, og eru þá handrita- og bréfasöfn ekki meðtalin. Sennilegt er þó að bæði höfundar og bækur séu mun fleiri.

85 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Halldór 1902-1932*, bls. 619. Eftir því sem best verður séð kemur Eiríkur Jónsson aðeins einu sinni við sögu í bók Hannesar sem vitnar til hans í örfáum línunum á bls. 302-303. Hlutur hans og Hallbergs er því alls ekki sambærilegur.

86 Ritdómari *Morgunblaðsins*, Björn Þór Vilhjálmsson, taldi bókina brautryðjandaverk. Sjá „Skáldatími“, *Morgunblaðið* 16. desember 2003, bls. 3.

stað upp í textann frá Hallberg með textum úr ritum annarra höfunda. Rit Hallbergs verða uppistaðan í bók Hannesar eftir að minningabókum Halldórs sleppir undir lok fjórða kafla ævisögunnar og er þeim fylgt fast eftir niður í smæstu einingar. Varðar efnistakan ekki einungis rannsóknir Hallbergs, heldur einnig framsetningu hans og texta íslensku þýðing- arinnar.⁸⁷ Þó er ofsögum sagt að Hannes hafi „sannreynt“ textann sem hann nýtir sér, því að villur sem hafa slæðst inn í texta Hallbergs eða íslensku þýðinguna á honum ganga aftur í texta Hannesar.

Á því tímabili sem bók Hannesar nær til gaf Halldór Laxness út sex bækur, *Barn náttúrunnar* (1919), *Nokkrar sögur* (1923), *Undir Helgahnúk* (1924), *Vefarann mikla frá Kasmír* (1927), *Alþýðubókina* (1929) og *Sölku Völku* (1931–32). Af umfjöllun Hannesar er ekki að sjá að hann hafi lesið mikið í þeim annað en efnisútdrátt Hallbergs, og það ekki alltaf mjög vel. Nánast öll umræða um bækurnar er einnig komin frá Hallberg. Beinar tilvitnanir í bækur Halldórs eru yfirleitt teknar úr ritum Hallbergs og sjaldnast farið í frumtextann. Þær eru oft ónákvæmlega upp teknar og í þeim töluvert af villum. Gildir þetta einnig um aðrar beinar tilvitnanir í bókinni. Hér er aðeins hægt að sýna örfá dæmi um þessi vinnubrögð sem blasa við á nánast hverri blaðsíðu bókarinnar.

Í *Vefaranum mikla I* fjallar Hallberg um þrjár fyrstu bækur Halldórs Laxness. Þessa kafla fellir Hannes inn í bók sína með því að draga textann saman, breyta röð atriða, hnika til orðalagi og skipta út orðum. Gott dæmi um aðferðir Hannesar og vinnubrögð hans við textatökuna er umfjöllun um *Barn náttúrunnar* sem reynist vera eftir Hallberg þótt ekki sé það tekið fram.

Texti Hallbergs

Aðalpersónan í Barni náttúrunnar, Randver Ólafsson, er ungur og glæsilegur Íslendingur sem hefur efnast á fasteignasölu vestur í Ameríku. Hann snýr heim til Íslands, búinn að glata barnatrú

Taka Hannesar

Önnur aðalsöguhetjan, Randver Ólafsson, er ungur og myndarlegur Íslendingur, sem hefur efnast á fasteignasölu í Vesturheimi. Hann hefur glatað barnatrú sinni og orðið fyrir vonbrigðum

87 Þessi rit eru Peter Hallberg, *Vefarinn mikli. Um æskuskáldskap Halldórs Kiljans Laxness*. I-II (1957–1960), Björn Th. Björnsson og Jón Eiríksson þýddu úr sænsku, *Den store vävaren. En studie i Laxness' ungdomsdiktning* (1954), og Hús skáldsins. *Um skáldverk Halldórs Laxness frá Sölku Völku til Gerpla*. I (1970), Helgi J. Halldórsson þýddi úr sænsku, *Skaldens hus. Laxness' diktning frá Salka Valka till Gerpla* (1956). Sjá einnig „Heiðin. Fyrsta uppkastið að skáldsög- unni Sjálfstætt fólk,“ *Tímarit Máls og menningar* 3/1955, bls. 280–323.

sinni og vonsvikinn á ástinni, og er jafn fjarri því og áður að hafa höndlað lífshnossið. Fólkíð sem hefur troðist undir í vægðarlausri baráttunni um gullið íþyngir samvizku hans. Í heimalandi sínu finnur hann þó smám saman sjálfan sig á ný, og hann lærir þau sannindi af gömlum, útslitnum bónda, að lífshamingjuna sé aðeins að finna með því að yrkja jörðina í sveita síns andlitis og ávaxta trúlega sitt pund. Áður er hann orðinn ástfanginn af kornungri stórbóndadóttur sem heitir Hulda. Hún hefur alizt upp við algjört sjálfræði hjá föður sínum, sem er ekkjumaður. Hún er hvorki skírð né fermd og hefur ekki lært kristin fræði né nokkra bæn. Náttúran ein hefur föstrað hana, og allt eðli hennar er samsteypt náttúrunni sjálfri, lækjum hennar, klettum hennar, sólgiti og kvöldhúmi. Á veturna þýtur hún á skíðum niður snæviþaktar hlíðarnar; hún knýtir blómavendi og leikur á gítar í grænkandi kvosum á vorin. Hún er ótæmandi lind af sögum og ljóðum um álfa og öll náttúrunnar undur. (*Vefarinn mikli I*, 24)

í ástamálum, en finnur til samviskubits vegna þess fólks, sem hefur troðist undir í dansinum kringum gullkálfinn vestra. Randver snýr heim til Íslands og nemur þann sannleik af gömlum og útslitnum bónda, að lífshamingja sé aðeins fólgin í því að yrkja jörðina í sveita síns andlitis og ávaxta sitt pund af trúmennsku. Hann verður ástfanginn af kornungri stórbóndadóttur, Huldu. Hún hefur alist upp við algert sjálfræði hjá föður sínum, kaldlyndum og fámálum ekkjumanni, Stefáni Stefánsyni á Hólum. Hulda er „barn náttúrunnar“. Hún er hvorki skírð né fermd og hefur ekki lært kristin fræði eða bænir. Náttúran er eina föstra hennar. Allt eðli hennar er lagað að náttúrunni, lækjum, klettum, skini sólar og húmi kvölds. Á veturna þýtur hún á skíðum niður fjallshlíðar, á vorin hnýtir hún vendi úr blómum og leikur á gítar í grænkandi kvosum. Hún kann ótal sögur og ljóð um álfa og öll undur náttúrunnar. (100)

Hannes eignar sér þennan efnisútdrátt með því að breyta orðalagi. Þetta gerir hann með því að skipta út orði fyrir annað svipaðrar merkningar. Þannig verður t.a.m. „aðalpersóna“ að „aðalsöguhetju“, „glæsi- legur Íslendingur“ að „myndarlegum Íslendingi“, „vestur í Ameríku“ að „Vesturheimi“, „vonsvikinn“ að „vonbrigðum“ og „baráttan um gullið“ að hinum fræga „dans kringum gullkálfinn“. „Sólglit“ verður að „skini sólar“, „kvöldhúm“ að „húmi kvölds“, „blómavendir“ verða að „vöndum úr blómum“ og „öll náttúrunnar undur“ að „öllum undrum náttúrunnar“. Að fráskildum nokkrum fleiri minni háttar tilfæringum eins og burtfellingu orðsins „snæviþaktar“ um hlíðarnar sem Hulda í báðum textum þýtur niður á skíðum eru þeir nær samhljóða.

Það er eitt einkenni á endursögn Hannesar að hann á erfitt með að nota endurlit. Bæði hjá Hallberg og í sögunni sjálfri verður Randver ástfanginn áður en hann hittir bóndann og frá þessu segir Hallberg í endurliti. Hjá Hannesi, þar sem hver atburður tekur við af öðrum í línulegri frásögn, riðlast tímaröðin og Randver hittir bóndann fyrst og verður svo ástfanginn.

Í riti Hallbergs, *Den store vāvaren*, eru tilvitnanir í skáldverk Hall-

dórs Laxness þýddar á sænsku. Við íslenska þýðingu bókarinnar hefur þýðandinn sótt beinar tilvitnanir í íslenskan frumtexta Halldórs, en ekki nema stundum þegar um óbeinar tilvitnanir eða nákvæmar endursagnir er að ræða. Þar víkur þýðandinn oft frá frumtexta Halldórs og þýðir þess í stað sænsku þýðinguna með sínum eigin orðum. Þessi íslenska þýðing á sænsku þýðingunni gengur svo aftur í endursögnum Hannesar. Í *Barni náttúrunnar* segir um stúlkuna Huldu: „Náttúran ein hefur alið hana upp.“⁸⁸ Til þessara orða vísar Hallberg í sænskum efnisútdrætti sínum og þýðir: „Naturen ensam har fostrat henne.“⁸⁹ Í stað þess að athuga hvernig þetta er í frumtextanum þýðir íslenski þýðandinn sænsku setninguna og segir: „Náttúran ein hefur fóstorað hana.“ Þetta orðalag tekur svo Hannes og breytir með skáldlegum tilþrifum: „Náttúran er eina fóstora hennar.“ Þannig verður sænska þýðingin á sögninni „að ala upp“ í frumtexta Halldórs að „fóstru“ í endursögn Hannesar. Eitt af leiðarminnunum í *Barni náttúrunnar* er „lífsgleðin“, og kemur orðið hvað eftir annað fyrir í textanum (sjá m.a. 28, 29, 73, 76, 83, 203–204). Þetta orð þýðir Hallberg í efnisútdrættinum með „lífslyckan“ og „lyckan“.⁹⁰ Íslenski þýðandinn þýðir þetta svo aftur fyrst með „lífshnoss“ og síðan „lífshamingja“, og þannig ratar „lífshamingjan“ sem aldrei er nefnd í *Barni náttúrunnar* inn í rannsókn Hannesar.

Eina framlag Hannesar til efnisins í *Barni náttúrunnar* er að hann nefnir föður Huldu fullu nafni og kallar hann „Stefán Stefánsson á Hólum“. Þetta er í samræmi við áhuga Hannesar á nafnbirtingum. Föðurnafnið kemur ekki fyrir hjá Hallberg og í sögunni sjálfri er Stefán ýmist kallaður „Stefán í Hólum“ eða „Stefán bóndi í Hólum“ (ekki „á Hólum“ eins og Hannes hefur það), og aldrei neins „son“. Því miður getur Hannes ekki heimildar um föðurnafnið og í raun stangast það á við söguna, en í einu af löngum samtölum þeirra Stefáns og Randvers heitir faðirinn Þorleifur. „Þorleifur sýslumaður faðir minn var ríkur og ég var einbirni“ (24), segir Stefán og er alls ekki „fámáll“ eins og Hannes telur og bætir

88 Halldór Laxness, *Barn náttúrunnar* (1919). Önnur útgáfa (1964), bls. 43.

89 Peter Hallberg, *Den store vävaren* I, bls. 22–23.

90 Sama, bls. 22.

við lýsingu hans frá sjálfum sér, heldur setur hann á langar ræður, sumar upp á nokkrar blaðsíður (sjá t.a.m. 141–143).

Eftir efnisútdráttinn leggur Hallberg út af persónum sögunnar og segir m.a. um Huldu að hún sé „ábyrgðarlaus, sneydd hverri siðferðiskennd, nautnfíkin, köld“ (*Vefarinn mikli* I, 24). Þessa setningu fellir Hannes inn í bók sína með því að finna samheiti og láta síðustu orðin skipta um röð: „Hulda er ábyrgðarlaus, jafnvel siðlaus, kaldrifjuð, nautnasjúk“ (100).

Um siðferðisboðskap sögunnar tekur Hannes undir með Hallberg, og þar sem hann er á móti því að finna upp hjólið notar hann einfaldlega lýsingu hans með sömu beinu tilvitnuninni:

Texti Hallbergs

Sögunni lýkur með því að „barn náttúrunnar“ sameinast Randveri til þess að deila við hann erfiði og lítilþægni bóndans. Þessi sætt vinnu og lífsgleði, siðgæðis og heimsnautnar, á sér stað undir tákni kristinnar trúar. Randver ákallar himnaföðurinn: „Gef oss í dag vort daglegt brauð!“, og Hulda bætir við: „Og fyrirgef oss vorar skuldir!“ (*Vefarinn mikli* I, 25)

Taka Hannesar

Sögunni lýkur á því, að „barn náttúrunnar“ ákveður að deila með Randver erfiði og lítilþægni bóndans. Þessi sátt vinnu og gleði, siðferðis og veraldar, verður undir merki kristinnar. Randver biður: „Gef oss í dag vort daglegt brauð.“ Hulda bætir við: „Og fyrirgef oss vorar skuldir.“ (100)

Hér hefur íslenski þýðandinn sótt beinu tilvitnunina í frumtexta Halldórs. Um leið hefur hann tekið eftir orðinu „lífsgleði“ sem lok sögunnar hverfast um.⁹¹ Hannes breytir því hins vegar í „gleði“ og því er leiðarminnið „lífsgleði“ hvergi að finna í umfjöllun hans. Þótt Hannes vitni hér beint í söguna með tilvitnunum innan gæsalappa vísar hann ekki til neinnar heimildar.⁹²

Í framhaldi af þessu segir Hannes að *Barn náttúrunnar* sé „óþroskað æskuverk“ (100). Um það vísar hann óvænt til Hallbergs, *Vefarinn mikli* I, bls. 25 (sbr. bls. 568, nmgr. 1). Þetta er eina tilvísunin í Hallberg í kaflanum „Barn náttúrunnar“ sem nær yfir rúmar fjórar blaðsíður í bók Hannesar og er tekinn úr samnefndum kafla í *Vefarinn mikli* I, bls. 23–28. Að vitna með slíkum hætti til færri orða en þeirra sem tekin eru og láta sem annað sé frumsamið heyrir til þeirri tegund ritstuldar sem kallast

91 Peter Hallberg, *Den store vävaren*, bls. 23; sjá einnig Halldór Laxness, *Barn náttúrunnar* (1964), bls. 203–204, en þar segir Hulda: „Sá sem hefur fundið gleðina, – hina sönnu lífsgleði, hann er á veginum til guðs.“

92 Tilvitnanirnar eru auk þess ekki rétt upp teknar því að upphrópunarmerkin vantar.

endursagnarritstuldur. Hér vísar Hannes aðeins til tveggja orða í öllum þeim texta sem hann tekur úr kafla Hallbergs, og það um smáatriði sem segir sig sjálf. Allt annað, bæði á undan og eftir, setur hann fram sem eigin rannsóknir og eigin frumsaminn texta.

Að mati Hannesar er „draumurinn um sveitasæluna“ boðskapur sögunnar og telur hann að þar sé „líklega“ um að ræða áhrif frá „Björnson, Hamsun og Selmu Lagerlöf“. Þessa varnfærnislegu ályktun dregur hann af því „að á einum stað situr Randver að minnsta kosti úti í túni og les *Jerúsalem* eftir Lagerlöf“ (102). Þetta hefur hann hins vegar allt frá Hallberg sem segir um verkið: „sveitarómantík þess [...] hefur sennilega tekið lit af höfundum eins og Björnson, Selmu Lagerlöf og Hamsun; á einum stað situr Randver úti á túni og les *Jerúsalem* eftir Lagerlöf“ (*Vefarinn mikli* I, bls. 25). Framlag Hannesar felst í því að hann skrifar Björnson með gegnumstrikuðu „ø“, breytir „sennilega“ í „líklega“, og hjá honum situr Randver „úti í túni“ eins og „Sigga litla systir mín / situr úti í götu“.⁹³

Þá tekur Hannes setningar um stíl sögunnar frá Hallberg en dregur þær saman og einfaldar:

Texti Hallbergs

Sum atriðin í bókinni eru svo óhóflega hátíðleg eða óhefluð, að þau nálgast frekar mæð en bókmenntir. Samtölin eru oft þunglamaleg [...]. (*Vefarinn mikli* I, 25)

Taka Hannesar

Samtöl eru víða óhóflega hátíðleg, þunglamaleg eða óhefluð; þau eru mæð frekar en bókmenntir. (101)

Þetta er gott dæmi um það hvernig Hannes með textatöku sinni gerir tvennt í einu, tekur texta án þess að vísa til heimildar og fer rangt með hann. Fyrri málsgreinin hjá Hallberg á við atriði en sú síðari við samtöl. Hannes slær þessu saman og lætur allt eiga við um samtölin.

Vaxandi skáldviður

Í umfjöllun sinni um *Barn náttúrunnar* fer Hallberg vandlega í viðtökur bókarinnar og vitnar í ritdóma um hana. Þessa rannsókn Hallbergs eignar Hannes sér, bæði hvað varðar heimildir og úrvinnslu. Hann

93 *Vísnaþókin*, bls. 89.

fjallar um sömu ritdóma og Hallberg og eru beinar tilvitnanir í þá nákvæmlega þær sömu. Hannes vitnar þó hvergi til Hallbergs í þessu sambandi heldur beint til þeirrar frumheimildar sem Hallberg vísar til. Þannig lætur Hannes sem hann hafi fundið heimildina sjálfur og unnið með hana. Þetta kallast heimildastuldur og einkennir mjög vinnubrögð Hannesar að öðru leyti. Í eftirfarandi dæmum blandast saman heimildastuldur og endursagnarritstuldur þar sem Hannes endursegir texta Hallbergs og setur fram sem sinn eigin.

Texti Hallbergs

Þessari frumsmíð Halldórs Guðjónssonar var ekki tekið með neinni sérstakri hrifningu. A. Jónsson skrifar um bókina í *Alþýðublaðið* hinn 6. nóvember og finnst viðvaningsbragurinn allsstaðar segja til sín. Samt segir hann að ekki megi ætlast til of mikils af „slíku barni“ sem Halldór sé. En þrátt fyrir alla brestina geti lesandinn ekki annað en undrazt dirfsku og dugnað þessa unga höfundar. Gagnrýnandinn minnir á það, að Ísland verði að hlúa vel að vaxandi skáldviði sínum, svo hann neyddist ekki til að leita sér rötfestu erlendis. Hann lýkur grein sinni á þessum forspáu orðum: „Og hver veit nema Halldór frá Laxnesi eigi eftir að verða óskabarn íslensku þjóðarinnar.“ (*Vefarinn mikli* I, 25)

Taka Hannesar

En bókinni var ekki sérlega vel tekið. Arnfinnur Jónsson, þá menntaskólanemi, síðar kennari og skólastjóri, skrifaði um hana í *Alþýðublaðið* að beiðni Ólafs Friðrikssonar. Honum fannst ritið viðvaningslegt, enda mætti vart ætlast til annars af „slíku barni“. Þrátt fyrir alla brestina undraðist Arnfinnur þó dirfsku og dugnað hins unga höfundar. Íslendingar yrðu að hlúa vel að vaxandi skáldviði sínum, svo að hann neyddist ekki til að leita sér rötfestu erlendis. Hann lauk ritdómi sínum svo: „Og hver veit nema Halldór frá Laxnesi eigi eftir að verða óskabarn íslensku þjóðarinnar.“ (103)

Hér bætir Hannes við fróðleiksmola um stétt og stöðu ritdómarans sem hann nefnir fullu nafni og einnig veit hann hver var ritstjóri blaðsins á þessum tíma. Endursögn Hallbergs á ritdómnum umorðar Hannes með samheitum, t.a.m. notar hann „viðvaningslegur“ í staðinn fyrir „viðvaningsbragur“ og „Íslendingar“ í staðinn fyrir „Ísland“. Þá segir hann frá í sögulegri þátíð eins og um raunverulegan atburð sé að ræða en ekki ritaða heimild, en sá þátíðarstíll einkennir alla hans bók. Bein tilvitnun er samhljóða en ekki nákvæm þar sem „íslenzkur“ er ritað með s-i. Á eftir beinu tilvitnuninni vitnar Hannes beint til frumheimildar í *Alþýðublaðinu* 6. nóvember 1919 en nefnir ekki Hallberg. Af samanburði má þó glögglega sjá að Hannes hefur farið eftir endursögn Hallbergs en ekki ritdómnum sjálfum. Í honum talar Arnfinnur um „galla“ en ekki „bresti“

og hann dáist að dirfsku „unglingsins“, ekki „hins unga höfundar“. Þá hefur orðið „nýgræðingar“ í ritdómnum orðið að „vaxandi skáldviði“ í íslensku þýðingunni og fer þaðan beina braut í texta Hannesar.⁹⁴

Ritdómi *Alþýðublaðsins* gerir Hannes skil í samfelldu meginmáli eins og Hallberg. Í ítarlegri umfjöllun um ritdóm Jóns Björnssonar í *Morgunblaðinu* 10. nóvember 1919 dregur Hallberg tilvitnanir inn á tveimur stöðum (*Vefarinn mikli* I, 25–26). Nákvæmlega sömu tilvitnanir og uppsetningu er að finna í bók Hannesar (103) að öðru leyti en því að hann virðir ekki greinaskil textans sem hann vitnar til og skilur eftir sig villur („alt“ verður „allt“, „einhverntíma“ verður „einhvern tíma“). Umgjörð tilvitnananna og útlekking þeirra er eins og hjá Hallberg og með sama orðalagi. Um þennan ritdóm vitnar Hannes beint í frumheimild og nefnir ekki Hallberg. Í beinu framhaldi af ritdómi Jóns segir Hallberg frá grein Halldórs Laxness um ritdómara sem birtist í *Morgunblaðinu* 28. júní 1922 og vitnar til hennar á tveimur stöðum. Þetta gerir Hannes líka en styttr umræðuna mjög og tekur bara aðra tilvitnunina (103). Um þetta vitnar hann aðeins í frumheimild.

Textann um þessa tvo ritdóma sem svo augljóslega er tekinn frá Hallberg fleygar Hannes með texta úr bók Ólafs Ragnarssonar, *Halldór Laxness – Líf í skáldskap*, en þar hefur hann fundið umsögn eftir Jakob Jóh. Smára sem birtist í dálkinum „Ritfregnir“ í *Skírni* 1920 og ekki er að finna hjá Hallberg. Endursögnin á ritfregninni er nákvæmlega eins og hjá Ólafi og beinar tilvitnanir þær sömu:

Texti Ólafs

Jakob Jóh. Smári, skáld og ritstjóri, sagði í tímaritinu *Skírni* að smíðagallar væru á verkinu eins og vænta mátti hjá komungum höfundi.

„Getur engum dulist það, að hér er um að ræða efni í skáld, sem líklegt er til stórra afreka, er þroski vex og lífsreynsla . . . og grunar mig, að hann eigi eftir að auðga íslenskar bókmenntir að góðum skáldskap, ef honum endist aldur og heilsa.“⁹⁵

Taka Hannesar

Jakob J. Smári skrifaði vinsamlega um bókina í tímaritið *Skírni*. Hann sagði, að smíðagallar væru á henni, eins og við væri að búast. En höfundurinn lofaði góðu. „Getur engum dulist það, að hér er um að ræða efni í skáld, sem líklegt er til stórra afreka, er þroski vex og lífsreynsla,“ sagði hann, „og grunar mig, að hann eigi eftir að auðga íslenskar bókmenntir að góðum skáldskap, ef honum endist aldur og heilsa.“ (103)

94 Orðið „nýgræðingar“ þýðir Hallberg með „spirande skaldeplantor“ (*Den store vāvaren*, bls. 23), þ.e. með tveimur orðum sem íslenski þýðandinn þýðir svo aftur hvort um sig með „vaxandi skáldviður“ án þess að taka tillit til frumtextans sem Hallberg er að þýða.

95 Ólafur Ragnarsson, *Halldór Laxness – Líf í skáldskap*, bls. 128.

Um þetta vitnar Hannes beint í *Skírni* og nefnir ekki að upplýsingarnar hafi hann úr bók Ólafs. Það er þó ljóst þar sem mislestur hjá Ólafi gengur aftur í endursögn Hannesar. Í stað „góðra afreka“ í ritdómi Jakobs Jóh. Smára skrifar Ólafur „stórra afreka“ og eftir honum Hannes. Þá skrifa þeir báðir s í staðinn fyrir z í „dulizt“ og „íslenzkar“ og „bókmentir“ með tveimur n-um, auk þess sem þeir sleppa tveimur orðum framan af beinu tilvitnuninni þar sem segir í frumheimild: „En samt getur engum dulizt það.“⁹⁶

Þessi aðferð að fylla upp í megintexta bókarinnar, sem er ýmist tekinn frá Halldóri Laxness eða Peter Hallberg, með öðrum textum sem eru síðan fylltir upp með enn öðrum textum er eitt af megineinkennum á vinnubrögðum Hannesar.

Þarna var kominn elsti kveðskapurinn

Peter Hallberg fjallar ekki um allra fyrstu verk Halldórs Laxness, þau sem birtust í blöðum og tímaritum á árunum 1916 til 1918. Þar er eyða í rannsóknum Hallbergs sem Hannes fyllir upp í með köflum úr bók Ólafs Ragnarssonar, *Halldór Laxness – Líf í skáldskap*.⁹⁷ Um það getur hann sjaldnast heimilda og gerir þar með frumrannsóknir Ólafs á þessu tímabili í höfundarverki Halldórs Laxness að sínum.

Í bók sinni segir Ólafur frá því hvernig „ítarleg eftirgrennslan“ hafi leitt í ljós „að bernskuljóð Halldórs, merkt dulnefninu Snær svinni“ hefðu birst undir fyrirsögninni „Ljóðmæli“ í *Morgunblaðinu* 13. júní 1916: „Þarna var kominn elsti kveðskapur Halldórs á prenti.“ (102) Þrátt fyrir þá áherslu Ólafs að um frumrannsókn sé að ræða vísar Hannes ekki til hans um þessi ljóð heldur beint í blaðið eins og hann hafi gert rannsóknina sjálfur og fundið höfundinn á bak við dulnefnið.⁹⁸ Það sem

96 Jakob Jóh. Smári, „Ritfregnir,“ *Skírnir* 1920, bls. 41–72. Umsögnin um *Barn náttúrunnar* er á bls. 66 í syrpu um sjö bækur frá árinu 1919 á bls. 63–69. Ólafur vísar í bls. 63–66, og sama gerir Hannes.

97 Sjá Ólafur Ragnarsson, *Halldór Laxness – Líf í skáldskap*, bls. 73–121; Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Halldór*, bls. 65–83.

98 Dulnefnið Snær svinni sem höfundarnafn Halldórs kemur fyrst fram hjá Auði Laxness í viðtali við Eddu Andrésdóttur, sbr. *Á Gljúfasteini*, bls. 277. Sbr. einnig Ólafur Ragnarsson, *Halldór Laxness – Líf í skáldskap*, bls. 99–100.

hann birtir úr ljóðunum er þó augljóslega tekið úr bók Ólafs. Þetta má m.a. sjá af því að mislestur hjá Ólafi gengur aftur í texta Hannesar sem er auk þess ónákvæmur að öðru leyti. Í umfjöllun sinni vitnar Hannes í nokkrar ljóðlínur úr kvæði sem hann kallar „Motto“ en heitir „‘Motto’ fyrir sögum og sagnaköflum“.⁹⁹ Kvæðið er sjö erindi, tvær línur hvert. Ólafur slær hins vegar tveimur og tveimur erindum saman í sinni bók og er því eitt tveggja línu erindi aftast (103–104). Það sama gerir Hannes og vitnar í tvö fyrstu erindin sett saman í eitt. Í frumtexta hljóðar fyrsta erindið svo: „Í lífi þínu maður er svo margt, já svo margt, / svo merkilegt, svo sögulegt, svo gljúpt, svo hart.“ Hjá Ólafi er þetta einnig þannig, en Hannes býr til stafsetningarvillu í fyrstu línu til samræmis við rím-orðið í þeirri næstu og skrifar: „svo mart, já svo mart“ (65). Í síðasta erindinu sem eru tvær línur eins og hjá Ólafi tekur Hannes upp mislestur úr bók hans og skrifar: „En örlagadísirnar gera þér grand“, þar sem frumtextinn hefur: „Er örlagadísirnar gera þér grand“. Eitt kvæðið segir Hannes að heiti „Morgunsaungur smaladreingsins“ (66) sem er villandi. Í þessum fyrstu prentuðu verkum hafði Halldór ekki tekið upp sína sérstöku stafsetningu og gerði það ekki fyrr en mörgum árum síðar.¹⁰⁰ Kvæðið heitir því „Morgunsöngur smaladrengrsins“ og þannig er það einnig skrifað hjá Ólafi (105). Alls staðar þar sem Hannes vitnar í kvæðin, og reyndar fyrstu verk Halldórs yfirleitt, breytir hann stafsetningu þeirra í þá stafsetningu sem Halldór tók síðar upp. Þannig skrifar hann t.a.m. „hamíngjan“ í stað „hamingjan“ í ljóðinu sem hann kallar „Motto“.¹⁰¹

⁹⁹ Snær svinni, „Ljóðmæli“, *Morgunblaðið* 13. júní 1916, bls. 2.

¹⁰⁰ Fyrsta bók Halldórs sem prentuð var með sérstakri stafsetningu hans er *Undir Helgahnúk* 1924. Næstu bækur eru prentaðar með samræmdri stafsetningu en frá og með *Dagleið á fjöllum* 1937 og *Ljósi heimsins* 1937 eru bækurnar prentaðar með stafsetningu Halldórs. Þá stafsetningu má hins vegar sjá í ýmsum tilbrigðum í bréfum hans allt frá 1922.

¹⁰¹ Sama einkennir tilvitnanir hans í fyrstu greinarnar sem Halldór birti undir nafni sem bréf til lesenda *Æskunnar* og vestur-íslenska barnablaðsins *Sólskin* í júní 1916, sbr. „Sólskinsbörn. Kveðjusending frá landa ykkar og vini austur á Íslandi,“ og „Barnablaðið ‘Sólskin’“. Þar ritar Hannes „umkríngdur“, „híngað“ og „kríngum“ (66) í trássi við frumtextann sem hefur ekki broddstaf yfir i-inu. Um þessi fyrstu verk Halldórs undir nafni fjallar Helga Kress í greininni „Ilmanskógar betri landa. Um Halldór Laxness í Nýja heiminum og vesturfaraminnið í verkum hans“, *Ritmennt* 2002, sjá einkum bls. 138–140. [Endurpr. í þessu riti]. Ekki getur Hannes þessarar heimildar í umfjöllun sinni um sömu verk, sbr. bls. 66–67 í bók hans.

Í annarri línu „Morgunsöngs smaladrengr“ er ónákvæmni og er þar skrifað „framhjá“ (66) í staðinn fyrir „fram hjá“ í bæði frumtexta og tilvitnun Ólafs, en slíkar villur eru mjög algengar í texta Hannesar og engin regla á því hvernig upp er tekið.¹⁰²

Allt sem Hannes segir um kveðskap Halldórs Laxness á skólaárum hans er tekið beint úr bók Ólafs. Má þar nefna umfjöllun um kvæðið „Á afmæli keisarans“ sem birtist í *Landinu* 13. apríl 1917 undir nafninu Snær svinni. Hannes birtir tvö fyrstu erindi kvæðisins (69), þau sömu og Ólafur (114–115), en vísar sem fyrr í frumheimild. Í kafla sem hann nefnir „Leyndarmál Tómasar Guðmundssonar“ vitnar Ólafur í viðtali Valtýs Stefánssonar við Tómas Guðmundsson í jónablaði *Lesbókar Morgunblaðsins* 1942 þar sem Tómas segir frá þessu kvæði: „En enginn mannlegur máttur skal fá mig til að segja frá því, hvar það birtist á prenti.“¹⁰³ Frá þessu viðtali segir Hannes í neðanmálsgrein og vitnar til

102 Mjög mikið er um villur og aðra ónákvæmni þar sem Hannes vitnar til ljóða. Hér er aðeins rúm fyrir örfá dæmi. Á bls. 155 vitnar hann til vísu úr *Grikklandsárinu* (1980), bls. 50, og skilur eftir sig þrjár villur. Hann bætir inn kommu á undan „og“ í fyrstu línu, breytir „aungva“ í „enga“ í þeirri næstu og í þriðju línu verður „hjá bæjarlind“ að „við bæjarlind.“ – Á bls. 250 tekur Hannes upp tvö erindi úr kvæðinu „Ég er brott frá þér bernska“, annað sem hann segir vera „í upphafi“ þess, en er númer tvö í röðinni af fimm, og svo lokaerindið. Um þetta vitnar hann nokkuð ónákvæmlega í frumbirthingu kvæðisins í *Óðni* 1924, en það birtist þar í 1.–6. hefti. Erindin eru samt ekki stafrétt upp tekin, t.a.m. er „jeg“ breytt í „ég“ o.s.frv. Í lok fyrstu línu er punkti breytt í kommu á undan „Og“ í næstu línu sem verður „og“. Með þessu sniðgengur Hannes þá byggingu kvæðisins að hver lína þess endar á punkti, sbr. einnig útgáfu þess í *Kvæðakveri* (annarri útgáfu, 1949), bls. 8–9. Á undan þriðju og síðustu línu hvors erindis bætir Hannes við þankastriki sem ekki er í ljóðinu, auk þess sem hann skilur eftir sig villur í þessum línunum báðum. Í ljóðinu segir: „Mjúkt var við móðurbrjóstin að hvíla.“ Hannes sleppir ákveðna greininum og skrifar: – „Mjúkt var við móðurbrjóst að hvíla.“ Þá bætir hann upphrópunarmerki aftan við síðustu línu lokaerindisins, en það er ekki í ljóðinu. Titill kvæðisins „Jeg er brott frá þér bernska –“ kemur fyrir í upphafi þess og er ítrekaður í fyrstu línu lokaerindisins: „En jeg er horfinn, bernska, í brott frá þér.“ Hér fer Hannes með beina tilvitnun eins og um endursögn sé að ræða og breytir „brott“ í „burt“: „En ég er farinn, bernska, í burt frá þér.“ – Á bls. 256 birtir Hannes „Maríukvæði“ eftir Halldór Laxness og segir að það hafi birst í *Lesbók Morgunblaðsins* en það birtist í *Morgunblaðinu*, blaði B, 16. desember 1995, bls. 2. Við þetta bætir Hannes þeirri athugasemd að kvæðið prenti hann „eftir frumgerðinni“ (sbr. bls. 580, nmgr. 20), en það er aðeins til í einni gerð. Er kvæðið ýmist tekið upp stafrétt, sbr. „legðu“ eða með samræmdri stafsetningu: „ávallt“ í stað „ávalt“ og „uns“ í stað „unz“. Þá breytir Hannes ljóðlínunni „móðir Krists sé móðir mín“ í „móðir Guðs sé móðir mín“ og eyðir þannig madonnumynd ljóðsins.

103 Valtýr Guðmundsson, „Svo kvað Tómas“, *Lesbók Morgunblaðsins*, jónablað 1942, bls. 411.

nákvæmlega sömu orða. Þetta setur hann fram sem eigin athugun og vísar í frumheimildina í *Lesbók Morgunblaðsins* án þess að nefna hvaðan hann hefur hana (566–567, nmgr. 5).

Í *Morgunblaðinu* 7. nóvember 1916 birtist greinin „Gömul klukka“ eftir H. Guðjónsson frá Laxnesi. Um þessa grein fjallar Ólafur Ragnarsson í bók sinni og Hannes endursegir umfjöllun hans með sömu tilvitnunum, m.a. í viðtal sem birtist við Halldór í *Morgunblaðinu* 1946:

Texti Ólafs

Þess má geta til gamans að í viðtali við Jens Benediktsson í *Morgunblaðinu* 4. september 1946 ber þessa grein á góma og kveðst Halldór hafa haft af henni nokkra mæðu eftir að hún birtist því að „um skeið æptu jafnaldrar mínir þetta á eftir mér: Gamla klukka!“ (78)

Taka Hannesar

Þetta var fyrsta greinin, sem Halldór skrifaði undir nafni í blöð. Hún vakti nokkra athygli, en varð honum til óvænts ama. Um skeið æptu jafnaldrar hans í Reykjavík á eftir honum: „Gamla klukka“ (68–69)

Hannes bætir því við texta Ólafs að greinin hafi verið sú fyrsta sem Halldór skrifaði undir nafni í blöð. Þessar upplýsingar hefur hann úr *Morgunblaðsviðtalinu*, en þar stendur:

Um þessa klukku skrifaði jeg mína fyrstu grein, segir skáldið. Hún kom í *Morgunblaðinu*. Jeg var mjög ungur þá. Greinin hjet Gamla klukkan, og um skeið æptu jafnaldrar mínir þetta á eftir mjer: „Gamla klukkan!“¹⁰⁴

Hér hefur Hannes ekki „sannreynt“ textann og virðist auk þess hafa gleymt því sem stendur í bók hans nokkrum blaðsíðum fyrr, en fyrstu greinar Halldórs undir nafni birtust vorið 1916.¹⁰⁵ Í viðtalinu segir Halldór að jafnaldrarnir hafi kallað á eftir honum „Gamla klukkan!“ Afbrigðið „Gamla klukka!“ hefur Hannes augljóslega eftir Ólafi en ekki úr þeirri frumheimild sem hann vitnar til. Þá segir Halldór ekkert um það í *Morgunblaðsviðtalinu* að hann hafi haft „mæðu“ af greininni. Það hefur Hannes frá Ólafi en breytir „mæðu“ í „ama“.

Einna skýrast kemur notkun Hannesar á bók Ólafs Ragnarssonar

104 „Það er gott að vinna í Gljúfrasteini“. Rabbað við H.K. Laxness um bókmentir og utanför,“ *Morgunblaðið* 4. september 1946, bls. 2. Undirritað J.Bn. Þar sem Ólafur Ragnarsson vísar til þessarar heimildar hefur sú villa slæðst í titil að þar stendur „á Gljúfrasteini“ í stað „í Gljúfrasteini“, sbr. *Halldór Laxness – Líf í skáldskap*, bls. 453, nmgr. 4. Þessa villu endurtekur Hannes, sbr. bls. 566, nmgr. 2.

105 Sbr. nmgr. 26 hér að framan.

fram í umfjöllun hans um smásöguna „Seifur“ sem birtist í *Dýravernd-
aranum* 15. september 1918 og er eftir Snæ svinna. Af framsetningu
Hannesar er ekki annað að sjá en hann hafi sjálfur haft uppi á þessari
sögu. Með aðferð heimildastuldarins vísar hann milliliðalaust í frum-
heimild um leið og hann tekur endursögn Ólafs á sögunni traustataki og
fellir inn í sína bók:

Texti Ólafs

Seifur er fállegur og vel siðaður hundur í eigu ungs heimspekings, Hjálmars, sem nýkominn var utan úr heimi [...]. Hjálmar trúlofast kaupmannsdótturinni Lovísu sem ekki kann að meta hundinn og telur að unnustanum þyki vænna um hundinn en hana. Hann sér sitt óvænna og gefur Seif sjómanni nokkrum sem kallar hundinn Bobby. [...] eftir nokkrar sjóferðir gefur sjómaðurinn kunningja sínum hundinn. „Þessi nýi eigandi var götusnápur,“ segir í sögunni. Hann skiptir um nafn á hundinum sem nú heitir Svartur. Þegar götusnápurinn er látinn í tukthúsið „lá ekki annað fyrir Seifi en guð og gaddurinn. Þetta var um hávetur.“

[..]

Á frostköldum morgni í heiðskíru veðri er Hjálmar, sem þá er orðinn prófessor, á gangi utarlega í bænum. [...] hann er „altaf að reyna að ráða gátu rúms og tíma. [...] Nú í seinni tíð hafði þunglyndið bæst ofan á hugsanir hans, því unnustan hafði brugðið heiti við hann [...]. Þá varð honum litið á eitthvert svart flykki er lá skamt frá honum. Hann gekk þáangað. Hér lá skinhóraður hundur frosinn niður í svellið. – Það var Seifur.“ (108–109)

Fyrir utan umorðanir svo sem „að vera í nöp við hund“ í staðinn fyrir „að kunna ekki að meta hund“ og „að þykja vænna um hund“ í staðinn fyrir „að taka hund fram yfir“ má hér sjá tilbreytingu í orðaröð. Eftir að hafa séð „sitt óvænna“ á báðum stöðum gefur sjómaðurinn „kunningja sínum hundinn“ í endursögn Ólafs en hjá Hannesi gefur hann „hundinn kunningja sínum“. Í sögunni heitir hundurinn á þessu stigi „Boby“¹⁰⁶ og er svo einnig hjá Ólafi, en Hannes misles og skrifar „Bogy“. Þá er það dæmigert fyrir leiðréttingar Hannesar á málfari að hann breytir „tukt-

Taka Hannesar

Seifur er fállegur og vel siðaður hundur í eigu unga heimspekingsins Hjálmars, sem er nýkominn utan úr heimi. Hjálmar trúlofast kaupmannsdótturinni Lovísu, sem er í nöp við hundinn. Hún telur, að unnustinn taki hundinn fram yfir sig. Hann sér sitt óvænna og gefur Seif sjómanni, sem kallar hann Bogy. Eftir nokkrar sjóferðir gefur sjómaðurinn hundinn kunningja sínum, götusnáp einum, og hann kallar hundinn Svart. Þegar götusnápurinn lendir í fangelsi um hávetur, fer hundurinn á guð og gaddinn. Sögunni lýkur á frostköldum morgni í heiðskíru veðri. Þá er Hjálmar, sem orðinn er prófessor, á gangi utarlega í bænum. Hann er hugsí, því að hann er að reyna að ráða gátu tíma og rúms. Unnustan hefur brugðist honum. „Þá varð honum litið á eitthvert svart flykki er lá skamt frá honum. Hann gekk þáangað. Hér lá skinhóraður hundur frosinn niður í svellið. – Það var Seifur.“ (81–82)

106 Sbr. Snær svinni, „Seifur,“ *Dýraverndarinn* 5/1918, bls. 68.

húsi“ í „fangelsi“. ¹⁰⁷ Að öðru leyti víkur hann ekki frá texta Ólafs. Þetta má m.a. sjá af orðinu „frostkaldur“ sem er frá Ólafi komið og er ekki í sögunni. Þar er Hjálmar líka orðinn prófessor áður en hann hendir út hundinum en af endursögn Ólafs má skilja að hann hafi orðið það síðar. Sú er einnig atburðarásin hjá Hannesi. ¹⁰⁸

Þrátt fyrir þessa miklu notkun á bók Ólafs, og það mun meiri en hér hefur verið gerð grein fyrir, er hennar ekki getið í eftirmála meðal þeirra rita sem Hannes segist á bls. 619 hafa reynt „að hagnýta“ sér.

Ómælt gagn

Í eftirmála bókar sinnar segir Hannes að hann vitni í skáldverk Halldórs „í síðustu útgáfu, sem hann bjó sjálfur til prentunar“ (619). Þetta á þó ekki við þar sem hann tekur texta frá Hallberg sem vitnar ávallt í fyrstu útgáfu verkanna. Þetta misræmi kemur greinilega í ljós í umfjöllun Hannesar um smásagnasafnið *Nokkrar sögur* sem öll er frá Hallberg komin, án þess að hans sé þar nokkurs staðar getið. Þannig er bóndasonurinn í endursögn Hannesar á sögunni „Júðith Lhoff“ á bls. 196 enn í Rangárvallasýslunni eins og hjá Hallberg (*Vefarinn mikli* I, 49–52) en ekki í Borgarfirðinum eins og í annarri og endurskoðaðri útgáfu sögunnar í *Dáttum* (1954). ¹⁰⁹

Umfjöllun Hannesar um „Kálfkotungabátt“ þræðir texta Hallbergs frá upphafi til enda og byrjar á svo til orðréttum efnisútdrætti:

Texti Hallbergs

Þórður í Kálfakoti og kona hans heyja harða baráttu til að framfleyta stórum og sívaxandi barnahóp. [...] Að vetrinum hnipra börnin sig í hnapp umhverfis hlóðin, „hungruð og úrill, berfætt og lasin“. (*Vefarinn mikli* I, 34)

Taka Hannesar

Þórður í Kálfakoti og kona hans heyja harða baráttu til að framfleyta stórum og sívaxandi barnahóp. Að vetrarlagi hnipra börnin sig saman umhverfis hlóðirnar, hungruð og úrill, berfætt og lasin. (143)

107 Um þessa tilhneigingu í textabreytingum Hannesar, „tilviks-íslenskuna“, sjá bls. 348 hér að framan.

108 Einnig má benda á að Ólafur ritar broddstaf á undan –ng í „þúngur“ og „þángað“ sem ekki er í frumtexta Halldórs. Þannig eru orðin líka rituð hjá Hannesi.

109 Í fyrstu útgáfu sögunnar heitir hún „Júðith Lhoff“ og þannig er titillinn einnig hjá Hallberg. Þessu breytir Hannes samkvæmt síðari útgáfu í „Júdítt Lvoff“ þótt hann að öðru leyti fylgi sömu útgáfu og Hallberg. Í þessu er þó ekkert samræmi, því að á öðrum stað kallar hann sögu „Kvæði“ eins og hún heitir í fyrstu útgáfu og nefnir ekki að í síðari útgáfum heitir hún „Jólakvæði“.

[...] þar kemur þó að lokum að lostæt lambasteik er óvænt borin á borð. [...] Raunar er lambið undan ókunni á sem hafði um langan tíma rásað þrjóskulega í túnið á Kálfakoti. (35)

Skyndilega er lostæt lambasteik borin á borð. [...] Lambið reynist vera undan ókunni á, sem hefur lengi rásað þrjóskulega í túninu í Kálfakoti. (143)

[...] þar sem hann finnur börnin samanhnipruð í einum básnum. (36)

Þar finnur hann börnin samanhnipruð í einum básnum. (143)

Beinar tilvitnanir Hallbergs endursegir Hannes í óbeinni ræðu sem sýnir þó að þær eiga við fyrstu útgáfu sögunnar.¹¹⁰ Einnig er augljóst að Hannes styðst við endursögn Hallbergs á sögunni en ekki söguna sjálfa. Þar er t.a.m. ekki borin á borð „lostæt lambasteik“ heldur „ljúffengt lambakjöt“,¹¹¹ enda sennilega soðið og ekki steikt. Þessi orð þýðir Hallberg með „lækker lammstek“ (*Den store vāvaren*, 31) og íslenski þýðandinn aftur með lostætri lambasteik sem þannig er komin í texta Hannesar. Í sögunni segir um lambána að hún „hafði [altaf] sótt í Kálfakotstúnið“ (20). Í sænska texta Hallbergs segir að ærin hafi „en längre tid gjort envist intrång på tunet i Kálfakot“ (31). Íslenski þýðandinn þýðir þetta svo orðrétt til baka og því rásar ærin í setningu hans bæði „þrjóskulega“ og „um langan tíma“ í túnið á Kálfakoti. Hannes lætur ána líka rása lengi og þrjóskulega, en ekki í túnið, heldur í túninu. Í sögunni eru börnin „í hnipri í auðu básunum“ (38), en hjá Hannesi eru þau „samanhnipruð í einum básnum“. Þetta er sömuleiðis komið beint úr íslensku þýðingunni á sænskum texta Hallbergs sem þýðir fleirtöluna „básar“ með eintöluorðinu „bås“, sleppir lýsingarorðinu og lætur börnin vera „hopkrupna i båsen“ (32). Þannig verða auðir og kýrlausir básar í sögu Halldórs að einum bás í texta Hannesar. Að lokum dregur Hannes þá ályktun af rannsókn sinni að sagan sé „ekki stjórn málaádeila, þó að víða gæti samúðar með þeim, sem minna mega sín“ (143). Þetta hefur hann frá Hallberg sem einnig segir í lok umfjöllunar sinnar að sagan sé „borin uppi af sterkri samúð með olnbogabörnum þjóðfélagsins“ þótt hún sé ekki „þjóðfélagsádeila“ (*Vefarinn mikli* I, 36). Hér hefur Hannes breytt þjóðfélagsádeilu í stjórn málaádeilu, hvað sem hann á við með því.

110 Í endurskoðuðu útgáfunni í *Þáttum* hefur Halldór fellt burt orðið „berfætt“ um börnin. Þar eru þau bara „húngruð, úrill og lasin“ (17).

111 Halldór Laxness, *Nokkrar sögur* (1923), bls. 23.

Af umfjöllun Hannesar um söguna „Kvæði“ er ljóst að hann hefur ekki lesið hana, en fer eftir endursögn Hallbergs sem hann hefur reyndar ekki lesið vel. Í upphafi endursagnar sinnar segir Hallberg: „Það er á Þorláksmessu“ (*Vefarinn mikli* I, 43). Þessa fyrstu setningu grípur Hannes og yfirfærir á söguna alla. „Sagan gerist á Þorláksmessu“ (146), segir hann. Hið rétta er að hún gerist á aðfangadagskvöld eins og líka titillinn „Jólaqvæði“ á endurskoðaðri útgáfu gefur til kynna. Í texta Hannesar er ráðist á skáldið með „barefli“ (146), en í sögunni er hann bara sleginn og ekkert barefli að sjá. Hjá Hallberg er ráðist á skáldið „með barsmíðum“ (*Vefarinn mikli* I, 44), og kann þar að vera komin skýringin á bareflinu. Hjá honum skiptist orðið nefnilega á milli lína. Hannes hefur ekki lesið yfir í næstu línu en botnað fyrripart orðsins með því sem honum þótti sennilegt svo að úr „bar-smíðum“ Hallbergs varð „barefli“.

Ekki hefur Hannes heldur sett sig vel inn í söguna „Skáldið og hundurinn hans“. Samkvæmt Hallberg gerist hún „í erlendri borg“ (*Vefarinn mikli* I, 47) og það gerir hún einnig í endursögn Hannesar. Þetta er hins vegar misskilningur hjá Hallberg, því að sagan gerist í Reykjavík. Þetta má m.a. sjá af staðarnöfnum eins og Aðalstræti (*Nokkrar sögur*, 41), Tjörnin (54) og Skuggahverfi (55). Samt hefur Hannes skoðun á boðskap sögunnar sem honum „virðist vera sá, að tryggð sé ekki að finna hjá mönnum, heldur málleysingjum, skynlausum skepnum“ (147). Nákvæmlega það sama má lesa hjá Hallberg (49).

Öll vitneskja Hannesar um „Rauða kverið“, óprentað handrit sem Halldór samdi 19 ára, er fengin úr ítarlegri rannsókn Hallbergs (sbr. *Vefarinn mikli* I, 59-91), án þess að þeirrar heimildar sé getið. Hér notar Hannes sem endranær þá aðferð að taka setningar, og stundum heilu klausurnar, hédan og þaðan úr textanum og bræða saman í samhengislausu heild. Beinar tilvitnanir og ályktanir sem af þeim eru dregnar um orðar hann og styttr. Þannig verður „undarleg hugsýn framtíðarríkis“ (82) að „kynlegri framtíðarsýn“ (189) í texta hans og áhrifum Tolstojs, Rousseaus og Strindbergs sem Hallberg ræðir á tveimur stöðum (67 og 69) er skellt saman í eina setningu: „Þessi orð eru bergmál frá

Tolstoj, en einnig má sjá greinileg áhrif Rousseaus og Strindbergs.“ (189)¹¹²

Öll umræða Hannesar um skáldsöguna *Undir Helgahnúk* sem Halldór skrifaði í klaustrinu er frá Hallberg komin (sbr. *Vefarinn mikli* I, 135–140 og 167–177), og á það jafnt við um aðdraganda sögunnar, efnisútdrátt, viðtökur, bréfaskrifir í sambandi við hana og dagbókarstífrif.¹¹³ Í eftirfarandi dæmi má sjá hvernig Hannes færir inndregna tilvitnun Hallbergs í dagbók Halldórs inn í meginmál hjá sér og eignar sér textann með því að víxla beinni og óbeinni ræðu:

Texti Hallbergs

Dagana 26. og 27. gengur verkið vel undan, og hann er ánægður með árangurinn. En strax daginn eftir kveður svo við allt annan tón:

Ég las ífir nokkra kafla af því sem ég þegar hef skrifað af Atla, og fannst það svo dauðanlega plebejískt, elendugt og klaufalegt, svo andlaust og smásálarlegt, að mér félst alveg hugur, þegar ég ætlaði að fara að skrifa. Hálfveikur æddi ég hér um gólfíð, bað, klóraði mér, barði mér á brjóst og sagði hvað eftir annað: Þú ert bölváður ræfill og ekkert annað en ræfill. (*Vefarinn mikli* I, 136)

Taka Hannesar

Hann var ánægður með kaflana, sem hann skrifaði 25. og 27. febrúar, en strax daginn eftir kvað við annan tón: „Ég las yfir nokkra kafla af því sem ég þegar hef skrifað af Atla, og fannst það svo dauðanlega plebejískt, elendugt og klaufalegt, svo andlaust og smásálarlegt, að mér félst alveg hugur, þegar ég ætlaði að fara að skrifa.“ Halldór æddi eftir þetta um gólfíð í klefa sínum, klóraði sér, barði sér á brjóst og sagði hvað eftir annað við sjálfan sig: „Þú ert bölváður ræfill og ekkert annað en ræfill!“ (229)

Þótt Hannes láti að því liggja að hann vitni í frumheimild er ljóst að hann tekur bæði tilvitnunina og umræðuna í kring frá Hallberg. Þetta má sjá

112 Þannig slær Hannes gjarnan um sig með kenningum sem hann hefur frá öðrum. Á bls. 182–184 fjallar hann t.a.m. um kenningar Ottos Weininger og vitnar um þær beint í rit hans *Geschlecht und Character*. Það hefur hann þó allt meira eða minna orðrétt úr riti Hallbergs, *Vefarinn mikli* II, bls. 64–67. Ekki getur hann þeirrar heimildar.

113 Kaflarnir „Freistingar holdsins“ og „Þú ert bölváður ræfill“ í bók Hannesar eru ýmist byggðir á klausturdagbókinni eða bréfum sem Halldór skrifaði vinum sínum úr klaustrinu. Allt er það tekið úr bók Peters Hallberg, *Vefarinn mikli* I, bls. 109–141, án þess að hans sé nokkurs staðar getið. Ofi eru tilvitnanir rangt upp teknar og í þeim mikið af villum. Þetta á einnig við um önnur bréf sem Hannes vitnar til. Á bls. 132–133 birtir hann t.a.m. langan kafla úr bréfi sem Halldór skrifaði móður sinni frá Kaupmannahöfn 10. október 1919 og ræðir m.a. lát föður síns. Bréfið er birt án dagsetningar og tilvísunin neðanmáls er í bréfasafni Halldórs Laxness á Landsbókasafni, einnig án dagsetningar. Hannes vísar eingöngu til frumheimildar og getur þess ekki að nákvæmlega sami kafla úr bréfinu birtist í *Ritmennt. Ársriti Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns* 1997, í grein Einars Sigurðssonar, „Afhending handrita Halldórs Laxness,“ bls. 131–135. Sami kafla úr bréfinu er einnig birtur í bók Ólafs Ragnarssonar, *Halldór Laxness – Líf í skáldskap*, bls. 139–141. Bréfið skrifaði Halldór áður en hann myndaði sér sína eigin sérstöku stafsetningu og sú stafsetning er heldur ekki á bréfi hans. Hannes birtir bréfið hins vegar með þessari stafsetningu, eða því sem hann telur vera hana.

af villum í tilvitnun Hallbergs sem ganga aftur í texta Hannesar. Í dagbókinni stendur nefnilega ekki „dauðanlega plebejískt“, heldur „óendanlega plebejískt“.¹¹⁴ Þessi orð þýðir Hallberg með „döðligt plebejískt“ (*Den store vāvaren*, bls. 119) og íslenski þýðandinn „döðligt“ orðrétt með „dauðanlega“. Þannig eru orðin „dauðanlega plebejískt“, sem Halldór skrifaði aldrei, komin í tilvitnunina hjá Hannesi. Þá skrifar Halldór ekkert um það í dagbókina að hann hafi klórað sér þennan dag, heldur: „Hálfveikur æddi ég hér um gólfið, bað, álasaði mér, barði mér á brjóst [...]“. Hér þýðir Hallberg „álasaði mér“ með „kliade mig“ (*Den store vāvaren*, bls. 119), þ.e. „klóraði mér“. Þannig hefur íslenski þýðandinn eðlilega skilið það og því klórar Halldór sér bæði hjá honum og í texta Hannesar. Þá breytir Hannes dagsetningunni 26. febrúar í 25. febrúar og segir að þá hafi Halldór skrifað kafla í *Undir Helgahnúk* sem hann var ánægður með. Af dagbók Halldórs kemur hins vegar fram að hann vann ekkert að bókinni 25. febrúar,¹¹⁵ heldur tók hann til við hana eftir nokkurt hlé þann 26. febrúar eins og segir líka hjá Hallberg. Þessi ranga dagsetning sýnir að Hannes hefur ekki lesið nógu vel textann sem hann tekur. Slíkar villur eru áberandi margar í bók hans. Til að mynda tekur hann rangt upp beina tilvitnun frá Hallberg í *Undir Helgahnúk* þar sem segir að kona séra Kjørtans hafi ráðist á mann sinn „af álíka grimd og blóðþyrst dýr“ (*Vefarinn mikli I*, bls. 170).¹¹⁶ Hannes skrifar hins vegar „einsog blóðþyrst villidýr“ (274).

Rannsóknir Hallbergs á verkum Halldórs fleygar Hannes á nokkrum stöðum með köflum úr ritum annarra fræðimanna. Þannig tekur hann ítarlega umfjöllun Óskars Halldórssonar um kvæðið „Únglingurinn í skóginum“ og fellir inn í bók sína (307–309).¹¹⁷ Í upphafi vitnar Hannes til greinargerðar Halldórs fyrir frumbirtingu kvæðisins í *Eimreiðinni* 1925 og lætur að því liggja að hann styðjist við þá útgáfu. Hann gætir þess hins vegar ekki að Halldór breytti kvæðinu töluvert fyrir prentun þess

114 Sbr. Halldór Laxness, „Dagbók fyrir Halldór Kiljan Laxness haldin í St Maurice de Clervaux.“ Lbs 200 NF Sjá einnig *Dagar hjá múnkum* (1987), bls. 88.

115 Sbr. *Dagar hjá múnkum*, bls. 81.

116 Sbr. einnig Halldór Laxness, *Undir Helgahnúk* (1924). Önnur útgáfa (1967), bls. 112.

117 Sbr. Óskar Halldórsson, „Kvæðakver“, *Sjö erindi um Halldór Laxness*, bls. 67–70.

í *Kvæðakveri*.¹¹⁸ Eftir þeirri gerð fer Óskar og þess vegna líka Hannes í reynd. Þannig stemma tilvitnanir hans ekki við útgáfuna sem hann vitnar til. Texta Óskars tekur Hannes svo orðrétt upp án auðkenningar. Þetta má m.a. sjá í eftirfarandi skilgreiningu á skáldskaparstefnum sem Hannes setur fram sem eigin athugun:

Texti Óskars

Í ljóðum Halldórs blandast expressionisminn annarri náskyldri liststefnu, surrealismanum, sem þá kemur fyrst fram í íslenskum skáldskap.

Surrealisminn gengur að því leyti lengra en expressionisminn, að einnig er leitast við að draga hið dulvitaða fram í dagsljósið, túlka veruleikann samkvæmt skynjun undirvitundarinnar. (*Sjö erindi um Halldór Laxness*, 68)

Taka Hannesar

Í þessu ljóði blandast expressiónismi Halldórs annarri náskyldri stefnu, súrrealismanum, sem kemur þá fyrst fram í íslenskum skáldskap. Í súrrealisma er að því leyti gengið lengra en expressiónisma, að einnig er leitast við að draga hið dulvitaða fram í dagsljósið, túlka veruleikann samkvæmt skynjunum undirvitundarinnar. (308)

Undir lok nákvæmrar endursagnar vitnar Hannes til greinar Óskars um setningu sem hann auðkennir innan gæsalappa eins og hún sé það eina sem eftir honum er haft.

Í umfjöllun sinni um kvikmyndahandritin sem Halldór Laxness skrifaði á ensku í Los Angeles fer Hannes alfarið eftir rannsóknum Hallbergs í *Húsi skáldsins* I. Hann vísar hvergi til heimildar um handritin og aðeins einu sinni til Hallbergs um beina tilvitnun á ensku inni í miðri endursögn á „Kari Karan“ (416).¹¹⁹ Að öðru leyti fellir Hannes texta Hallbergs um kvikmyndahandritin inn í bók sína án auðkenningar og heimildafærslu. Hér endursegir Hannes í þriðja sinn þetta áleitna söguefni um skáldið og hundinn, án þess að fara nokkru sinni í frumtextann. Fyrst endursegir hann texta Ólafs Ragnarssonar um „Seif“, síðan texta Hallbergs um „Skáldið og hundurinn hans“ og nú kvikmyndagerð þess „Kari Karan“, einnig upp úr texta Hallbergs. Líkt og áður dregur hann sömu ályktanir af efninu og fræðimaðurinn sem hann tekur það frá. „Yfirleitt er hundinum ætlað mikið hlutverk,“ segir Hallberg (*Hús skáldsins* I, 54) um „Kari Karan“. Undir þessa athugun tekur Hannes en skerpir hana með því að

118 Halldór Laxness, *Kvæðakver* (1930). Önnur útgáfa (1949), bls. 11-15.

119 Handritin eru í einkaeign og vörslu Einars Laxness. Annað þeirra hefur nú nýlega verið gefið út. Sjá Halldór Guðmundsson, „Halldór í Hollywood. Kvikmyndahandritið „Salka Valka“ birt í fyrsta sinn, *Tímarit Máls og menningar* 1/2004.

eyða úrdrættinum („yfirleitt“) og nefna hundinn með nafni: „Hundinum Víkingi er ætlað mikið hlutverk.“ (417)

Svipuð er umfjöllun Hannesar um kvikmyndahandrit „Sölku Völku“ og er þar hvergi vitnað til heimilda. Eftirfarandi framsetning gefur til kynna að farið sé eftir frumtexta, þ.e. handritinu sjálfu, sem samamburður við texta Hallbergs sýnir þó að ekki stenst:

Texti Hallbergs

Ofsahrædd hleypur hún niður að ströndinni, stekkur um borð í lítinn bát, ýtir frá landi og hverfur út í brimgnýinn. „Here the story culminates“, segir í svigagrein. (*Hús skáldsins* I, 58).

Taka Hannesar

Salka Valka hleypur niður að strönd, stekkur um borð í lítinn bát, ýtir frá landi og hverfur út í brimið. „Here the story culminates“ (Hér nær sagan risi), segir í handritinu. (418)¹²⁰

Í lok umræðu sinnar um kvikmyndahandritið að „Sölku Völku“ (sem hann kallar „uppkastið“) ber Hallberg það vandlega saman við skáldsöguna *Sölku Völku* (sbr. bls. 59–61). Þessa rannsóknavinnu Hallbergs eignar Hannes sér og fellir niðurstöður hennar inn í bók sína sem eigin athugun:

Texti Hallbergs

[...] uppkastið leggur meiri áherzlu á hið myndræna í umhverfinu. Umhverfis- og atburðalýsingar eru gerðar stórkostlegri en í skáldsögunni: hið sífellda hafrót, hriðin, hestarnir og íslenzka svípan, glíman. Þátturinn af samsæri áhafnarinnar um að taka Sölku Völku með valdi er mjög grófur [...].

[...] En það er lögð miklu meiri áherzla á karlmannseinkenni hennar í uppkastinu. Þar gengur hún ekki aðeins í buxum, heldur reykir hún einnig pípu. (*Hús skáldsins* I, 59)

Taka Hannesar

Í handritinu er allt það, sem er myndrænt, dregið sérstaklega fram og gert stórkostlegt, sífellt hafrót, hrið, hestar, glíma, íslensk svipa, tilraun til fjöldanauðgunar. Atburðarásin er einfaldari og grófari. Salka Valka er karlmannlegri, gengur ekki aðeins um á buxum, heldur reykir líka pípu [...]. (418)

Hér hníkar Hannes til orðalagi um klæðaburð Sölku Völku og lætur hana ganga „um á buxum“ í stað þess að ganga „í buxum“ eins og hún gerir hjá Hallberg.

Umfjöllun Hannesar um skáldsöguna *Sölku Völku* felst í textabótum

120 Á svipaðan hátt segir Hannes frá handritinu „Heiðin“ eins og hann hafi það fyrir framan sig (bls. 476–479). Nákvæm lýsing hans á útliti þess, efni, bakgrunni og samamburði við önnur verk, er þó tekin úr grein Peters Hallberg, „Heiðin. Fyrsta uppkastið að skáldsögunni Sjálfstætt fólk.“ Á einum stað vísar Hannes í þessa grein um setningu sem hann hefur innan gæsalappa. Allt annað bæði á undan og eftir er sett fram eins og hans eigin rannsókn.

héðan og þaðan úr bók Hallbergs, *Hús skáldsins* I. Sjálfur hefur Hannes lítið sem ekkert um söguna að segja, enda hefur hann ekki grundvallarhugtök bókmenntafræðinnar á valdi sínu. Einkum eru honum hugleiknar persónur sögunnar og um persónusköpun Arnalds segir hann og hefur að breyttu breytanda frá Hallberg:

Texti Hallbergs

Þess vegna má segja, að Halldór hafi klofið Arnald kvikmyndagerðarinnar í tvær persónur með gjörólíka skapgerð: Steinþór og Arnald. (*Hús skáldsins* I, 172)

Taka Hannesar

Úr Arnaldi kvikmyndahandritsins hefur Halldór gert tvo einstaklinga, þá Steinþór og Arnald, í skáldsögunni. (540)

Þá fær stjórnmalamaðurinn Kristófer Torfdal mikið rúm í texta Hannesar. Um eftirfarandi athugun sína á fyrirmyndum þeirrar persónu getur hann engra heimilda, hvorki þeirrar sem hann hefur augljóslega upplýsingarnar frá né þeirra frumheimilda sem sú heimild vísar til:

Texti Hallbergs

Með því að stöðjast við íslenzk blöð frá þessum tíma er hægt að sýna fram á, hvernig Halldór sameinar á hugvitsamlegan hátt í Kristófer Torfdal drætti úr tveimur þekktum stjórnmálamönnum af ólíkum flokkslit: jafnaðarmanninum Ólafi Friðrikssyni og Jónasi Jónssyni. Það á sér stað nokkur tilfærsla, þegar líður á söguna: fyrst í stað eru aðaleinkennin frá Ólafi, síðar kemur svipmót dómsmálaráðherrans skýrt fram. (*Hús skáldsins* I, 130-131)

Taka Hannesar

Eitt augljósasta dæmið um það, hvernig Halldór hagnýtti sér veruleikann í kringum sig, birtist í Kristófer Torfdal, sem er í aukahlutverki í bókinni. Hann er bersýnilega settur saman úr Ólafi Friðrikssyni og Jónasi Jónssyni frá Hriflu. Einkenni Ólafs eru greinilegri í fyrri hluta seinna bindisins, en smám saman tekur Kristófer að líkjast Jónasi frá Hriflu meira. (543)

Um Steinþór er Hannes að mestu sammála Hallberg um það að hann sé „siðlaus persónugervingur hinnar stórbrotnu óblíðu náttúru, en gæddur þeim hæfileika að vefja líf sitt einskonar frumstæðum skáldskap“ (*Hús skáldsins* I, 154), en hann orðar það aðeins öðruvísi. Hann sleppir bæði „einskonar“ og lýsingarorðinu „stórbrotinn“ um náttúruna auk þess sem hann finnur annað orð fyrir persónugerving. Því verður Steinþór hjá honum „siðlaus líkamningur hinnar óblíðu náttúru, en getur vafið líf sitt frumstæðum skáldskap“ (548). Báðir hafa þeir vissa samúð með Steinþóri og það kemur því ekki á óvart þótt niðurstaðan sé svo til eins:

Texti Hallbergs

Steinþóri er þó ekki alls varnað. Hann er ekki hreinræktaður hrotti. (*Hús skáldsins* I, 156)

Taka Hannesar

Þrátt fyrir allt er Steinþór skáldsögunnar ekki hreinræktaður ruddi. (549)

Beinar tilvitnanir í söguna, einnig langar inndregnar, tekur Hannes úr bók Hallbergs, ásamt aðfaraorðum og ályktunum. Eini munurinn er sá að Hannes breytir stafsetningu og stundum texta tilvitnananna til samræmis við síðari og endurskoðaða útgáfu *Sölku Völku* en Hallberg vitnar í fyrstu útgáfu.¹²¹

Á því tímabili sem bók Hannesar tekur til samdi Halldór Laxness fjórar smásögur sem birtust í safninu *Fótatak manna* frá 1933. Fjallar Hannes um þær allar í tiltölulega löngu máli sem hann tekur ýmist úr riti Hallbergs, *Hús skáldsins* I, eða grein Helgu Kress, „Ilmanskógar betri landa. Um Halldór Laxness í Nýja heiminum og vesturfaraminnið í verkum hans“. Úr þeirri grein tekur hann m.a. eftirfarandi efnisútdrátt úr sögunni „Tvær stúlkur“:

Texti Helgu

Sagan segir frá tveimur ólíkum stúlkum sem sögumaður kynnist á tólf daga siglingu frá Hamborg til Kanada vorið 1922. Önnur er með drengjakoll, miskunnarlaus og köld, hin er á leið til Toronto að hitta kærastann sinn sem hafði sent henni farareyri og hún notar hvert tækifæri til að svíkja. „Ég vildi ekki vera pilturinn yðar fyrir vestan, sagði ég.“ (*Ritmennt* 2002, 150-151 nm.)

Taka Hannesar

Hann kynntist tveimur stúlkum um borð. Önnur var með drengjakoll, miskunnarlaus og köld. Hin var á leið til Toronto að hitta unnusta sinn, sem hafði sent henni farareyri. Hún notaði hvert tækifæri til að svíkja hann. „Ég vildi ekki vera pilturinn yðar fyrir vestan,“ sagði Halldór henni. (196-197)

Hannes getur ekki heimildar um þennan texta en vísar beint í *Fótatak manna*, eins og oftast án ártals og blaðsíðutals. Sögumann smásögunnar gerir Hannes að Halldóri Laxness sjálfum, og er það í samræmi við þær hugmyndir sem víða koma fram í bókinni að sögur Halldórs fjalli um hann sjálfan.

Um söguna „Og lótusblómið angar . . .“ þræðir Hannes texta Hallbergs og kemst að sömu heimspekilegu niðurstöðu og hann um listina sem „sættir trú og skynsemi, sigrar þjáninguna og allt fellur í ljúfa löð“ (*Hús skáldsins* I, 69). Hannes umorðar þetta reyndar aðeins og svona er

121 Sbr. tilvitnun á bls. 549 sem er eins og hjá Hallberg (bls. 156): „Var mögulegt að undir þessu hrjúfa, bólugrafna hörundi fælist annað andlit – kanski mjúkt og slétt, með dreyminnum, spurulum augum og viðkvæmu brosi?“ Í síðari útgáfum hefur Halldór endurskoðað þennan texta og breytt honum, sbr. *Salka Válka* (1931-1932). Þriðja útgáfa (1959), bls. 183.

setningin hjá honum: „Listin felur í sér lausnina, sættir trú og skynsemi, sigrar þjáninguna.“ (431) Ekki vitnar Hannes til neinnar heimildar um þessa skoðun né heldur beinu tilvitnunina í söguna sem á eftir fylgir og er sú sama hjá þeim Hallberg báðum.

Svipaða meðferð fær „Saga úr síldinni“. Þar þræðir Hannes efnisútdrátt Hallbergs með sömu beinu tilvitnunum og kemst að sömu niðurstöðu og hann um Kötu gömlu:

Texti Hallbergs

Kata er blind gagnvart þeim öflum, sem stjórna lífi hennar. (*Hís skáldsins* I, 20)

Taka Hannesar

Hún er blind á þau öfl, sem stjórna lífi hennar. (358)

Ítarleg umfjöllun Hannesar um „Nýja Ísland“ á bls. 402–404 er tekin úr grein Helgu Kress, „Ilmanskógar betri landa“, bls. 153–155. Orðalagi er þó hnikað til á stöku stað og atriðum víxlað. Á tveimur stöðum er vísað í grein Helgu um kvæði sem þar er vitnað til.¹²² Annars er textinn settur fram eins og hann sé eftir Hannes, byggður á frumrannsóknnum hans og athugunum. Af eftirfarandi texta má sjá hvernig hann eignar sér kenningu sem kemur fram í greininni og gerir að sinni. Inndregna tilvitnun fellir hann eins og oft áður inn í meginmál:

Texti Helgu

Líta má á Nýja Ísland sem tilbrigði við Vonir eftir Einar H. Kvaran, og báðar enda sögurnar eins [...]. Í sögu Einars gengur Ólafur eftir svik unnustunnar út á sléttuna [...]:

Og þá fleygði hann sér niður á sléttuna og grét, grét eins og barn [...]. Sléttan ómæligea, endalaus, sem er full af friði og minnir á hvíldina eilífu. (*Ritmennt* 2002, 154)

Taka Hannesar

Sumt í sögunni, aðallega þó endirinn, minnir líka á smásöguna „Vonir“ eftir Einar H. Kvaran [...]. Sögunni lýkur, þegar pilturinn fleygir sér örvilnaður niður á sléttuna, ómæligea, endalaus, „sem er full af friði og minnir á hvíldina endalaus“. (404)

Ekki getur Hannes heimildar um samanburðinn við „Vonir“ sem hann samkvæmt þessu hefur fundið út sjálfur. Þá skilur hann eftir sig villu í beinu tilvitnuninni þar sem „hvíldina eilífu“ verður „hvíldina endalaus“.

122 Ekki hefur Hannes tekið rétt eftir fullu nafni Munda sem kemur þarna fyrir í vísu, kallar hann Sigurmunda (403), en hann hét Sigurmundur eins og fram kemur í greininni. Sbr. bls. 153.

Þessa umræðu upp úr grein Helgu Kress fleygar Hannes með niðurstöðu um tík og mann eftir Hallberg:

Texti Hallbergs

Þegar Torfi er að verja tíkarveslinginn, er hann jafnframt að verja sjálfan sig; hann tekur allt í einu upp örvæntingarfulla vörn fyrir allt sem er kúgað og líður tilgangslausar þjáningar á jörðunni. (*Húsi skáldsins* I, 46)

Taka Hannesar

Um leið og Torfi ver tíkina, er hann að verja sjálfan sig. Hann er að verja allt, sem er kúgað og þjáð og umkomulaust á jörðinni. (404)

Ekki vitnar Hannes til Hallbergs um þessi orð. Hins vegar vitnar hann til hans ofar á sömu blaðsíðu um hve „frábært listaverk“ sagan sé, „hnitmiðað og þaulunnið, eins og Peter Hallberg bendir á,“ og vísar til bls. 46 í *Húsi skáldsins* I. Reyndar segir Hallberg á þeim stað að sagan sé „frábært listaverk, samanþjöppuð og faguð“. Þetta er eini staðurinn í bók Hannesar þar sem Peter Hallberg er nefndur í meginmáli. Að öðru leyti kemur hann þar hvergi fram fremur en aðrir fræðimenn sem eiga texta í bók Hannesar.

Góðar lýsingar

Mesta plássið í bók Hannesar taka „góðar lýsingar“ sem hann að eigin sögn hefur fundið í ritum annarra.¹²³ Langflestar lýsingarnar tekur Hannes úr minningabókum Halldórs Laxness, *Í túninu heima* (1975), *Úngur eg var* (1976), *Sjömeistarasögunni* (1978) og *Grikklandsárinu* (1980) og byggist fyrri hluti bókar hans svo til alfarið á þeim. Einnig er þar að finna spretti úr *Innansveitarkroniku* (1970),¹²⁴ *Íslendingaspjalli* (1967)¹²⁵ og viðtölum Ólafs Ragnarssonar við Halldór Laxness í *Halldór Laxness – Líf í skáldskap*.¹²⁶ Við þessar lýsingar Halldórs á bernsku sinni og unglingsárum bætir Hannes lýsingum frá öðrum höfundum, sem hann gjarnan „sannreynir“ með misjöfnum árangri. Í lok frásagnar af Reykjavíkurdvöl

123 Sbr. „Ég gerði ekkert óheiðarlegt, framdi engan ritstuld,“ bls. 27, dálkur 4-5.

124 Sbr. Gauti Kristmannsson, „Úr Innansveitarkroniku Laxness,“ *Lesbók Morgunblaðsins* 17. janúar 2004, bls. 6.

125 Sbr. Sverrir Hermannsson, „Utansveitarkronika,“ *Morgunblaðið* 19. janúar 2004, bls. 21.

126 Þaðan eru m.a. teknar frásagnir Halldórs af orgelleik sínum í Lágafellskirkju árið sem hann fermdist (sbr. Ólafur Ragnarsson, *Halldór Laxness – Líf í skáldskap*, bls. 54-55; Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Halldór, bls. 50) og veru hans í Iðnskólanum (bls. 58-59; bls. 61). Ekki vísar Hannes til heimilda um þetta.

Halldórs veturinn 1917–1918, sem tekin er upp úr *Sjömeistararögunni* í bland við Ólaf Ragnarsson, kemur á bls. 73–76 hjá Hannesi löng og nákvæm endursögn á grein eftir Gísla H. Kolbeins.¹²⁷ Í greininni segir Gísli frá því þegar Halldór Laxness var sendur í aukatíma til föður hans, séra Halldórs Kolbeins. Í upphafi frásagnar sinnar segist Gísli hafa fengið um þetta „munnlegar heimildir“ (182) bæði hjá séra Halldóri og skáldinu sjálfu. Þótt Hannes felli grein Gísla svo til orðrétt inn í bók sína vitnar hann hvergi til hennar sem heimildar en setur textann fram sem sinn eigin. Greinin er heldur ekki meðal þeirra rita sem Hannes segist í eftirmála hafa stuðst við. Á einum stað í texta sínum vísar Hannes í skýrslu Menntaskólans í Reykjavík um einkunnir Halldórs sem hann hefur lesið um í grein Gísla. Þessi tilvísun gefur textanum fræðilegan svip og gefur til kynna að höfundur vinni með frumheimildir. Þá „sannreynir“ Hannes textann og leiðréttir sem oftast eina villu með annarri. Í grein Gísla segir frá því að eitt sinn hafi skáldið verið „gripið á Austurvelli og tekið í tíma við innsta borð í innsta horni hjá Rosenberg við Austurvöll“ (183). Hjá Hannesi grípur Halldór Kolbeins skáldið „glóðvolgt á Austurvelli og tók það í tíma við innsta borð í einu horninu í Rosenberg-kjallaranum í Nýja bíói“ (74). Hvorugt er hins vegar rétt því að Rosenberg var ekki kominn til sögunnar í Reykjavík vorið 1918.¹²⁸ Hér leiðréttir Hannes misminni hjá Halldóri Laxness með villu frá sjálfum sér.

Svipuð „leiðrétting“ kemur fyrir í texta sem Hannes tekur frá Solveigu Jónsdóttur.¹²⁹ Hún segir frá því þegar Halldór kom á heimili foreldra hennar, Jóns Helgasonar og Þórunnar Björnsdóttur, í Kaupmanna-

127 Gísli H. Kolbeins, „Gagnfræðingurinn,“ *Ritmennt* 2002, bls. 182–184.

128 Rosenberg hóf veitingarekstur sinn í Reykjavík í lok ágúst 1918. Vorið 1920 flutti hann reksturinn í kjallara Nýja bíós og þaðan árið 1924 í hús Nathans og Olsens þar sem síðar var Reykjavíkur Apótek. Sbr. viðtal H. Thorlaciús við A. Rosenberg, „Hótel Ísland,“ *Gesturinn. Tímarit um veitingamál* 4/1952, bls. 1–5. Ég þakka Guðjóni Friðriksyni fyrir þessar upplýsingar. – Í *Grikklandsárinu* vikur Halldór að kennslunni hjá Halldóri Kolbeins. Hann nefnir ekkert kaffihús við Austurvöll en segir: „Ekki minnir mig að námstímar hjá nafna mínum hafi orðið margir, því þegar á leið vetur, og ég átti um vorið að taka próf uppí efrideild mentaskólans, þá hittu ég nafna minn sjakketklæddan að kvöldlagi á horninu á Klapparstíg og Laugavegi, í kaffihúsi sem stóð þar um tíma.“ (140)

129 Sbr. „Þá var jarðlífið fagurt. Auður Jónsdóttir ræðir við Solveigu Jónsdóttur,“ *Nærmynd af Nóbelskálði*, bls. 115–116.

höfn á leið sinni til Íslands frá Sikiley og dvaldist hjá þeim um tíma í lítilli íbúð við Samsögade þar sem hann lauk við *Vefarann*. Tímasetningin er röng hjá Solveigu því að Halldór kom ekki til Kaupmannahafnar í þessari ferð, þ.e. á vormánuðum 1926, heldur í lok janúar 1924 á leið sinni til Íslands eftir klausturdvölinu í Clervaux. Þetta leiðréttir Hannes, sbr. einnig Hallberg, *Vefarinn mikli I*, bls. 153, en treystir frásögn Solveigar að öðru leyti og fellir í bók sína (255). Að vísu sleppir hann bræðrum Solveigar sem hún nefnir en hvorugur var fæddur í janúar 1924.¹³⁰ Hins vegar heldur hann frænkunum og rúmum þeirra í kamersinu sem heitir risherbergi hjá Hannesi. Þá hefur hann rannsakað húsnúmerið og bætir því við: Samsögade 8. Hann gætir þess hins vegar ekki að á þeim tíma sem um ræðir átti Jón Helgason alls ekki heima á Samsögade, hafi hann nokkurn tímann átt heima þar, heldur á Manögade 9.¹³¹

Eftir að hafa gjörnýtt minningabækur Halldórs fellir Hannes ritgerðir hans inn í bók sína í nokkurn veginn rétttri tímaröð þeirra atburða sem þær segja frá.¹³² Einnig tekur hann lýsingar úr óbirtum bréfum Halldórs til Erlends Guðmundssonar í bréfasafni Erlends á Landsbókasafni og er kaflinn um Sikileyjardvölinu sumarið 1925 að mestu leyti búinn til úr þeim (315–344). Allt þetta setur Hannes fram

130 Reyndar var aðeins annar bróðirinn fæddur vorið 1926 svo að frásögn Solveigar stenst heldur ekki sem heimild um heimilisfólk þann tíma.

131 Þetta má m.a. sjá af utanáskrift á póstkorti sem Halldór sendi Jóni frá London 26. janúar 1924, sama dag og hann leggur af stað þaðan til Kaupmannahafnar, en það er svar við bréfi frá Jóni sem Halldór hafði fengið um morguninn ásamt peningastyrk til ferðarinnar. Lbs 23 NF Bréfasafn Jóns Helgasonar.

132 Af helstu ritgerðum Halldórs sem Hannes fellir inn í bók sína má nefna í þeirri röð sem þær birtast í *Halldóri*: Á bls. 197–198: „Þjóðerni“ (*Alþýðubókin*, 1929); á bls. 204 og 211–212: „Um ilm og ljóma. (Minning jólanætur í klaustri)“ (*Alþýðublaðið* 24. desember 1924); á bls. 219–221: *Dagar hjá múnkum* (1987); á bls. 242–244: „Við Nonni“ (*Reisubókarkorn*, 1950); á bls. 253–255: „Heiðin jól og kristin“ (*Vettvángur dagsins*, 1942); á bls. 290–291: „Af íslensku menningarástandi“ (*Af menningarástandi*, 1986); á bls. 315–319: „Frá Sikiley“, *Morgunblaðið* 29. júlí 1925; á bls. 318–319: „Taormina“ (*Og árin líða*, 1984); á bls. 320–323: „Hverjir kostuðu Vefarann“ og „Misogynie Vefarans“ (*Skáldatími*, 1963); á bls. 361–365: „Dagleið á fjöllum“ og „Skammdegisnótt í Jökuldalsheiðinni“ (*Dagleið á fjöllum*, 1937); á bls. 434–435: „Inngangur að rannsókn á orsökum glæpa“ (*Alþýðubókin*, 1929); á bls. 446–447: „Óinnblásinn ræðumaður“ (*Skáldatími*, 1963); á bls. 460–462: „Hjá frægum miðli“ (*Dagleið á fjöllum*, 1937); á bls. 471–474: „Hjá Krishnamurti í Ojaidalnum“ (*Dagleið á fjöllum*, 1937); á bls. 560–562: „Sonur Guðmundar heitins í apótekinu og aðrir menn“ (*Skáldatími*, 1963).

sem sinn eigin texta. Þegar hann vísar til heimildar er það um eina setningu sem þá er auðkennd innan gæsalappa, sbr. aðferð endursagnarritstuldarins. Til sumra textanna vitnar hann alls ekki og eru ritgerðasöfn Halldórs ekki nefnd meðal stuðningsrita í eftirmála.¹³³

Á svipaðan hátt lætur Hannes greipar sópa um texta annarra höfundna, eins og t.a.m. Magnúsar Á. Árnasonar og Ásgeirs Bjarnþórssonar, sem hann endursegir í stórum stíl.¹³⁴ Þá tekur Hannes áður óbirta ritgerð úr handritasafni Þórbergs Þórðarsonar á Landsbókasafni og fellir inn í bók sína. Við upphaf frásagnarinnar vísar hann til „lýsingar“ í stílabók í stórri öskju 3 undir heitinu „Heilög kirkja“. Tilvísunin í handritasafnið er nokkuð nákvæm en um heiti „lýsingarinnar“ hefur Hannes farið lýsingavillt. „Heilög kirkja“ er að vísu í stílabókinni en ritgerðin sem Hannes tekur og birtir á bls. 283–287 heitir „Skyldi hann hafa nokkuð upp úr því?“ Fjallar hún um trúskipti Stefáns frá Hvítadal fyrir fortölur Halldórs Laxness og kaþólska skírn hans.¹³⁵ Texta Þórbergs breytir Hannes hér og þar, m.a. með því að bæta inn í hann áhrifsorðum á undan eða eftir tilsvörum, svo sem „Halldór byrsti sig“ (286), „Halldór varð strangari í rómi“ (286). Þá lætur hann Halldór tala í „kiljanskri“ stafsetningu, meðan Stefán talar bara í sinni samræmdu, sbr. „Halldór svaraði: ‘Finst þér þá þú trúá því?’ Stefán svaraði: ‘Já, mér finnst það.’“ (284). Að venju virðir Hannes ekki greinaskil og sleppir þeim. Sem

133 Af ritgerðum sem hvergi eru nefndar í bókinni en eru þó felldar inn í hana í heilu lagi má nefna „Dagleið á fjöllum“ og „Skammdegisnótt í Jökuldalsheiðinni“, bls. 361–365. Mitt í texta þeirrar fyrri er vísað í *Alþýðubókina* um leðurstígvél Halldórs sem ekki eru í ritgerðinni en Hannes bætir inn í lýsinguna.

134 Þetta eru aðallega myndnar sögur, sbr. nafnið á bók Magnúsar, *Gamanþættir af vinum mínum* (1967). Hannes tekur mjög mikið úr þeirri bók, sbr. t.a.m. bls. 420–423, 429–432, 554–559. Sjá einnig frásagnir á bls. 140–141, 556–557 teknar úr *Aflífi og sál. Andrés Kristjánsson ræðir við Ásgeir Bjarnþórsson* (1973). Þá má á bls. 552–554 lesa grein um heimsókn í Unuhús eftir ritstjórnann og rithöfundinn Margrétu Benedictsson, „Opið bréf til Hkr“, sem birtist sem hluti af ferðasögu í *Heimskringlu* 31. desember 1930, bls. 2. Hannes fer rangt með nafn hennar, kallar hana Benediktsdóttur, en hún var Jónsdóttir, um tíma gift Sigfúsi Benedictsson, og birti verk sín undir nafninu Margrét (eða oftast Margrjet) Benedictsson.

135 Sbr. Bréfa- og handritasafn Þórbergs Þórðarsonar, Lbs án safnmarks. Á lista yfir handrit Þórbergs er handritið merkt nr. 29 og sagt vera „stór gráflíkrótt glósúbók“ í „stærstu öskju nr. 3 b“. Í sömu „glósúbók“ er einnig áður óbirt ritgerð eftir Þórberg um Þorstein úr Bæ sem Hannes stytir og endursegir á bls. 287–288 í bók sinni.

dæmi um meðferð hans á texta Þórbergs má taka eftirfarandi brot úr samtali þeirra Halldórs og Stefáns sem var að heykjast á kaþólskunn:

Texti Þórbergs

E-ertu vitlaus? Og við vorum búnir að láta pressa nýju fötin okkar og kaupa okkur nýja hatta fyrir ferminguna.

[...] Þú ferð beint til helvítis, þegar þú deyrð ef þú yfirgefur kirkjuna eftir að hafa fengið þekkingu á kenningum hennar. Sérðu ekki að með því að missa trúna á helvíti ertu búinn að glata trúnni á allan kristindóminn.

Ég trúí á endurlausnina. (*Bréfa- og handritasafn Þórbergs Þórðarsonar*)

Taka Hannesar

„E-ertu vitlaus? Og við vorum búnir að láta pressa nýju fötin okkar og kaupa okkur nýja hatta fyrir ferminguna [...]. Þú ferð beint til helvítis þegar þú deyrð, ef þú yfirgefur kirkjuna eftir að hafa fengið þekkingu á kenningum hennar.“ [...]

Stefán svaraði í vartón: „Ég trúí á endurlausnina.“ Halldór færðist í aukana, þegar hann fann bilbug á Stefáni. (284)

Stundum gleymist þó „kiljanskan“ í afrituninni, eins og sjá má í tilvitnuninni hér að ofan („kenningum“ með i-i). Þá leiðréttir Hannes málfar hjá Þórbergi og færir til „tilviks-íslensku“. Þess vegna er Halldór ekki í „nýpressuðum smóking“ við skírnina, heldur „nýpressuðum samkvæmisfötum“ (285).

Um dvöl Halldórs í klaustrinu í Clervaux fer Hannes mjög eftir frásögn Konrads Simonsen í bók hans *Túsind og eet Liv* frá 1926. Í þessari bók segir Simonsen í fyrstu persónu frá vist sinni í klaustrinu um svipað leyti og Halldór var þar. Í stað fyrstu persónu Simonsens setur Hannes þriðju persónu Halldórs og færir sjónarhornið til hans. Við upphaf frásagnarinnar gerir Hannes grein fyrir notkun sinni á bók Simonsens í aukasetningu neðanmáls þar sem hann segir að auk greinar Halldórs „Um ilm og ljóma“ sé stuðst við nákvæma lýsingu Konrads Simonsens“ (576, nmgr. 1). „Lýsing“ Simonsens fyllir síðan margar blaðsíður í bók Hannesar í íslenskri þýðingu. Innan um texta hans koma „lýsingar“ úr grein Halldórs „Um ilm og ljóma. (Minning jólanætur í klaustri)“, sem birtist í *Alþýðublaðinu* 24. desember 1924 (dagsett 23. desember hjá Hannesi). Ekki vísar Hannes nánar til þessara rita í endursögninni sem fylgir en blandar þeim saman:

Texti Halldórs

Hann stígur upp þrepin [...] og hringir dyrabjöllunni. (*Alþýðublaðið* 24. desember 1924, bls. 4)

Taka Hannesar

Halldór gekk upp þrepin og þrýsti á rafmagnshnapp við þykka eikarhurðina. (205)

Texti Simonsens

Jeg trykkede paa den elektriske Knap i Egetræs-
døren [...].¹³⁶

Í lýsingu á föður Beda blandar Hannes saman lýsingu þeirra Simonsens og Halldórs í *Skáldatíma*:

Texti Halldórs

[...] með tunglmyndað andlit, umgirt gráum skeggkraga einsog Magnús í Melkoti, fjallbreiður á herðar og ákaflega lotinn. (*Skáldatími*, 12)

Taka Hannesar

Halldór tók sérstaklega eftir öldruðum munki, pater Beda. Hann var lágvaxinn, lotinn mjög, en fjallbreiður á herðar, með tunglmyndað andlit, girt hvítum skeggkraga, svipmikill, röddin einbeitt og gjallandi, augun ungleg. (207)

Texti Simonsens

[...] hans Røst var malmfuld og hans Øjne ungdommelige [...]. (*Tusind og eet Liv*, 115)

Ekki getur Hannes heimilda um þessa lýsingu en setur hana fram frá sjónarhorni Halldórs sem segir ekkert um gjallandi rödd eða ungleg augu í texta sínum. Svipaða færslu á sjónarhorni má sjá í eftirfarandi lýsingum þar sem fyrsta persóna Simonsens verður að þriðju persónu Halldórs:

Texti Simonsens

En Broder vækkede mig i den tidlige Morgen. [...] Da jeg halvvaagen kom ned i Kirkens Mulm og Mørke, var allerede Munkene samlede og istemte Bønnerne. (*Tusind og eet Liv*, 118-119)

Taka Hannesar

Klukkan fimm næsta morgun var hann vakinn. Þegar hann gekk inn í kirkjuna stundarfjórðungi síðar og nuddaði stíur úr augum, voru munkarnir þegar komnir þangað og sungu Davíðssálma. (208)

Jeg gik ud i Haven; jeg aandede op i det fri efter de snart mange Timer i Kirken [...]. Klokken ringede til Angelus. Munken, jeg saa ved sit Havearbejde afbrød dette, rejste sig, foldede Hænderne og mumlede paa Latin Engelenes hilsen til Maria. (125)

Að lokinni hámessu gekk Halldór út í garðinn og andaði að sér fersku lofti. Eftir að hann hafði dvalist þar um stund, var hringt til bæna. Munkurinn, sem var að starfi úti í garði, hætti, stóð upp, spennti greipar og fór með Mariúvers á latínu. (209)

Gæstepateren kom hen og bød mig til Kaffe. (125)

Munkurinn, sem sá um gestina, pater Mary, kom til Halldórs og bauð honum kaffi. (210)

Hér sem víðar má sjá tilhneigingu Hannesar til skáldlegra tilþrifa þegar hálfvaknaður Simonsen í sínum texta verður að lýsingu á Halldóri að nudda stíurnar úr augunum. Þá bætir Hannes við nafni gestaföðurins sem býður kaffið.

136 Konrad Simonsen, *Tusind og eet Liv. En Bekendelse* (1926), bls. 109.

Í frásögn af ferð Halldórs til Lourdes haustið 1923 er heldur óvænt farið eftir lýsingu Guðbrands Jónssonar sem var þar á ferð löngu síðar.¹³⁷ Við upphaf frásagnarinnar vísar Hannes til bréfs Halldórs til Einars Ólafs Sveinssonar frá 18. október 1923 sem fyrstu heimild. Síðan segir: „Í lýsingu á lestarferðinni og Lourdes er einnig farið eftir ‘Lourdes’, sjá Guðbrandur Jónsson: *Innan um grafir dauðra og aðrar greinar*.“ (579, nmgr. 3)¹³⁸ Á leiðinni horfa þeir Guðbrandur og Halldór báðir út um gluggann og sjá það sama:

Texti Guðbrands

Landslagið verður breytilegra, maður fer að sjá kletta og gljúfur; lestin fer að smjúga inn á milli þeirra og um þau, og svo sér loks til skjöldóttra tinda Pyreneafjallanna. (*Innan um grafir dauðra*, 35)

Taka Hannesar

Landslagið varð breytilegra. Halldór fór að sjá kletta og gljúfur. Lestin smaug inn á milli þeirra, og loks kom Halldór auga á skjöldótta tinda Pyreneafjalla. (247)

Í texta Hannesar er tvisvar lögð áhersla á sýn Halldórs sem upplifir umhverfið með sömu orðum og Guðbrandur. Umhverfið á Sikiley sumarið 1925 upplifir Halldór svo gegnum lýsingu Thors Vilhjálmssonar sem var þar á ferð fjörutíu árum síðar. Hann tekur þrjár „lýsingar“ úr bók Thors en vísar aðeins til heimildar um eina sem hann reyndar blandar texta úr grein Halldórs „Frá Sikiley“ og setur fram sem sinn (315–316). Um eftirfarandi lýsingu getur hann ekki heimildar:

Texti Thors

[...] á meðan lögðu jasmínur ilm sinn þétt að vitum [...], langt fyrir neðan svalirnar þar sem sólin bakaði okkur voru garðar með litsterkum blómum, skuggsæl trjágöng og [...] þar fyrir neðan hafið bláa.¹³⁹

Taka Hannesar

Jasmínur lögðu ilm sinn þétt að vitum. Langt undir sólríkum svölunum voru garðar með litsterkum blómum og skuggsæl trjágöng og þar fyrir neðan blátt hafið. (316)

Um skáldsögu Halldórs, *Vefarinn mikli frá Kasmír*, fjallar Hannes í til-
tölulega stuttu máli sem að mestu er uppsuða úr Hallberg. Má þar nefna umfjöllun um erfiðleika við útgáfu bókarinnar og blaðaskrif um klám

137 Um lýsingu á þjóðfélagsástandinu í Berlín upp úr 1920 fer Hannes á bls. 180–181 í smiðju til Stefans Zweig, eða réttara sagt íslensku þýðingarinnar á sjálfsævisögu hans *Veröld sem var*, sem hann tekur orðrétt upp úr. Sbr. *Veröld sem var*, bls. 286–287.

138 Samkvæmt Hannesi fer Halldór með lestinni til Lourdes 19. október en bréfið sem hann vísar til sem heimildar um ferðina er skrifað daginn áður.

139 Thor Vilhjálmsson, „Frá Róm til Sikileyjar“, *Hvað er San Marino?* (1973), bls. 49.

í henni (*Vefarinn mikli* II, 12–20; *Halldór*, 370–371), einnig umræðu um viðtökur og tilvitnanir í ritdóma (*Vefarinn mikli* II, 190–197; *Halldór*, 370–375). Efnisútdráttinn virðist Hannes hafa samið sjálfur eftir skáldsögunni án þess þó að hafa lesið hana vel. Hjá honum stekkur Steinn Elliði nefnilega út um glugga (369) en í sögunni „steypiti hann sér frammaf svölunum“ eftir að hafa setið þar lengi í hægingastól, reykt og skrifað bréf.¹⁴⁰ Annars beinist áhugi Hannesar á sögunni einkum að því að finna góðar lýsingar sem hægt væri að heimfæra upp á Halldór Laxness sjálfan. Þannig verður aðalpersóna sögunnar, Steinn Elliði, að höfundu sínum og um leið heimild um líf hans. Sem dæmi um eina af þessum lýsingum má taka eftirfarandi frásögn af meintri heimsókn Halldórs á British Museum í London í árslok 1923:

Texti Halldórs

Og ég hef séð fjögur þúsund ára gamla yngismey frá Egyptalandi; hún er til húsa á British Museum, situr þar í hrauk, alsnakin, til sýnis fyrir gest og gangandi. Brjóst hennar eru einsog myglaðar rúsínur, hár hennar líkast strýi af tuttugu-og-fimm-aurabrúðu, munnurinn svört geil einsog sprunga í trjáberki, nefið er dottið af, augun tvær svartar dældir; hörundið minnir á hánginn sótorpinn kæfubelg. (*Vefarinn mikli frá Kasmír*, 117)

Taka Hannesar

Eitt sinn skoðaði Halldór Bretasafn, British Museum. Þar sá hann fjögur þúsund ára yngismey frá Egyptalandi, sem var til sýnis fyrir gesti og gangandi. Brjóst hennar voru eins og myglaðar rúsínur, hár hennar líkast strýi af ódýrri brúðu, munnurinn svört geil eins og sprunga á berki, nefið dottið af, augun tvær svartar dældir; hörundið minnti á hanginn, sótorpinn kæfubelg. (251)

Í skáldsögunni er þetta upprifjun Steins Elliða og sjónarhornið er hans. Hannes setur þetta hins vegar fram sem ævisögulega staðreynd og hugleiðingar Halldórs. Nú tíð skáldsögunnar breytir hann í þátíð sagnfræðinnar. Myndmál fletur hann út og gerir tuttugu og fimm aura brúðuna að ódýrri brúðu sem er ónákvæmt fyrirbrigði og framkallar enga mynd. Í lok frásagnarinnar vísar Hannes í *Vefarann mikla frá Kasmír*, 38. kafla (sbr. 580, nmgr. 3), án nokkurra skýringa eða bókfræðilegra upplýsinga svo

140 Sbr. *Vefarinn mikli frá Kasmír* (1927). Þriðja útgáfa (1957), bls. 184. Um þetta atriði er þó einhver óvissa því að þegar Hannes rifjar atvikið upp tveimur köflum síðar stekkur Steinn Elliði fram af svölum (381). Þá fer Hannes ekki rétt með nafn „Salvatore“ sem mikið kemur við sögu en skrifar það „Salvatori“ (369, 379). Samt er Hannes mjög upptekinn af nöfnum sem hann leitast við að finna fyrirmyndir að. T.a.m. segir hann um nafn Diljár og hefur fundið fyrirmynd: „Nafnið ‘Diljá’ er komið úr grísku [...]. Hún er tákmynd kvenna. Vala á Hraðastöðum ber nafn, sem hljómar ekki ólíkt.“ (378) Þessi samanburður hefði þurft nánari skýringar við.

sem blaðsíðutals og útgáfu. Við aðra slíka lýsingu, af Halldóri að borga bjór fyrir þýskan pílagram á trattoríu í Róm (314), tekna orðrétt upp úr *Vefaranum mikla frá Kasmír* (228), gerir Hannes þessa athyglisverðu athugasemd um heimildir sínar og söguskoðun: „Halldór notar þetta atvik í *Vefaranum mikla frá Kasmír*, 72. kafla, svo að ég geri ráð fyrir, að það hafi komið fyrir hann“ (585, nmgr. 14). Áður en Halldór fer á trattoríuna skoðar hann Péturskirkjuna „enda átti hún að koma við sögu í skáldsögunni, sem hann hafði í huga“ (314), stendur þar. Þarna gengur hann sem sagt með skáldlegum tilþrifum inn í sína eigin sögu og upplifir nákvæmlega það sama og Steinn Elliði, reyndar í öðru samhengi. Í stað þess að hugsa um það sem hann sér eins og Steinn Elliði (*Vefarinn mikli frá Kasmír*, 118) gengur Halldór um hjá Hannesi og „tautaði með sjálfum sér“ (314). Um taut Halldórs í beinni ræðu og innan gæsalappa er síðan vísað í hugsun Steins Elliða í *Vefaranum mikla frá Kasmír*, 39. kafla.

Af fleiri „góðum lýsingu“ úr *Vefaranum mikla frá Kasmír* sem komnar eru í bók Hannesar má nefna frásögn hans af ferð Halldórs með hraðlest frá París til Rómar vorið 1925 (312–313). Hún á sér nákvæma hliðstæðu í ferð Steins Elliða að öðru leyti en því að Steinn er að fara norður og það er haust (*Vefarinn mikli frá Kasmír*, 91–92).¹⁴¹ Eftir að Halldór hefur farið niður í „jakkavasann“ (312) eftir hnot vísar Hannes til heimildar í 30. kafla skáldsögunnar. Hér fer hann ekki alveg rétt með því að þar sækir Steinn Elliði (alias Halldór Laxness) hnotina „niðrí frakkavasann“ (92). Í ævisögu sinni er Halldór sem sagt frakkalaus á ferð sem ef til vill má skýra með „þörfum verksins“¹⁴² því að andstætt Steini Elliða sem sveipar að sér „þykkum ferðafrakkanum“ (91) er hann að fara suður og það er vor.¹⁴³ Lýsinguna á ferð Halldórs til baka frá Róm til Clervaux tekur Hannes líka úr *Vefaranum mikla frá Kasmír* þar sem segir frá lestarferð Steins Elliða

141 Sbr. einnig Símon Steingrímsson, „Hannes tekur til láns,“ *Morgunblaðið* 21. janúar 2004, bls. 40.

142 Sbr. bls 343 hér að framan. Einnig Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Greinargerð,“ bls. 28, dálkur 2.

143 Í efnisútdrætti sínum á sögunni ruglar Hannes saman persónum og lætur Stein Elliða vera „í lestartlefa milli Frakklands og Ítalíu“ (368) eins og hann sé Halldór að fara suður þótt hann sitji í „Roma–Paris–hraðlestinni“ (*Vefarinn mikli frá Kasmír*, bls. 91) og sé að fara norður.

frá Róm til klaustursins í Belgíu. Eins og fyrr litast Halldór um með annarra augum og því sér hann það sama út um lestargluggann og Steinn Elliði: „Gegnum vatnið grisjaði í skóga, akra og mannabústaði eins og kvikmyndir bak við maríugler“ (338). Lýsinguna tekur Hannes óbreytta upp úr skáldsögu Halldórs (193) að öðru leyti en því að hann færir hana til samræmdrar stafsetningar og gerir hana þar með að sinni.

Á leiðinni norður kemur Halldór við í Napólí og er dvölinni þar lýst með texta úr *Vefaranum mikla frá Kasmír*:

Texti Halldórs

Og altaf þessi ótti einsog áður og lángr svefnlausar nætur. Hávaðinn hér er alveg afskaplegur, alla liðlanga nóttina vagnskrölt og svipusmellir, og síðari hluta dags ymur borgin af látausum hrópum og köllum götusala, tartaralýðs og vitfirringa. Hætti maður sér útá strætið er maður umkringdur af þessum lazzaroni, sem ofsækja útlandinga með alskonar gotaterri. Það hefur verið aumi fábjaninn sem fann upp þennan málshátt: vedi Napoli e poi muori. (*Vefarinn mikli frá Kasmír*, 64)

Taka Hannesar

Þeir Becker dvöldust í nokkra daga í Napólí. Þar gisti Halldór á Hotel Patria. Honum gekk erfíðlega að sofa. Hávaðinn í borginni var óskaplegur, alla liðlanga nóttina skrölti í vögnum og small í svipum, en síðari hluta dags heyrðust látaus hróp og köll götusala, tartara og vitfirringa. Þegar hann hætti sér út á strætið, var hann umkringdur þessum lýð, sem reyndi að selja útlandingum alls konar skran. „Það hefur verið aumi fábjaninn sem fann upp þennan málshátt: vedi Napoli e poi muori,“ sagði Halldór. (336–337)

Um beinu ræðuna sem lögð eru í munn Halldóri („sagði Halldór“) vísar Hannes í *Vefarann mikla frá Kasmír*, 20. kafla, en það er í orð Jófríðar, móður Steins, í bréfi til Diljár, dagsettu á „Hotel Britannique, Napólí. Janúar 1922“. Í þessu bréfi rekur Jófríður harma sína, „skilin eftir í þessari vitfirringaborg [...] ásamt endurminningum tilgángslausrar ævi“ (66). Í texta Hannesar er Halldór settur í hennar stað, nema þau eru ekki á sama hóteli. Halldór upplifir borgina nákvæmlega eins og Jófríður, svefnlaus og umkringdur, að vísu ekki „lazzaroni“ með „gotaterri“, heldur lýð með alls konar skran, þ.e. ef hann hættir sér út á strætið. Halldór Laxness er sem sagt ekki bara Konrad Simonsen, Guðbrandur Jónsson, Thor Vilhjálmsson og Steinn Elliði, hann er líka móðir Steins úr eigin skáldsögu.

Eftir hvern?

„Stundum er svo augljóst, að ég er að nota textann, að ég þarf ekki að drita niður fleiri en tveimur og hálfri tilvísun að jafnaði á blaðsíðu,“

segir Hannes um vinnubrögð sín og fræðilega afstöðu til viðfangsefnisins.¹⁴⁴

Gagnrýni á bók sína hefur Hannes valið að snúa frá aðalatriði málsins, víðtækri notkun á hugmyndum, rannsóknnum og textum annarra, upp í umræðu um fjölda tilvísana. Það eru grundvallarreglur í fræðilegum vinnubrögðum að geta heimilda og auðkenna tilvitnanir innan gæsalappa. Það er þó skiljanlegt að Hannesi finnist „tilvísanirnar alveg nægilega margar“,¹⁴⁵ því að hefði hann vísað til heimilda á hverjum stað kynni að hafa komið í ljós að bókinn er alls ekki eftir hann, heldur sam safn texta og tilvitnana eftir aðra.

Heimildir

Óprentaðar heimildir

Lbs 5 NF. Bréfasafn Erlends Guðmundssonar.

Lbs 200 NF. Bréfa- og handritasafn Halldórs Laxness.

Lbs án safnmarks. Þórbergur Þórðarson. Bréfa- og handritasafn.

Prentaðar heimildir

Af lífi og sál. Andrés Kristjánsson ræðir við Ásgeir Bjarnþórsson. Akureyri: Kvöldvökuútgáfan, 1973.

Aristóteles, *Um skáldskaparlistina*. Þýð. Kristján Árnason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1976.

Auður Jónsdóttir. „Þá var jarðlífið fagurt. Auður Jónsdóttir ræðir við Solveigu Jónsdóttur.“ *Nærmynd af Nóbelskálði. Hallór Kiljan Laxness í augum samtímamanna*. Ritstj. Jón Hjaltason. Akureyri: Hólar, 2000.

Bjarki Bjarnason. „Hannes og Halldór.“ *Morgunblaðið* 30. desember 2003.

Björn Þór Vilhjálmsson. „Skáldatími.“ *Morgunblaðið* 16. desember 2003. Blað B.

Edda Andrésdóttir. *Á Gljúfrasteini. Edda Andrésdóttir ræðir við Auði Sveinsdóttur Laxness*. Reykjavík: Vaka, 1984.

144 „Ég gerði ekkert óheiðarlegt, framdi engan ritstuld,“ bls. 27, dálkur 4. Það er athyglisvert að Hannes notar hér dritmyndmál úr frægri goðsögn um skáldamjöðinn sem Óðinn stal og ætlaði að fljúga með inn í Ásgarð. Á leiðinni var honum svo hætt komið að hann „sendi aptr suman mjöðinn, hafði þat hverr er vildi, ok köllum vér þat skáldfífla hlut“. *Edda Snorra Sturlusonar*, bls. 117.

145 „Ég gerði ekkert óheiðarlegt, framdi engan ritstuld,“ bls. 27, dálkur 4.

- Edda Snorra Sturlusonar*. Finnur Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1907.
- Eggert Ásgeirsson. „Samfélagið í Tjarnargötu eftir aldamót.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 20. og 27. mars 1993.
- Egill J. Stardal. „Esja og nágrenni.“ *Þættir um nágrenni Reykjavíkur. Árbók Ferðafélags Íslands* 1985.
- Einar Sigurðsson. „Afhending handrita Halldórs Laxness.“ *Ritmennt. Ársrit Landsbókasafns – Háskólabókasafns* 2, 1997.
- Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi*. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1984.
- Gauti Kristmannsson. „Plagiat sem aðferð og hefð við Háskóla Íslands?“ *Morgunblaðið* 14. janúar 2004.
- Gauti Kristmannsson. „Úr Innansveitarkroniku Laxness.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 17. janúar 2004.
- Gibaldi, Joseph. *MLA Style Manual and Guide to Scholarly Publishing*. Önnur útgáfa. New York: Modern Language Association of America, 1998.
- Gísli H. Kolbeins. „Gagnfræðingurinn.“ *Ritmennt. Ársrit Landsbókasafns – Háskólabókasafns* 7, 2002.
- Guðbrandur Jónsson. *Innan um grafir dauðra og aðrar greinar*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1938.
- Guðmundur G. Hagalín. *Hrævareldar og himinljómi. Séð, heyrt og lifað*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1955.
- Guðrún Guðlaugsdóttir. „Hún hefur augun hans Dóra! Guðrún Guðlaugsdóttir ræðir við Maríu Halldórsdóttur.“ *Nærmynd af Nóbelskáldi. Halldór Kiljan Laxness í augum samtímamanna*. Ritstj. Jón Hjaltason. Akureyri: Hólar, 2000.
- H. Thorlacius. „Hótel Ísland.“ *Gesturinn. Tímarit um veitingamál* 4/1952.
- Peter Hallberg. „Heiðin. Fyrsta uppkastið að skáldsögunni Sjálfstætt fólk.“ *Tímarit Máls og menningar* 3/1955.
- Hallberg, Peter. *Hús skáldsins. Um skáldverk Halldórs Laxness frá Sölku Völku til Gerplu*. I-II. Helgi J. Halldórsson þýddi úr sænsku. Reykjavík: Mál og menning, 1970–1971.
- Hallberg Peter. *Skaldens hus. Laxness' diktning från Salka Valka till Gerpla*. Stockholm: Rabén & Sjögren, 1956.
- Hallberg, Peter. *Den store vävaren. En studie i Laxness' ungdomsdiktning*. Stockholm: Rabén & Sjögren, 1954.
- Hallberg, Peter. *Vefarinn mikli. Um æskuskáldskap Halldórs Kiljans Laxness*. I-II. Björn Th. Björnsson og Jón Eiríksson þýddu úr sænsku. Reykjavík: Mál og menning, 1957–1960.
- Halldór Guðmundsson. „Halldór í Hollywood. Kvikmyndahandritið Salka Valka birt í fyrsta sinn.“ *Tímarit Máls og menningar* 1/2004.
- Halldór Guðmundsson. „Loksins, loksins.“ *Vefarinn mikli frá Kasmír og upphaf íslenskra nútímabókmennta*. Reykjavík: Mál og menning, 1987.
- Halldór Guðmundsson. „Skrýtnastur af öllu er maður sjálfur. Um minningasögur Halldórs Laxness.“ *Halldórsstefna*. Ritstj. Elín Bára Magnúsdóttir og Úlfar Bragason. Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals, 1993.
- Halldór Laxness. *Af menningarástandi*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1986.

- Halldór Laxness. *Alþýðubókin*. Reykjavík: Jafnaðarmannafélag Íslands, 1929.
- Halldór Laxness. „Barnblaðið Sólskin“. *Æskan* 6/1916.
- Halldór Laxness. *Brekkukotsannáll*. Reykjavík: Helgafell, 1957.
- Halldór Laxness. *Dagar hjá múnkum*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1987.
- Halldór Laxness. *Dagleið á fjöllum*. Reykjavík: Heimskringla, 1937.
- Halldór Laxness. „Ég er brott frá þér bernska.“ *Óðinn* 1-6/1924.
- Halldór Laxness. „Formáli að Nokkrum sögum.“ *Þættir*. Reykjavík: Helgafell, 1954.
- Halldór Laxness. „Frá Sikiley.“ *Morgunblaðið* 29. júlí 1925.
- Halldór Laxness. *Grikklandsárið*. Reykjavík: Helgafell, 1980.
- Halldór Laxness. *Guðsgjafapula*. Reykjavík: Helgafell, 1972.
- Halldór Laxness. *Heiman eg fór*. Reykjavík: Helgafell, 1952.
- Halldór Laxness. *Heimsljós I (1937-1938)*. Önnur útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1955.
- Halldór Laxness. *Í túninu heima*. Reykjavík: Helgafell, 1975.
- Halldór Laxness. *Íslandsklukkan (1943-1946)*. Önnur útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1957.
- Halldór Laxness. *Kvæðakver*. Reykjavík: Acta, 1930.
- Halldór Laxness. *Kvæðakver*. Önnur útgáfa aukin. Reykjavík: Helgafell, 1949.
- Halldór Laxness. „Maríukvæði.“ *Morgunblaðið* 16. desember 1955. Blað B.
- Halldór Laxness. *Nokkerar sögur*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1923.
- Halldór Laxness. *Og árin líða*. Reykjavík: Helgafell, 1984.
- Halldór Laxness. *Reisubókarkorn*. Reykjavík: Helgafell, 1950.
- Halldór Laxness. *Salka Valka (1931-1932)*. Þriðja útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1959.
- Halldór Laxness. *Sjálfstætt fólk (1934-35)*. Önnur útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1952.
- Halldór Laxness. *Sjömeistarasagan*. Reykjavík: Helgafell, 1978.
- Halldór Laxness. *Sjöstafakverið*. Reykjavík: Helgafell, 1964.
- Halldór Laxness. *Skáldatími*. Reykjavík: Helgafell, 1963.
- Halldór Laxness. „Sólskinsbörn. Kveðjusending frá landa ykkar og vini austur á Íslandi.“ „Sólskin, barnblað Lögbergs.“ *Lögberg* 15. júní 1916.
- Halldór Laxness. „Um ilm og ljóma (Minning jólanætur í klaustri).“ *Alþýðublaðið* 24. desember 1924.
- Halldór Laxness. *Undir Helgahnúk (1924)*. Önnur útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1967.
- Halldór Laxness. *Úngur eg var*. Reykjavík: Helgafell, 1976.
- Halldór Laxness. *Vefarinn mikli frá Kasmír (1927)*. Þriðja útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1957.
- Halldór Laxness. *Vettvángur dagsins*. Reykjavík: Heimskringla, 1942.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson. „Ein fjöður orðin að fimm hænum.“ *Morgunblaðið*, 15. janúar 2004.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson. „Ég gerði ekkert óheiðarlegt, framdi engan ritstuld.“ *Morgunblaðið* 9. janúar 2004.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson. „Greinargerð frá Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni lögð fram á blaðamannafundi 8. janúar 2004.“ *Morgunblaðið* 9. janúar 2004.

- Hannes Hólmsteinn Gissurarson. *Halldór 1902-1932. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2003.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson. „Sagnfræði og sagnlist.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 17. janúar 2004.
- Hannes Pétursson. *Bókmenntir*. Alfræði Menningarsjóðs. Reykjavík: Menningar-sjóður, 1972.
- Helga Kress. „Fyllt í gap.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 27. desember 2003.
- Helga Kress. „Ilmanskógar betri landa. Um Halldór Laxness í Nýja heiminum og vesturfaraminnið í verkum hans.“ *Ritmennt. Ársrit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns* 7, 2002. Sérútgáfa: *Þar ríkir fegurðin ein. Öld með Halldóri Laxness*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2002. [Endurpr. í þessu riti].
- Jakob Jóh. Smári. „Ritfregnir.“ *Skírnir* 1920.
- Jónas Magnússon. „Hjónin í Laxnesi.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 2. og 9. apríl 1967.
- Magnús Á. Árnason. *Gamanþættir af vinum mínum*. Reykjavík: Helgafell, 1967.
- Mallon, Thomas. *Stolen Words. The Classic Book on Plagiarism*. New York: Ticknor & Fields, 1989.
- Margrét Benedictsson. „Opið bréf til Hkr.“ *Heimskringla* 31. desember 1930.
- Martin, Brian. „Plagiarism: A Misplaced Emphasis.“ *Journal of Information Ethics* 2/1994.
- Matthías Johannessen. „Málþing um Guðsgjafabúlu.“ Greinar I og VIII. *Morgunblaðið* 7. og 15. desember 1973.
- Ólafur Ragnarsson. *Halldór Laxness – Líf í skáldskap*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2002.
- Óskar Halldórsson. „Kvæðakver.“ *Sjö erindi um Halldór Laxness*. Ritstj. Sveinn Skorri Höskuldsson. Reykjavík: Helgafell, 1973.
- „Reykjavíkurbréf.“ *Morgunblaðið* 21. desember 2003.
- Sigurður Briem. *Minningar*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1944.
- Sigbrúður Gunnarsdóttir. „Leitin að upptökum Nílar. Um minningabækur Halldórs Laxness.“ *Tímarit Máls og menningar* 2/1988.
- Simonsen, Konrad. *Tusind og eet Liv. En Bekendelse*. København, 1926.
- Símon Steingrímsson. „Hannes tekur til láns.“ *Morgunblaðið* 21. janúar 2004.
- Snær svinni. „Á afmæli keisarans.“ *Landið* 13. apríl 1917.
- Snær svinni. „Ljóðmæli.“ *Morgunblaðið* 13. júní 1916.
- Snær svinni. „Seifur.“ *Dýraverndarinn* 5/1918.
- Sveinbjörn I. Baldvinsson. „Í túninu heima. Rætt við Þorstein Magnússon frá Mosfelli leikbróður Halldórs Laxness.“ *Morgunblaðið* 22. apríl 1982.
- Sverrir Hermannsson. „Utansveitarkronika.“ *Morgunblaðið* 19. janúar 2004.
- Sønderholm, Erik. *Halldór Laxness. En monografi*. København: Gyldendal, 1981.
- Thor Vilhjálmsson. *Hvað er San Marino?* Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1973.
- Valtýr Stefánsson. „Svo kvað Tómas. Molar frá einni næturstund.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, júlalablað 1942. [Viðtal við Tómas Guðmundsson].
- Vísnaðabókinn*. Vísurnar valdi Símon Jóh. Ágústsson. Fimmta útgáfa. Reykjavík: 1973.
- Zweig, Stefan. *Veröld sem var. Sjálfsævisaga*. Halldór Jónsson og Ingólfur Pálmason íslenskuðu. Reykjavík: Menningarsjóður, 1958.

Netheimildir

Harris, Robert. „Anti-Plagiarism Strategies for Research Papers.“ www.virtualsalt.com/antiplag.htm.

Helga Kress. Eftir hvorn? Skýrsla um meðferð texta og tilvitnana í bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, *Halldór. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness 1902-1932*. <http://www.hi.is/~helga> (undir vefrit).

„Plagiarism.“ *HNN (History News Network)*. www.hnn.us

„Plagiarism: Its Nature and Consequences.“ *Guide to Library Research*. <http://library.duke.edu/research/citing/plagiarism.html>.

Saga, 2004

Summary

In Others' Tongues

Methods and Work Practices in a Biography of Halldór Laxness

This article originates in a report prepared for the University of Iceland's Ethics Committee. Subsequently it was later presented as the main evidence in the Laxness family's lawsuit against Hannes Hólmsteinn Gissurarson, professor of political science, at the University of Iceland. In 2008 Iceland's Supreme Court found him guilty of plagiarism and sentenced him to pay the Laxness estate three million kronas in damages. Prof. Gissurarson has faced no disciplinary action by the University of Iceland.

Halldór 1902-1932, published in 2003, generated an intensive discussion. The first of a new three-volume Laxness biography by prof. Hannes Hólmsteinn Gissurarson was instantly nominated for that year's much-coveted Icelandic Literary Prize in the category non-fiction. It was also highly praised by the country's largest newspaper, the conservative *Morgunblaðið*, calling it a pioneering work and praising its author for his "impeccable method" and "excellent work practices".

Yet a detailed examination of *Halldór 1902-1932* (more than 600 pages), shows that it is plagiarized from beginning to end. The book is simply a compilation of quotations and passages that prof. Gissurarson has lifted from numerous authors, ranging from novelists to scholars. This bounty is presented as an original text, either by employing the copy-and-paste method or by paraphrasing, with minimal changes in wording or structure. Most of the material comes from the Laxness's own autobiographical descriptions, which prof. Gissurarson extracts and proffers as his own observations. He uses events in Laxness's novels as empirical material regarding details about the novelist's life. Furthermore, the

ÓÐARFAR UNNUSTUR

“scholarship” amounts to an appropriation, often verbatim, of the research and findings of at least twenty authors and scholars without proper acknowledgment. The same holds for manuscripts and letters which have been mined ruthlessly. Whole chapters are lifted from the writings of the Swedish scholar Peter Hallberg and shuffled into the book. The plagiarism is systematic, deliberate, and so extensive as to be unprecedented both in the Icelandic academic community and internationally.